FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

228. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 28. SEPTEMBER 2017



Meira en 800 manns skráðu sig á fund Icelandair á Hilton Nordica Hóteli í gær. Þar fór fram kynningarfundur fyrir þá sem hafa áhuga á að kynna sér nýja námsleið á vegum Icelandair. Upphaflega stóð til að halda fundinn í þjálfunarsetri Icelandair, sem staðsett er í Hafnarfirði. En vegna fjölda þátttakenda var ákveðið að færa fundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Eignir kyrrsettar og Azazo í gjörgæslu

**Lífeyrissjóðir og íslenska ríkið eru hluthafar í hugbúnaðarfyrirtækinu Azazo sem rambar nú á barmi gjaldþrots. Forstjórinn fyrrverandi hefur stefnt félaginu eftir að ráðningarsamningi við hana var rift. Hafnar ásökunum stjórnarinnar sem hún hefur deilt við í þrjú ár.**

**VIÐSKIPTI** Eignir hugbúnaðarfyrirtækisins Azazo, sem er meðal annars í eigu lífeyrissjóða og áhættufjárfestingarsjóðs í eigu íslenska ríkisins, hafa verið kyrrsettar og rambar það á barmi gjaldþrots.

Brynja Guðmundsdóttir, fyrrverandi forstjóri og stofnandi Azazo, fór fram á kyrrsetninguna og hefur stefnt félaginu fyrir dómstóla eftir að ráðningarsamningi hennar var rift í kjölfar mikilla deilna á milli hennar og stjórnarmanna. Hún fór fram á kyrrsetninguna vegna launakröfu sem hún segist eiga upp á 65 milljónir króna. Tap Azazo í fyrra nam 633 milljónum króna.

„Félagið stendur mjög illa. Þetta er löng saga í samskiptum á milli stofnanda og stjórnar í gegnum tíðina sem hefur ekki gengið átakalaust fyrir sig,“ segir Friðrik Friðriksson, stjórnarformaður Azazo og fulltrúi stærsta hluthafa fyrirtækisins, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins (NSA), í stjórn þess.



Brynja Guðmundsdóttir, fyrrverandi forstjóri Azazo

Ráðningarsamningi Brynju, næststærsta hluthafa Azazo, var rift 6. júlí. Velta fyrirtækisins á fyrri helmingi þessa árs hafði þá lækkað um 33 prósent samanborið við sama tímabil í fyrra og fjárhagsstaðan versnað umtalsvert. Stjórn Azazo telur Brynju hafa haldið eftir upplýsingum um raunverulega stöðu fyrirtækisins og fegrað bókhald þess. Þessu hafnar hún alfarið. Hlutafé félagsins var nýverið lækkað og stjórnin vinnur að skuldabréfaútgáfu í von um að fá inn fjármagn.

„Ég er eini hluthafinn með ábyrgðir, það er að segja í ábyrgð fyrir yfirdráttarskuld fyrirtækisins, og ég er búin að reyna ítrekað síðustu ár að fá stjórnina til að losa mig undan henni eða aðrir hluthafar beri þær byrðar með mér. Þegar samningnum var rift fékk ég ekki greitt uppsafnað orlof eða þá daga sem ég hafði unnið í júlí. Ég tók tugi milljóna króna í lán og setti inn í fyrirtækið og skuldsetti mig í botn til að bjarga því, og hef hafnað öllum ásökunum stjórnarinnar og tel uppsögnina ólögmæta,“ segir Brynja. **– hg /** **sjá síðu 12**

## Umferðarslys kosta milljarða

**SAMGÖNGUR** Samfélagslegur kostnaður af umferðarslysum á helstu stofnæðum í kring um höfuðborgarsvæðið nam tæpum 16 milljörðum á árunum 2012 til 2016. Þetta kemur fram í skýrslu starfshóps um fjármögnun framkvæmda við helstu stofnleiðir til og frá höfuðborgarsvæðinu. Formaður starfshópsins segir að með tölunum megi glöggva sig á hversu lengi umbætur á vegunum yrðu að borga sig upp.

Starfshópurinn kynnir skýrslu sína á Samgönguþingi í dag. Heildarfjárfesting framkvæmdanna sem starfshópurinn leggur til að ráðist verði í á Suðurlandsvegi, Vesturlandsvegi og Reykjanesbraut nemur 56 milljörðum króna og mun hópurinn einnig kynna hugmyndir að fjármögnun framkvæmda með veggjöldum. **– aá /** **sjá síðu 4**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Lilja Alfreðsdóttir skrifar um virðisaukaskatt á bækur. 14

**SPORT** Blikar geta rænt titlinum af Þór/KA í lokaumferðinni í dag. 12

**MENNING** Kvenfólk – sagnfræði og söngur á Akureyri. 32

**LÍFIÐ** Bubbi Morthens er hrifinn af rapplaginu B.O.B.A en það er innblásið af mismælum hans. 46




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● EININGAHÚS**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Suðaustan 5-13 og rigning um landið norðan- og austanvert framan af degi, en annars hægari norðlæg átt og skýjað. Breytileg átt, 3-8 og þurrt um mest allt land um kvöldið. SJÁ SÍÐU 28

# Sauðfé bjargað úr háska




Gríðarleg úrkoma hefur verið á Suðausturlandi og Austfjörðum undanfarna daga. Það varð til þess að þjóðveginum var lokað við Hornafjörð og var gert ráð fyrir að hann yrði opnaður aftur í dag. Björgunarsveitarmenn þurftu að sigla um tún til að bjarga sauðfé frá drukknun. Hátt í hundrað kindum var bjargað á Héraði. Lögreglan á Suðurlandi opnaði í gær aðstöðu fyrir ferðalanga sem komust ekki leiðar sinnar. MYND/AGNAR BENEDIKTSSON

## Aðgerðir gegn vinnumansali

**ATVINNULÍF** Átak gegn ólöglegri atvinnustarfsemi stendur nú yfir í umdæmum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og lögreglunnar á Suðurnesjum. Markmið átaksins er að ganga úr skugga um hvort einhverjir atvinnurekendur séu með fólk í vinnu án tilskilinna leyfa. Jafnframt er lagt mat á lögmæti dvalar útlendings, svo og athugað hvort lögbundnar skatt- og gjaldgreiðslur séu til staðar.

Að verkefninu koma lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, lögreglan á Suðurnesjum, Ríkisskattstjóri, Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun.

Í tilkynningu frá lögreglunni segir að atvinnurekendur geti því gert ráð fyrir að fyrirtæki þeirra verði sótt heim af fulltrúum ofangreindra stofnana án fyrirvara. – jhh

## Allir fái jafn góða fiskistauta

**NEYTENDUR** Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, ESB, kveðst ósáttur við að sums staðar í Evrópu séu gæði matarins sem er til sölu minni en í öðrum löndum þótt um sé að ræða nákvæmlega eins umbúðir. Grípa verði til aðgerða vegna þessa.

Fulltrúi neytendamála hjá ESB, Vera Jourová, segir margar kvartanir hafa komið frá neytendum sem hafa tekið eftir því að gæði kaffidrykkjarins eða fiskstauta sem þeir kaupa heima hjá sér séu minni en hinum megin við landamærin. Til dæmis sé minna af fiski í fiskstautunum. – ibs



Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar ESB

## Eitt staðfest tilvik um smygl

**SAMFÉLAG** Eitt staðfest tilvik hefur komið upp um smygl á fólki hér á landi í tengslum við umsókn um alþjóðlega vernd. Þar var fjórtán ára barn á ferð með einstaklingi sem var barninu algerlega ótengdur.

Málið var tilkynnt til lögreglu og Héraðsdómur Reykjaness dæmdi erlendan karlmann fyrir smygl árið 2015.

Útlendingastofnun metur það svo að allar breytingar á útlendingalögum sem benda til þess að börn eða fjölskyldur geti fengið betri málsmeðferð eða niðurstöðu varðandi umsókn um alþjóðlega vernd geti aukið hættuna á mansali eða smygli á börnum.

Breytingar á lögum sem voru gerðar á Alþingi áður en þinginu var slitið í fyrrakvöld eigi við afmarkaðan hóp barna, sem lágmarki þó líkurnar á mansali. – kbg




# Urða frekar úrgang en að nýta hann í moltu

Óskað er eftir undanþágu frá starfsleyfi fyrir urðunarstað við Blönduós. Aukinn sláturúrgangur orsakar að urða þarf meira en leyfilegt er á staðnum þetta árið. Framkvæmdastjóri Moltu í Eyjafirði segir ódýrara að urða en búa til moltu.

**UMHVERFISMÁL** Urðunarstaðurinn Stekkjarvík við Blönduós mun á næstu dögum óska eftir undanþágu á starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Telja forsvarsmenn urðunarstaðarins að þeir fari yfir leyfilegt magn úrgangs til urðunar í ár vegna aukins sláturúrgangs sem þeir urða á staðnum.

Urðunarstaðurinn hefur leyfi til að urða allt að 21.000 tonn árlega. Árið 2014 voru um 16 þúsund tonn urðuð á staðnum svo magnið hefur aukist gríðarlega síðustu ár. Mestmegnis er það sláturúrgangur. Árið 2012 var bætt við urðunarhólfi fyrir sláturúrgang og dýrahræ en sá úrgangur er urðaður sérstaklega.

Fannar Viggósson, verkstjóri urðunarstaðarins, segir tvær meginskýringar á því að þörf sé á undanþágu frá Umhverfisstofnun. Annars vegar hendi einstaklingar meiru en þeir gerðu hér áður fyrr, sem er merki um uppsveiflu í einkaneyslu, og hins vegar að tekið sé við sorpi og úrgangi frá stærra svæði. Upptökusvæði sorps sem tekið er á móti í Stekkjarvík er allt Norðurland að mestu leyti. Allt frá Húnaþingi vestra austur í Norðurþing.

„Við erum til að mynda að taka sláturúrgang frá stærstu sláturhúsum Norðurlands og það fellur til afar mikið af sláturúrgangi frá þessum stóru aðilum. Við tökum síðan á móti efni allt frá Húsavík og því er þetta farið að stækka hjá okkur. Þegar við fengum starfsleyfið átti þetta að vera feikinóg en annað hefur komið á daginn,“ segir Fannar.

Kristján Ólafsson, framkvæmdastjóri Moltu í Eyjafirði, segist geta tekið við öllum þeim sláturúrgangi sem fellur til á Norðurlandi. Það sé hins vegar þannig að það sé ódýrara fyrir fyrirtækin að láta urða úrganginn en að búa til moltu úr honum. Hið síðarnefnda er þó mun umhverfisvænna í alla staði.



Urðunarstaður Stekkjarvíkur er í landi Sölvabakka. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**»» Tvær meginskýringar eru sagðar á því að undanþágu þurfi fyrir urðunarstaðinn frá Umhverfisstofnun. Annars vegar hendi einstaklingar meiru vegna aukinnar einkaneyslu. Hins vegar er verið að taka við úrgangi frá stærra svæði.**

Hægt er að vinna mikið magn moltu úr lífrænum úrgangi sem nýtist vel við landgræðslu hvers konar. Landsvirkjun hefur til að mynda nýtt moltu til að bæta kolefnisspor sitt. Einnig hefur Landgræðslan og Skógrækt ríkisins notað moltu með mjög góðum árangri.

sveinn@frettabladid.is

BOSS
HUGO BOSS

SAND
COPENHAGEN

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI
collezione

MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)



# Brýnt að ná góðum tengslum við breska ráðamenn

**UTANRÍKISMÁL** Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra hélt ávarp í gær við opnun breskrar hugveitu sem ber heitið Stofnun frjálsra viðskipta.

Hann átti við það tækifæri tvíhliða fund með Liam Fox, sem er ráðherra yfir málum milliríkjaviðskipta í bresku ríkisstjórninni. „Það sem við vorum að ræða var tvíhliðasamskipti Íslands og Bretlands við útgöngu Breta úr Evrópusambandinu,“ segir hann.

Guðlaugur Þór segir þetta hafa verið forgangsmál hjá utanríkisráðuneytinu frá því að Bretar samþykktu að ganga úr Evrópusambandinu. „Enda er þetta næstmikilvægasta viðskiptaland okkar Íslendinga á eftir Bandaríkjunum. Við höfum lagt mikið upp úr því að ná góðum tengslum við breska ráðamenn og sömuleiðis æðstu embættismenn og þetta er bara liður í því,“ segir Guðlaugur Þór.


Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra

Breskir fjölmiðlar segja hugveituna vera nokkurs konar samfélag harðlínu Brexit-sinna. Guðlaugur Þór segist ekki taka afstöðu til breskra stjórnmála. „Boris Johnson bauð mér á þennan fund en það er ekki þar með sagt að ég sé að taka einhverja afstöðu í einhverjum málum innan breska Íhaldsflokksins. Það er mikil umræða um Brexit hérna í Bretlandi en ég er ekki að taka þátt í þeim umræðum og það var ekki til umræðu á þessum fundum.

Hann segir heimsóknina vera lið í að undirbúa samskipti ríkja eftir Brexit. „Ég er búinn að hitta alla þá ráðherra sem að þessum málum koma hjá Bretum en ég átti eftir að hitta Liam Fox,“ segir Guðlaugur Þór. Það hafi staðið til í nokkurn tíma og þetta verið gott tilefni. **– jhh**


**Forystumenn í Kópavogi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Ásökun um ofbeldi með fundartækni

**KÓPAVOGUR** „Tillögu um lýðræðisumbætur í bæjarstjórn er hér vísað frá með fundartæknilegu ofbeldi,“ segir í bókun fulltrúa minnihlutans í bæjarstjórn Kópavogs.

„Hér ákveður meirihluti bæjarstjórnar að taka ekki umræðuna, taka ekki afstöðu og brjóta því með yfirgengilegum hætti lýðræðislegar leikreglur,“ sagði minnihlutinn.

Málið varðar tillögu um fjölgun bæjarfulltrúa. „Við vinnu á þessum breytingum á bæjarmálasamþykkt var ákveðið, af öllum í bæjarstjórn, að fjölga ekki bæjarfulltrúum,“ bókaði meirihlutinn sem kveður tillögu um málið vera rof á sáttaferli. „Því er hafnað að hér sé verið að beita fundartæknilegu ofbeldi. Umræða fór fram í bæjarráði, forsætisnefnd og bæjarstjórn.“ **– gar**

## Vilja brú yfir Breiðholtsbraut

**SAMGÖNGUR** Samgöngudeild umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar leggur til að göngubrú á ljósum yfir Breiðholtsbraut við Norðurfell verði fjarlægð. Í staðinn verði gerð göngu- og hjólabrú yfir Breiðholtsbrautina. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti þessar fyrirætlanir á fundi í gær með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. **- jhh**

# Kostnaður af umferðarslysum nemur milljörðum króna

**Kostnaður samfélagsins sem hlýst af umferðarslysum á helstu stofnæðum út frá Reykjavík nemur mörgum milljörðum króna. Það er meðal annars kostnaður vegna starfa lögreglu, slökkviliðs og sjúkraflutningamanna. Rætt verður um samgöngubætur á suðvesturhorninu á umferðarþingi sem fram fer á Selfossi í dag.**

**SAMGÖNGUMÁL** Kostnaður samfélagsins sem hlaust af umferðarslysum á helstu stofnæðum út frá höfuðborgarsvæðinu var tæpir 16 milljarðar á árunum 2012 til 2016.

Á leiðinni milli Reykjavíkur og Selfoss nam áætlaður kostnaður vegna slysa á sama tímabili rúmlega sex milljörðum króna. Á leiðinni milli Reykjavíkur og Leifsstöðvar var kostnaðurinn áætlaður fimm og hálfur milljarður og umferðarslys á milli Reykjavíkur og Borgarness kostuðu rúmlega fjóra milljarða.

Tölurnar byggja á gögnum úr slysaskrá Samgöngustofu og voru teknar saman fyrir starfshóp um fjármögnun framkvæmda við helstu stofnleiðir til og frá höfuðborgarsvæðinu. Starfshópurinn kynnir skýrslu sína og helstu tillögur á Samgönguþingi í dag.

„Þessar tölur byggja á aðferðafræði sem áætlar kostnað samfélagsins frekar varlega,“ segir Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður starfshópsins, en lætur þess getið að hægt sé að velja fleiri en eina leið til að meta þennan kostnað en skiptar skoðanir séu um aðferðafræðina.

Tölurnar ná yfir kostnað vegna starfa lögreglu, slökkviliðs og sjúkraflutningamanna og kostnað vegna eignatjóns, sjúkrahúskostnað, vinnutap og þess háttar. Tölurnar ná hins vegar ekki yfir óáþreifanlegt tjón vegna tapaðrar verðmætasköpunar sem einstaklingur hefði stuðlað að, hefði hann verið við fulla heilsu út lífttímann.

Aðspurður um áhugann á þessum tölum segir Eyjólfur að með þeim megi áætla hvað umbætur á þessum stofnæðum gætu verið lengi að borga sig upp. „Ef við gætum helmingað þessa slysatíðni með betri vegum gætu framkvæmdirnar borgað sig upp á þrjátíu árum út frá þessum þætti einum og sér,“ segir Eyjólfur.

Starfshópurinn kynnir niðurstöður sínar á Samgönguþingi í dag en þær fela í sér tillögur um framkvæmdir á þessum helstu stofnæðum. Áætluð heildarfjárfesting er 56 milljarðar með virðisaukaskatti og mun starfshópurinn leggja til að veggjöld verði innheimt í einhverjum tilvikum.

„Við erum að leggja til framkvæmdir sem við teljum raunhæft að ljúka á átta árum og setjum fram mat á því af hvaða stærðargráðu þetta gæti verið og hugmyndir að raunhæfri gjaldtöku.“

Aðspurður segir Eyjólfur Sundabraut ekki hafa verið til umræðu í þessari vinnu, þar sé of margt óunnið. **adalheidur@frettabladid.is**

### Kostnaður samfélagsins af umferðarslysum á árunum 2012 til 2016

**Heimild:** Slysaskrá Samgöngustofu




**Hugmyndir að raunhæfri gjaldtöku verða kynntar á Samgönguþingi í dag.**


Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður starfshópsins




# Enn er óskipað í fimmtán skólanefndir

**STJÓRNSÝSLA** Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra, á eftir að skipa í skólanefndir 15 skóla af 27. Frá því að nýr ráðherra tók við í byrjun árs hefur verið skipað í tólf nefndir. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er ástæða þess að ekki hefur verið skipað í fleiri nefndir sú að tilnefningaferlið hefur dregist á langinn enda sé um umfangsmikið verk að ræða.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla skipar ráðherra sex fulltrúa í hverja nefnd, samtals 162 aðila. Gert er ráð fyrir að fullskipað verði í nefndirnar á næstu vikum.

Enn á eftir að skipa í skólanefndir eftirtalinna framhaldsskóla: Menntaskólans á Ísafirði, Flensborgarskólans í Hafnarfirði, Menntaskólans við Hamrahlíð, Framhaldsskólans í Mosfellsbæ, Fjölbrautaskóla Snæfellinga, Fjölbrautaskólans í Breiðholti, Borgarholtsskóla, Menntaskólans í Kópavogi, Menntaskólans við Sund, Menntaskólans á Egilsstöðum, Kvennaskólans í Reykjavík, Fjölbrautaskóla Vesturlands, Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu, Menntaskólans á Tröllaskaga og Verkmenntaskóla Austurlands. **– jhh**


**Kristján Þór Júlíusson varð mennta- og menningarmálaráðherra í janúar.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Í öllum 27 skólunum eru samtals 162 nefndarmenn, en sex nefndarmenn sitja í hverri nefnd.**

# OFURHELGI

## í TOYS"R"US

**29. SEPTEMBER TIL 1. OKTÓBER.**
**AUK HUNDRUÐA VINSÆLLA VÖRUMERKJA Á LÁGU VERÐI, ÞÁ MUNUM VIÐ BJÓÐA UPPÁ:**

# 1.300 kr Í AFSLÁTT

## á kaupum yfir 6.500 kr.

**Við tryggjum lægsta verðið á ÖLLU!**
**Ef þú finnur sömu vöruna ódýrari annarsstaðar, færðu hana á því verði hjá okkur!***

*www.toysrus.is/prismatch

Toys"R"Us

www.toysrus.is

Tilboðið gildir frá 29.09 til 01.10

## Rafbílavæðing í furstadæmi

**DÚBAÍ** Yfirvöld í Dúbaí, sem er eitt Sameinuðu arabísku furstadæmanna þar sem er gnótt olíu, hyggjast nú hvetja landsmenn til að kaupa rafbíla. Stefnt er að því að tvö prósent bílaflotans verði rafknúin árið 2020 og tíu prósent árið 2030.

Rafbílaeigendur fá meðal annars að sleppa við skráningargjöld, aka án endurgjalds á þjóðvegum og leggja frítt á 40 stöðum í borginni Dúbaí. Auk þess munu þeir geta hlaðið bílana án endurgjalds á 100 hleðslustöðvum til ársloka 2019. Allir sem byggja nýtt verða auk þess að gera ráð fyrir aðstöðu til að hlaða rafbíla. – ibs

**» Stefnt er að því að tvö prósent bílaflotans verði rafknúin árið 2020.**

## Verðbólgan í 1,4 prósentum

**EFNAHAGSMÁL** Síðustu tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 1,4 prósent en vísitalan án húsnæðis hefur lækkað um 3,1 prósent.

Það er sérstaklega hækkun húsnæðisverðs og lok útsala sem knúði verðbólguna áfram í september en á móti vegur hressileg lækkun flugfargjalda til útlanda og verðlækkun á mat og drykkjarvörum. – jhh

## Flottustu snekkjur heims í Mónakó



Snekkjusýningin í Mónakó hófst í gær. Það er árleg kaupstefna með nýjustu og flottustu snekkjurnar sem finnast í heiminum. Talið er að verðmæti þeirra snekkja sem sýndar eru á sýningunni í ár nemi um 4,5 milljörðum evra, eða sem samsvarar um 570 milljörðum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sáttagreiðsla ódýrari en dómstólaleiðin

**Forsvarsmenn Ríkisútvarpsins mátu það svo að staða þeirra fyrir dómi væri veik og hagstæðara væri að greiða Guðmundi Spartakusi Ómarssyni 2,5 milljónir króna til að losna við meiðyrðamál hans. RÚV hefur ekki áður greitt fyrir að ljúka málum utan dómstóla.**

**FJÖLMIÐLAR** Forsvarsmenn Ríkisútvarpsins mátu það svo að það væri fjárhagslega hagkvæmara fyrir stofnunina að greiða Guðmundi Spartakusi Ómarssyni 2,5 milljónir króna í miskabætur fremur en að láta reyna á fréttaflutning sinn fyrir dómstólum. Að sögn skrifstofustjóra Ríkisútvarpsins hefur stofnunin aldrei áður farið þá leið að greiða fyrir sátt vegna málshöfðunar.

Guðmundur Spartakus Ómarsson höfðaði meiðyrðamál gegn Ríkisútvarpinu vegna á þriðja tugs ummæla sem birtust í fréttum í maí í fyrra og vörðuðu meinta aðkomu Guðmundar að fikniefnaviðskiptum í Brasilíu og Paragvæ. Fréttir Ríkisútvarpsins byggðu á umfjöllun dagblaðsins ABC í Paragvæ og blaðamanni þess.

Guðmundur krafðist alls 10 milljóna króna í bætur frá Ríkisútvarpinu frá fjórum starfsmönnum og átti að taka málið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í vikunni.

Á mánudag barst fréttatilkynning frá Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni, lögmanni Guðmundar, þess efnis að samkomulag hefði náðst um málalok. Það fól í sér að Guðmundur félli frá kröfum sínum en fengi greiddan málskostnað og miskabætur sem Vísir upplýsti síðar að næmu 2,5 milljónum króna. Þessi sáttagreiðsla hefur verið harðlega gagnrýnd, meðal annars í ljósi þess að fjölmiðlamaðurinn Sigmundur Ernir Rúnarsson var nýverið sýknaður í héraðsdómi af kröfum Guðmundar vegna fréttaflutnings af sama máli.

**Þar var fallið frá hvers konar stefnukröfum á hendur stefndu málsins, þ.m.t. RÚV, að frumkvæði stefnenda.**



Margrét Magnúsdóttir, skrifstofustjóri Ríkisútvarpsins ohf.

Fréttablaðið leitaði skýringa á því hvers vegna Ríkisútvarpið hefði ákveðið að semja um greiðslu bóta í stað þess að láta reyna á málið fyrir dómstólum og hvort það hefði verið talið ódýrara fyrir stofnunina.

Margrét Magnúsdóttir, skrifstofustjóri Ríkisútvarpsins, segir í skriflegu svari við fyrirspurn blaðsins að vissulega byggi ákvörðunin á hagsmunamati.

„Almennt séð er það vissulega svo, og líkt og leiðir af eðli málsins, að þegar málum er lokið með samkomulagi, líkt og hér um ræðir, þá byggir slíkt á hagsmunamati, þ.m.t. lögfræðilegu- og fjárhagslegu."

Af þessum svari má ráða að forsvarsmenn Ríkisútvarpsins hafi metið það svo að staða þeirra fyrir dómi væri hugsanlega veik og því fjárhagslega hagstæðara að greiða 2,5 milljónir króna til að ljúka málinu utan dómstóla en að eiga á hættu að tapa því fyrir dómi og vera gert að greiða allt að 10 milljónir í skaðabætur.

Að sögn Margrétar er henni aðeins kunnugt um að einu sinni áður hafi Ríkisútvarpið samið um málalok utan dómstóla, en þar hafi ekki komið til greiðslu af neinu tagi.

„Þar var fallið frá hvers konar stefnukröfum á hendur stefndu málsins, þ.m.t. RÚV, að frumkvæði stefnenda og í því fólst eins og gefur að skilja engin greiðsla af neinu tagi." **mikael@frettabladid.is**




# Salatbar

## alltaf ferskur




**Pasta og núðlur:**
- Rautt pasta
- Hvítlauks pasta
- Villisveppa pasta
- Pasta með sólþurrkuðum tómötum
- Basilpestó pasta
- Núðlur í súrsætri sósu

**Salat:**
- Spínat
- Garðsalat
- Kínakálsblanda
- Klettasalat
- Romain salat

**Grænmeti:**
- Paprikublanda
- Gulrætur
- Rauðlaukur
- Rauðrófusalat
- Spergilkál
- Sæt kartöflumús
- Blómkálssalat
- Mangó hrásalat
- Asíublanda
- Rótargrænmeti
- Maíssalat
- Ferskt salsa

**Prótein:**
- Rifinn kjúklingur
- Steikt beikon
- Surimi salat
- Kjúklingabollur í Indverskri sósu
- Kjúklingabollur í salsasósu
- Túnfiskur
- Egg
- Kotasæla
- Fetaostur

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Getty bannar grennandi myndvinnslu

**TÆKNI** Myndabankinn Getty mun ekki lengur taka við ljósmyndum sem hafa verið unnar á þann hátt að fyrirsætur hafa verið gerðar grennri með aðstoð myndvinnsluforrita á borð við Photoshop.

Ákvörðunin var tekin í kjölfar nýrra franskra laga sem skylda útgefendur til að greina frá því ef átt hefur verið við ljósmyndir til að breyta líkama fyrirsætunnar.

Í tilkynningu frá Getty kemur fram að smávægilegar breytingar, svo sem á útbrotum, hárlit eða lögun nefs, séu enn í lagi. **– þea**

## Flokkarnir biðja um skilafrest

**STJÓRNMÁL** Viðreisn er eini flokkurinn á Alþingi sem skilað hefur ársreikningi fyrir árið 2016 til Ríkisendurskoðunar. Stjórnmálaflokkar hafa til 1. október næstkomandi til að skila inn ársreikningum sínum. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisendurskoðun hafa einhverjir þeirra óskað eftir fresti til að skila reikningum sínum sem embættið hefur engar heimildir til að veita.

Viðreisn skilaði ársreikningi sínum tímanlega í ágúst síðastliðnum en auk þeirra hefur Flokkur fólksins skilað inn reikningi sem er óyfirfarinn af Ríkisendurskoðun og óbirtur sem og flokkurinn Fólkið í bænum frá Garðabæ. **– smj**

# Grjótkrabbi dreifir sér hratt meðfram ströndum landsins

**Svo virðist sem útbreiðsla grjótkrabba sé með hraðara móti. Frá því hann fannst fyrst í Hvalfirði fyrir áratug hefur hann náð útbreiðslu til Eyjafjarðar. Hann á engan náttúrulegan óvin nema okkur mannfólkið. Góður til átu, að mati sérfræðings Náttúrustofu SV-lands.**



Grjótkrabbi fannst fyrst hér 2006. Upprunaleg heimkynni hans eru við austurströnd Bandaríkjanna. MYND/HALLDÓR PÁLL

**NÁTTÚRA** Grjótkrabbi, sem nam land fyrst í Hvalfirði árið 2006, hefur á undanförnum áratug náð útbreiðslu alla leið norður í Eyjafjörð. Hefur hann veiðst í sumar í Eyjafirði auk þess sem hann hefur sést undanfarin ár þegar kafað hefur verið á svæðinu. Grjótkrabbinn getur verið öðrum tegundum mikill skaðvaldur á hafsbotni við Íslandsstrendur.

Það var árið 2006 sem grjótkrabbi fannst fyrst hér við land en upprunaleg heimkynni hans eru við austurströnd Bandaríkjanna. Tegundin þar á sér náttúrulega óvini og er undirstöðufæða ameríkuhumarsins. Hins vegar á hann fáa sem enga náttúrulega óvini hér við land og fjölgar sér því hratt.

Sindri Gíslason, forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands, sér um rannsóknir á útbreiðslu grjótkrabbans. Hann segir þetta framandi lífveru í vistkerfi okkar og því sé fylgst náið með framvindunni.

„Til að mynda hefur hann fundist í miklum mæli á Breiðafirði undanfarið. Á sama tíma virðist hörpudiskurinn, sem er nytjastofn hér við land, eiga erfið ár. Því er áhugavert að sjá hvernig útbreiðsla og fjölgun grjótkrabbans mun hafa áhrif á erfiðan tíma hjá hörpudisknum.“

Tegundir sem nema land annars staðar eru fluttar meðvitað eða ómeðvitað af mannfólki, oftast nær með sjó í kjölfestuvatni skipa eða að dýrategundir festa sig við skip. „Talið er að á bilinu þrjú til tíu þúsund tegundir séu á degi hverjum fluttar milli svæða með þessum hætti þannig að hér er um að ræða mjög stórar tölur í þessu samhengi,“ segir Sindri.

Á aðeins áratug hefur krabbinn farið frá Hvalfirði og breiðst út í Breiðafirði og hefur veiðst á Vestfjörðum, í Húnaflóa, Skagafirði og í Eyjafirði. Ef áfram heldur sem horfir mun grjótkrabbinn nema allt norðausturhornið og austanvert landið á næstu árum.

„Grjótkrabbinn er alæta og ræðst á allt sem að kjafti kemur. Á meðan hann er mjög lítill er hann étinn af botnfiski og öðrum dýrum en þegar hann er kominn yfir vissa stærð hefur ekkert dýr hér við strendur roð við honum,“ bætir Sindri við að lokum.

sveinn@frettabadid.is



Við leitum að íslenskri list

Alþjóðlegt uppboð í desember

Um þessar mundir er mikil eftirspurn eftir íslenskri samtímalist frá 20. öldinni. Til að mæta þessari eftirspurn leitum við nú eftir verkum eftirfarandi listamanna með alþjóðlegt uppboð okkar í desember í huga:

Ásgrímur Jónsson, Jóhannes S. Kjarval, Svavar Guðnason, Júlíana Sveinsdóttir, Gunnlaugur Blöndal, Jón Stefánsson, Kristín Jónsdóttir, Ásmundur Sveinsson, Nína Tryggvadóttir, Sigurjón Ólafsson, Erró, Þorvaldur Skúlason, og fleiri.

*Ef frekari upplýsinga er þörf má hafa samband við Niels Boe-Hauggaard í +45 8818 1182 / nbh@bruun-rasmussen.dk eða Peter Beck í +45 8818 1186 / pb@bruun-rasmussen.dk*









BRUUN RASMUSSEN
KUNSTAUKTIONER

Sundkrogsgade 30
2150 Nordhavn, København
Tel +45 8818 1111

Søren Frichs Vej 34 D
8230 Åbyhøj, Aarhus
Tel +45 8818 1100

bruun-rasmussen.dk




# SNJALLASTUR

Ford Ka+ er snjall bíll með litríkan persónuleika sem skín í gegnum nýtt útlit hans með töffaralegu Ford grilli og rennilegum framljósum. Ford Ka+ er svo snjall að í honum getur þú með raddstýringu hringt og svarað símtölum, hlustað á sms skilaboð eða spilað uppáhalds tónlistina þína. Samhliða því upplifir þú svo frábæra akstursEiginleika, notagildi og Ford gæði.

VERÐ FRÁ:

**1.790.000** KR.

**LÆKKAÐ VERÐ!**

**26.473 kr.**
**á mánuði**

- Miðað við 90% Lykillán
- Kaupverð 1.790.000 kr.
- Útborgun 179.000 kr.
- Vextir 8,4%
- Lánstími 84 mánuðir
- Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,11%

**Útborgun í formi uppítökubíls er að sjálfsögðu möguleiki**

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Ka+***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Konur fagna afléttingu akstursbanns

**Gleði ríkti á meðal sádiarabískra kvenna í gær eftir að konungur leyfði þeim að keyra. Sádi-Arabía er síðasta ríkið til að heimila konum að aka bifreið. Baráttan fyrir akstursréttindum löng. Enn er þó langt í land og konur þykja kúgaðar á fjölmörgum sviðum samfélagsins.**

**SÁDI-ARABÍA** „Ég trúði þessu ekki. Ég fór bara að hlæja, hoppa og öskra. Þetta er mikill sigur,“ sagði Sahar Nassif, sádiarabísk baráttukona, í viðtali við BBC í gær en í fyrrinótt gaf Salman konungur tilskipun þess efnis að konum yrði heimilt að keyra bíla. Sagðist Nassif ætla að kaupa draumabílinn sinn af þessu tilefni, svartan og gulan Mustang blæjubíl.

Mikil fagnaðarlæti voru í Persaflóaríkinu vegna tíðindanna í gær. „Þetta er risavaxið skref fyrir konur. Það er frábært að sjá konur við stýrið, bæði bókstaflega og í táknrænni merkingu. Feðraveldið er hægt en örugglega að breytast í jafnréttisríki. Þetta er stórkostlegt. Þetta eru fyrstu skrefin í átt að frelsi,“ sagði hin 26 ára Sultana al-Saud í samtali við The Guardian í gær.

Manal al-Sharif, einn skipuleggjenda Women2Drive herferðarinnar, sem hefur jafnframt verið fangelsuð fyrir að setjast undir stýri í Sádi-Arabíu, fagnaði tíðindunum á Twitter og sagði að Sádi-Arabía yrði aldrei söm. „Regnið byrjar með stökum dropa,“ tísti al-Sharif.

Er þetta annar jafnréttissigur kvenna á skömmum tíma en þeim var í fyrsta skipti heimilt að taka þátt í að fagna þjóðhátíðardegi Sádi-Araba á mánudag.

Með tilskipun konungs varð Sádi-Arabía síðasta ríki heims til þess að leyfa konum að keyra. Aðeins karlmenn hafa hingað til mátt taka bílpróf og hættu konur sem keyrðu á að verða handteknar og sektaðar.



**Konum í Sádi-Arabíu verður brátt heimilt að keyra.** NORDICPHOTOS/AFP

Næstu skref eru þau að sérstök nefnd verður skipuð til þess að ráðleggja stjórnvöldum um hvernig sé best að aflétta banninu. Verður tilskipunin síðan að lögum þann 24. júní árið 2018.

Khaled bin Salman, prins og sendiherra Sádi-Arabíu í Bandaríkjunum, sagði í gær að konur þyrftu jafnframt ekki leyfi karlmanns til þess að taka bílpróf og að þær mættu keyra hvar sem þær vildu.

Alþjóðasamfélagið tók þátt í fagnaðarlátunum og var António Guterres, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, ánægður með skrefið. „Ég styð ákvörðun Sádi-Araba um að aflétta banni við akstri kvenna. Þetta er mikilvægt skref í rétta átt,“ tísti Guterres.

> **Regnið byrjar með stökum dropa.**
>
> Manal al-Sharif, skipuleggjandi Women2Drive herferðarinnar



Ekki hafa þó allir Sádi-Arabar tekið tíðindunum fagnandi en ríkið er eitt það íhaldssamasta í heiminum þegar kemur að jafnrétti kynjanna. Greinir BBC frá því að íhaldssömustu raddirnar hafi sagt ríkisstjórnina brjóta sjaríalög.

Langt er þó í land fyrir sádiarabískar konur. Þurfa þær til að mynda að hlýða ströngum lögum um klæðaburð, þær mega ekki gefa sig á tal við ókunnuga karlmenn og verða að vera í fylgd karlmanns, eða fá skriflegt samþykki karlmanns, vilji þær ferðast, vinna eða sækja þjónustu innan heilbrigðiskerfisins.

**thorgnyr@frettabladid.is**




## Niðurstöðurnar verði gerðar ógildar

**ÍRAK** Haider al-Abadi, forsætisráðherra Íraks, fór í gær fram á að yfirvöld í Íraska Kúrdistan ógiltu niðurstöður nýafstaðinna kosninga um sjálfstæði svæðisins. Kosið var á mánudag og greiddu 92 prósent kjósenda með því að lýsa yfir sjálfstæði en kjörsókn var rúm sjötíu prósent.

Írakar, sem og alþjóðasamfélagið, hafa gagnrýnt kosningarnar harðlega. Krafðist íraska ríkisstjórnin þess að þær yrðu ekki haldnar og lýsti þær ólöglegar.

Al-Abadi sagði í gær að hann myndi „aldrei nokkurn tímann ræða niðurstöðuna“ við yfirvöld á svæðinu og kallaði eftir því að Kúrdar hæfu viðræður á hátt sem stenst stjórnarskrá landsins.

Kúrdar hafa áður sagt að jákvæð útkoma kosninganna myndi ekki þýða tafarlausa sjálfstæðisyfirlýsingu. Hún myndi fremur veita umboð til að hefja viðræður við Íraksstjórn og nærliggjandi ríki um sjálfstæði.



**Haider al-Abadi krefst ógildingar kosninga Kúrda.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Ef þau vilja hefja viðræður verða þau að ógilda niðurstöður kosninganna sem og kosningarnar sjálfar,“ sagði al-Abadi. Enn fremur sagði hann forgangsmál sitt nú vera að vernda íbúa ríkisins og lofaði hann því að verja Kúrda gegn hvaða árásum sem er. **– þea**




## Erfitt verkefni fram undan

**ÞÝSKALAND** Óljóst er hvaða flokkar munu mynda ríkisstjórn í Þýskalandi eftir nýafstaðnar kosningar. BBC greinir frá því að óvissan hafi leitt til þess að gengi evrunnar mældist lægra í gær en það hefur gert undanfarinn mánuð.

Líklegast þykir að Kristilegir demókratar (CDU/CSU), undir forystu Angelu Merkel, muni leiða ríkisstjórn með Frjálslynda demókrata (FDP) og Græningja sér við hlið. Það er eini mögulegi meirihlutinn ef frá eru talin stjórnarmynstur með flokkum sem hafa útilokað samstarf með ákveðnum flokkum eða ríkisstjórnarsetu alfarið.

Christian Lindner, leiðtogi FDP, sagði í samtali við Die Welt í gær að þótt stærðfræðin gengi upp teldi flokkurinn sig hafa umboð til að breyta stefnu þýskra stjórnmála. Flokkur Linder var annar tveggja sem bættu við sig meira en eins prósentustigs fylgi frá 2013.




**Angela Merkel kanslari reynir að mynda ríkisstjórn.** NORDICPHOTOS/AFP

Talið er að lengst sé á milli Græningja og FDP. Eru flokkarnir til að mynda ósammála í mennta-, innflytjenda- og Evrópumálum, að því er BBC greinir frá. **– þea**

# 63 milljarðar í móttöku flóttamanna

**ESB** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kynnti í gær tveggja ára áætlun sína í flóttamannamálum sem miðar að því að sambandið taki á móti að minnsta kosti 50.000 flóttamönnum.

Gildistíma áætlunar undanfarinna tveggja ára lauk í gær en sú áætlun gerði ráð fyrir móttöku 160.000 flóttamanna. BBC greinir frá því að tekið hafi verið á móti fimmtungi þess fjölda.

„Þetta snýst ekki um að takast á við tímabundinn vanda. Þetta snýst um hvernig við meðhöndlum eitthvert flóknasta fyrirbæri okkar tíma,“ sagði Federica Mogherini, varaforseti framkvæmdastjórnarinnar, í gær.

„Þetta er hluti af átaki framkvæmdastjórnarinnar sem miðar að því að gera flóttamönnum kleift að koma hingað á löglegan og öruggan hátt frekar en að leggja líf sitt í hendur smyglara,“ bætti varaforsetinn við.

Framkvæmdastjórnin sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem hún lagði til að það yrði í forgangi að dreifa úr þeim flóttamönnum sem hafi komið til Ítalíu og Grikklands fyrir gærdaginn og veita þeim skjól í öðrum ríkjum Evrópusambandsins. Um er að ræða 8.000 manns sem uppfylla skilyrði Evrópusambandsins.

Alls mun framkvæmdastjórnin leggja hálfan milljarð evra í verkefnið. Það samsvarar um 63 milljörðum króna.

Nokkur ríki Evrópusambandsins mótmæltu fyrri áætlun harðlega og hafa varla tekið á móti stökum flóttamanni.

Evrópudómstóllinn hafnaði kröfu Pólverja og Ungverja um að áætlunin yrði felld úr gildi fyrr í mánuðinum. – þea



**Ólíklegt er að Ungverjar séu hrifnir af nýju áætluninni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Ólíkar skoðanir á breytingum hjá Twitter

**TÆKNI** Samfélagsmiðillinn Twitter hefur ákveðið að prófa að auka hámarksslagafjölda tísta úr 140 í 280. Einungis nokkrir útvaldir geta nú tíst 280 slögum og hafa breytingarnar lagst misvel í fólk. Jafnt þekktir Íslendingar sem útlendingar hafa tjáð sig á miðlinum um málið.

Hörður Ágústsson, kenndur við Macland, sagði til dæmis að hann myndi eingöngu nota 140 slög þrátt fyrir ætlaða fjölgun í 280. Þá spurði íslenskuprófessorinn Ármann Jakobsson fylgjendur sína hver mesta hættan væri við fjölgun slaga. Hvort mest hætta væri á að Twitter yrði önnur Facebook eða hvað annað gæti gerst.

Kvikmyndagerðarmaðurinn Gaukur Úlfarsson hæddist að breytingunni. „Nú get ég loksins sagt ykkur söguna af uppáhaldsfrænda mínum og þegar hann fann fimmhundruðkall,“ tísti hann.

Sjónvarpskonan Ellen DeGeneres virðist ekki ein hinna útvöldu. „Ég er svo spennt yfir að vera hluti af 280 slaga hópi Twitter. Þetta er mér sannur heiður og forréttindi. Ég vil þakka fráb,“ tísti DeGeneres sem gat ekki klárað tíst sitt, líklegast þar sem hún má enn bara tísta 140 slögum.

Jack Dorsey, forstjóri Twitter, birti í gær færslu þar sem hann sagðist hafa búist við, og væri ánægður með, gagnrýnina á breytinguna. Það sem skipti máli nú væri að sýna hvers vegna breytingin væri mikilvæg. – þea



**Jack Dorsey, forstjóri Twitter**

## Shinawatra í fimm ára fangelsi

**TAÍLAND** Yingluck Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra Taílands, var í gær dæmd í fimm ára fangelsi fyrir vanrækslu í starfi. Hæstiréttur Taílands komst að þeirri niðurstöðu að hún hefði gerst sek um vanrækslu þegar hún tók ekki á niðurgreiðsluskandal í hrísgrjónaræktun sem kostaði taílenska ríkið um 856 milljarða króna.

Hún hefði vitað af fölsuðum samningum sem gerðir hefðu verið við hrísgrjónaræktendur en ekki skorist í leikinn.

Shinawatra var steypt af stóli árið 2014 en hún hefur alltaf neitað sök í málinu. Var forsætisráðherrann fyrrverandi ekki í dómssal í gær en talið er að hún hafi flúið til Dúbaí í Sameinuðu arabísku furstadæmunum.

Samkvæmt BBC er Shinawatra þó enn vinsæl í Taílandi, einkum á meðal fátækra og íbúa í dreifbýli. – þea



# Azazo í gjörgæslu eftir miklar deilur

Brynja Guðmundsdóttir, fyrrverandi forstjóri Azazo, lét kyrrsetja eignir fyrirtækisins sem hún hefur stefnt eftir að ráðningarsamningi hennar var rift. Lífeyrissjóðir og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins í hluthafahópnum. Stjórnarformaðurinn segir stöðuna erfiða.

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is



Brynja Guðmundsdóttir hafnar öllum ásökunum stjórnar Azazo og segir uppsögn sína ólögmæta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hugbúnaðarfyrirtækið Azazo, sem er meðal annars í eigu lífeyrissjóða og áhættufjárfestingarsjóðs í eigu íslenska ríkisins, rambar á barmi gjaldþrots. Eignir þess hafa verið kyrrsettar að beiðni fyrrverandi forstjóra og stofnanda Azazo sem hefur stefnt félaginu fyrir dómstóla eftir að ráðningarsamningi hennar var rift í kjölfar mikilla deilna á milli hennar og stjórnarmanna.

„Félagið stendur mjög illa. Þetta er löng saga í samskiptum á milli stofnanda og stjórnar í gegnum tíðina sem hefur ekki gengið átakalaust fyrir sig,“ segir Friðrik Friðriksson, stjórnarformaður Azazo og fulltrúi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins (NSA), áhættufjárfestingarsjóðs í eigu íslenska ríkisins, í stjórn fyrirtækisins.

Ráðningarsamningi Brynju Guðmundsdóttur, stofnanda Azazo og næststærsta hluthafa, var rift 6. júlí síðastliðinn og henni samstundis fylgt út úr húsakynnum fyrirtækisins í Hafnarfirði. Velta Azazo á fyrri helmingi ársins hafði þá lækkað um 33 prósent samanborið við sama tímabil í fyrra og fjárhagsstaðan versnað umtalsvert. Fyrirtækið var rekið með 633 milljóna króna tapi í fyrra en hagnaðist um 221 milljón árið 2015. Tapið í fyrra má að mestu leyti rekja til samdráttar í tekjum, hækkunar launa- og annars rekstrarkostnaðar, en aðallega þess að óefnislegar eignir rýrnuðu í virði um 565 milljónir. Var þar um að ræða þróunarkostnað við hugbúnaðinn CoreData sem var færður niður eftir að fyrirtækið missti einn sinn stærsta viðskiptavin, slitastjórn Glitnis, síðar Glitnir HoldCo, um mitt þetta ár. Samkvæmt ársreikningi Azazo fyrir 2016 stóð sala á þjónustu til Glitnis undir um helmingi af heildarveltu árin 2015 og 2016.

Samkvæmt Brynju, sem stofnaði Azazo fyrir tíu árum, hafði samstarf hennar og stjórnarmanna fyrirtækisins gengið illa allt frá hausti 2014. Hún hafi farið fram á kyrrsetningu eigna þess þann 14. september, sex dögum fyrir aðalfund, vegna launakröfu sem hún eigi upp á 65 milljónir króna. Kyrrsetningunni verði ekki aflétt á meðan engin svör fáist varðandi kröfuna.

„Það voru samskiptaörðugleikar og trúnaðarbrestur en ég var með bundinn ráðningarsamning til 31. ágúst 2018. Hann var svo staðfestur af stjórn í desember í fyrra eftir að ég gaf eftir launakröfu sem ég átti á fyrirtækið. Ég er eini hluthafinn með ábyrgðir, það er að segja í ábyrgð fyrir yfirdráttarskuld fyrirtækisins, og ég er búin að reyna ítrekað síðustu ár að fá stjórnina til að losa mig undan henni eða að aðrir hluthafar beri þær byrðar með mér. Þegar samningnum var rift fékk ég ekki greitt uppsafnað orlof eða þá daga sem ég hafði unnið í júlí. Ég tók tugi milljóna króna í lán og setti inn í fyrirtækið, og skuldsetti mig í botn til að bjarga því, og hef hafnað öllum ásökunum stjórnarinnar og tel uppsögnina ólögmæta,“ segir Brynja.

Núverandi stjórn Azazo var kjörin á hluthafafundi félagsins þann 27. júlí síðastliðinn áður en aðalfundur var haldinn 20. september. NSA á 17,1 prósents hlut í fyrirtækinu og Core Invest, félag Brynju, fjórtán prósent. Auður 1 fagfjárfestasjóður, í eigu lífeyrissjóða og fagfjárfesta, á 13,9 prósent en samtals eru hluthafar 43 talsins. Í þeim hópi eru einnig núverandi eða fyrrverandi starfsmenn Azazo en fyrirtækið hefur undanfarna mánuði þurft að ráðast í uppsagnir í ljósi stöðunnar.

## Stofnað 2007 sem Gagnavarslan

AZAZO er íslenskt hugbúnaðar- og þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í stjórnun og varðveislu upplýsinga og gagna en í fyrra störfuðu þar um fimmtíu manns í sex löndum.

Brynja stofnaði fyrirtækið árið 2007 en það hét þá Gagnavarslan. Eftir það óx fyrirtækið hratt og selur nú hugbúnaðinn Azazo CoreData sem er notað af mörgum af stærstu fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi. Einnig rekur það gagnavörslu á Ásbrú í Reykjanesbæ í gegnum dótturfélag sitt, ráðgjafarsvið í Hafnarfirði og býður skönnunar- og prentþjónustu.

Fyrir utan stærstu þrjá hluthafana, NSA, Core Invest og Auður 1, eiga nokkrir aðrir nafntogaðir fjárfestar bréf í félaginu, Hlér ehf., félag Guðmundar Ásgeirssonar, sem yfirleitt er kenndur við skipafélagið Nesskip, á 5,5 prósent samkvæmt nýjasta ársreikningi Azazo. Frímann Elvar Guðjónsson, sem var á lista Ríkisskattstjóra yfir hæstu skattgreiðendur árið 2012, á 4,2 prósent og Aurora velferðarsjóður, í eigu hjónanna Ólafs Ólafssonar, sem oftast er kenndur við Samskip, og Ingibjargar Kristjánsdóttur, á 3,9 prósent.

Hefur starfsmannafjöldinn af þeim sökum farið úr um fimmtíu niður í um tuttugu. Starfsfólk hefur verið upplýst um stöðuna og var hlutafé fyrirtækisins í síðustu viku lækkað úr 60 milljónum að nafnvirði í fjórar.

Stjórn Azazo telur Brynju hafa haldið eftir upplýsingum um fjárhagsstöðu fyrirtækisins og fegrað bókhald þess. Ákvörðun hennar um að fara fram á kyrrsetningu eigna hafi síðan fælt í burtu fjárfesta sem hafi verið tilbúnir til að leggja fjármagn inn í félagið.

„Við tökum við sem funkerandi starfsstjórn yfir fyrirtæki sem stendur ekki vel. Við erum með fyrirtækið í gjörgæslu en það er erfitt fyrir okkur að fara út í smáatriðin,“ segir Friðrik.

Á hluthafafundinum 27. júlí var samþykkt að gefa út skuldabréf fyrir allt að 100 milljónum króna í þeim tilgangi að styrkja fjárhag Azazo og treysta rekstrarhæfi. Skuldabréfaútgáfan stendur að sögn Friðriks enn yfir og gengur þokkalega. Aftur á móti þarf hún að klárast fyrir októberlok ef fyrirtækið á að ná að standa við sínar lágmarks skuldbindingar.

„Þegar hluthafafundurinn var haldinn í júlí var félagið komið í strand. Menn hafa verið að rifa seglin þannig starfsfólki fækkar um hver mánaðamót,“ segir Friðrik og svarar að NSA hafi ekki tekið ákvörðun um hvort sjóðurinn muni fjárfesta frekar í Azazo. Hann hafi ekki á reiðum höndum hversu mikla fjármuni NSA hefur sett inn í fyrirtækið.

„Ég vil meina að þessi hluthafafundur í júlí hafi verið ólöglega boðaður og þar var kjörin ný stjórn. Þar var mér úthúðað og stjórnin þóttist koma af fjöllum eins og þau vissu ekki hver staðan væri á fyrirtækinu. Á aðalfundi félagsins í síðustu viku, eftir að ég kyrrsetti eigur félagsins, var ég sökuð um að ég væri búin að „fiffa“ bókhaldið með Deloitte í fjöldamörg ár þar sem hugbúnaðurinn var eignfærður. Mér finnst þessar aðgerðir gegn mér mjög grófar enda vita allir sem hafa farið í gegnum alþjóðlega endurskoðun að þetta eru fáránlegar ásakanir. Ég er ekki hafin yfir það að missa vinnuna en þarna er að baki löng saga og án þess að það hafi verið reynt að setjast niður og ná sáttum af einlægni,“ segir Brynja og bætir við að hún skrifi nú bók og kvikmyndahandrit um starfsferil sinn hjá Azazo.

„Ég tel þetta ósanngjarnt og ekki einungis gegn mér heldur öllum hluthöfum. Það hefur fullt af starfsmönnum sett peninga í hlutafé sem eiga nú á hættu að missa það ef félagið fer í þrot eða ef þeir þynnast út í skuldabréfaútgáfunni. Ég er stolt af Azazo, lausnum þess og starfsfólki. Ég vil að fyrirtækið lifi þessar hremmingar af og haldi áfram að blómstra.“

Brynja segir að persónuverndarlög hafi einnig verið brotin þar sem hún hafi ekki enn fengið einkagögn sem voru á skrifstofu hennar og vinnutölvu. Launakrafan upp á 65 milljónir eigi að fara í að borga þau lán sem hún tók til að stofna og halda rekstri fyrirtækisins gangandi.

„Í lok síðasta árs gerði ég skriflegt samkomulag við þáverandi stjórn þar sem hún ábyrgðist að losa mig undan ábyrgðum í síðasta lagi fyrir 1. september síðastliðinn. Ekki var staðið við þetta samkomulag og mun ég skoða réttarstöðu mína varðandi það og mögulega stefna fyrirtækinu og skoða það að sækja þessa stjórnarmenn beint til saka persónulega vegna þessa brots.“




# Viðskiptablaðið græddi 13 milljónir

Hagnaður Myllusetur ehf., útgáfufélags Viðskiptablaðsins og tengdra fjölmiðla, nam 12,6 milljónum í fyrra og jókst um liðlega 2,5 milljónir á milli ára. Allt frá 2010 hefur útgáfustarfsemi félagsins skilað hagnaði á hverju einasta rekstrarári.

Samkvæmt nýbirtum ársreikningi Mylluseturs námu rekstrartekjur félagsins samtals 282 milljónum og drógust saman um þrjár milljónir frá fyrra ári. Launakostnaður minnkaði einnig á sama tímabili um liðlega sjö milljónir og var samtals 165,5 milljónir á síðasta ári. Meðalfjöldi starfsmanna var 18 talsins og hélst óbreyttur á milli ára.

Heildareignir Mylluseturs námu 156 milljónum í árslok 2016 og bókfært eigið fé var ríflega 62 milljónir. Eiginfjárhlutfall félagsins er því um 40 prósent. Eignir Mylluseturs eru að langstærstum hluta útistandandi viðskiptakröfur að fjárhæð um 135 milljónir. Heildarskuldir félagsins nema 94 milljónum og jukust um fjórar milljónir á milli ára. Engar skuldir eru við lánastofnanir.



Pétur Árni Jónsson er stærsti eigandi Mylluseturs með 67 prósenta hlut.

**Rekstrartekjur Mylluseturs námu 282 milljónum króna á síðasta ári og drógust saman um 3 milljónir frá fyrra ári. Heildareignir félagsins námu 156 milljónum króna í árslok 2016.**

Eigendur Mylluseturs eru Pétur Árni Jónsson, framkvæmdastjóri hjá fasteignafélaginu Heild, með 67 prósenta hlut og Sveinn Biering Jónsson fjárfestir með 33 prósenta hlut. Pétur Árni lét af störfum sem útgefandi Viðskiptablaðsins í febrúar 2016 og staðan var samtímis lögð niður. Þá hætti hann sömuleiðis sem einn stjórnarmaður félagsins og tók Jón Sigurðsson, framkvæmdastjóri Mylluseturs og faðir Péturs Árna, sæti hans í stjórninni. – hae


NÝTT
Double Serum
Fyrir þig, okkar virkasta formúla hingað til.
2 serum í 1.
Ný og tvöföld virkni gegn öldrun húðarinnar.
Nú með [20+1] öflugu plöntuþykkni, Double Serum afkóðar tungumál unglegs útlits með því að draga úr sjáanlegum öldrunar einkennum húðarinnar.
Nýja formúlan inniheldur turmeric þykkni, uppgötvað á rannsóknarstofu Clarins, sem örvar og viðheldur hinum fimm lífsnauðsynlegu þáttum í starfsemi húðarinnar.
Niðurstöður eftir 7 daga*:
· aukinn ljómi
· dregur úr húðholum og fínum línum
· sjáanlega yngri húð
Fyrir allar húðtegundir.
*Niðurstöður prófana – fjölþjóðlegt úrtak – 362 konur.
CLARINS PARIS
Double Serum
[Hydric + Lipidic System]
It's all about you.
CLARINS
DISCOVERY KIT
Clarins kynning í Hagkaup 28. september – 5. október.
Kaupaukinn þinn þegar verslað er í Clarins fyrir 7.800 krónur.
Á meðan birgðir endast.
Einnig er 20% afsláttur af öllum Clarins vörum á meðan á kynningunni stendur.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Enn af andvaraleysi



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Fyrr í vikunni vakti undirritaður athygli á áhyggjum Embættis landlæknis af lakri ásókn í bólusetningu hér á landi og var sú staðreynd sett í samhengi við þá tilhneigingu okkar að skilgreina núverandi ástand sem stöðugt og óbreytilegt. Að þeir sem telja bólusetningu óþarfa séu í raun álíka afvegaleiddir og þeir sem telja hana vera skaðlega. Önnur hlið á sama peningi er notkun okkar á sýklalyfjum og útbreiðsla sýklalyfjaónæmis.

Rétt eins og með bóluefnið er erfitt að ímynda sér heim án sýklalyfja. Við þekktum þennan heim fyrir ekki svo mörgum árum. Við sáum það hvernig minnsti skurður gat þróast í lífshættuleg meiðsli og vorum vel meðvituð um það hversu hættulegur barnsburður gat verið fyrir móður og barn. Við höfum engan áhuga á að snúa aftur í þennan heim, en því miður stefnum við þangað. Eftir sex áratugi af nær hömlulausri notkun á sýklalyfjum blasir öld ónæmis við.

Heilbrigðisyfirvöld vítt og breitt um heiminn berjast ekki við óvæntan óvin um þessar mundir. Þvert á móti. Sjálfur Alexander Fleming, maðurinn sem færði okkur töfralyfið, varaði okkur við: „Sá dagur mun koma að pensilín verður aðgengilegt öllum. Þá er hætta á að hinn fávísi noti lyfið í of litlu magni og örverur hans komist í tæri við lyfið í vægu magni svo ónæmi myndast.“ Þetta sagði Fleming þegar hann tók við Nóbelsverðlaunum í læknisfræði árið 1945. Í dag skilgreinir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) ónæmisvandann sem einhverja mestu áskorun okkar kynslóðar.

Ónæmi er náttúrulegt fyrirbæri og að vissu leyti óumflýjanlegt. En með skynsamlegri notkun sýklalyfja í mönnum og dýrum er hægt að hægja á þessari þróun. Það hefur ekki tekist hingað til. Enn fremur hefur á allra síðustu áratugum hægt verulega á þróun nýrra sýklalyfja. Áskoranir í þróun nýrra sýklalyfja eru í senn af vísindalegum toga og efnahagslegum. Þetta er flókin vísindavinna og kostnaðarsöm sem óvíst er að borgi sig nema þá á löngum tíma.

Hér á Íslandi þarf að leggja í verulegt átak til að stöðva útbreiðslu sýklalyfjaónæmis enda var nýverið sýnt fram á að sýklalyfjanotkun jókst árið 2016 borið saman við árið á undan.

Stórkostlegar uppgötvanir eins og sýklalyf og bóluefni eiga það til að hverfa í bakgrunninn, þó svo að þær séu forsenda framfara og þess blómaskeiðs sem við fengum – vonandi ekki óverðskuldað – í vöggugjöf. Þegar við stöndum á öxlum risa og horfum fram á veginn megum við ekki gleyma fótfestu okkar, þá sérstaklega þegar óveðursskýin hrannast upp við sjóndeildarhringinn.

**Eftir sex áratugi af nær hömlulausri notkun á sýklalyfjum blasir öld ónæmis við.**

## Halldór









## Frá degi til dags

**Leikar hefjast**

Nú er þingi lokið og kosningabarátta fram undan. Á næstu dögum munu listar flokka liggja fyrir og þá mun einnig koma í ljós hvað nýr flokkur Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar á að heita. Ef svo fer að sá flokkur bjóði fram gæti stefnt í að níu flokkar verði á þingi á næsta kjörtímabili og því enn þá ólíklegra að hægt verði að mynda tveggja flokka meirihlutastjórn.

Spennandi verður að sjá hvað gerist í kosningabaráttunni og hvort eitthvað nái að rista jafndjúpt og kökuskreytingarmyndband Bjarna Benediktssonar, fráfarandi forsætisráðherra, gerði í fyrra.

**Viðsnúningur**

Willum Þór Þórsson, fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokksins og knattspyrnustjóri, tilkynnti í gær að hann vildi oddvitasætið í Suðvesturkjördæmi. Eygló Harðardóttir, fráfarandi oddviti, tilkynnti á dögunum að hún myndi ekki bjóða sig fram í ár.

Spurning er hvort Willum takist að standa að álíka viðsnúningi fyrir Framsóknarflokkinn og hann hefur gert fyrir KR í sumar. Vesturbæjarliðið var í níunda sæti þegar hann tók við því en nú í því fjórða. Til samanburðar fékk Framsóknarflokkurinn sína verstu kosningu frá stofnun í fyrra og lenti í raun í fjórða sæti. thorgnyr@frettabladid.is

## Bókaþjóðin vaknar



Lilja Alfreðsdóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

Íslendingar eru bókaþjóð. Bækur eru vettvangur nýsköpunar og grundvöllur símenntunar alla ævi. Bækur eru snar þáttur í málþroska barna. Þær gegna lykilhlutverki í menntakerfinu og miðla sögu og menningu okkar til komandi kynslóða. Menntun, skólar og bækur eru lykill að framförum og því mikilvægt að efla allt er viðkemur skapandi skrifum, lestri og útgáfu. Læsi er forsenda þekkingar og lykill að sjálfsvirðingu. Íslensk tunga á undir högg að sækja. Öflug útgáfa á frumsömdu og þýddu fræðslu- og kennsluefni á öllum skólastigum er nauðsynleg til að styrkja innlent fræðastarf og auðga íslenska tungu af hugtökum og íðorðum á öllum sviðum. Niðurstöður PISA-rannsóknar frá 2015 sýna að Ísland kemur lakast út á Norðurlöndunum í stærðfræðilæsi, lesskilningi og vísindalæsi og er auk þess undir OECD-meðaltali. Ljóst er að þessi árangur í PISA-rannsókninni er óásættanlegur.

Bóksala hefur dregist saman um rúm 31% frá árinu 2008 og má segja að um hrun sé að ræða. Þegar svona aðstæður koma upp, þá ber stjórnvöldum að nýta stjórnvaldstæki sín, eins og skattkerfið, og bregðast við. Ein leið er að afnema bókaskatt og því lagði ég fram frumvarp á lokadegi þingsins þess efnis. Þverpólitísk sátt hefur myndast í þinginu um málið, þar sem fulltrúar allra stjórnmálaflokka eru meðflutningsmenn. Bækur eru almennt í lægra skattþrepi meðal þjóða heims. Fimm Evrópuþjóðir hafa afnumið virðisaukaskatt á bókum til að efla læsi og vernda menningu sína og tungu, þ.e. Norðmenn, Færeyingar, Bretar, Írar og Úkraínumenn. Meðaltal virðisaukaskatts á bókum í Evrópu er 7%. Þrjátíu lönd í Evrópu eru með lægri virðisaukaskatt á bókum en hér á landi. Sænsk stjórnvöld lækkuðu virðisaukaskatt á bókum árið 2002 úr 25% niður í 6%. Sala bóka jókst um 16% fyrsta árið og áhrifin voru viðvarandi. Ekki þurfti lengur að styðja sérstaklega við bóksölu í jaðarbyggðum og fleiri fjölbreyttari bókaútgáfur spruttu upp.

Það er afar ánægjulegt að þverpólitísk sátt hefur myndast um að afnema bókaskatt og því á að vera auðvelt að hrinda því í framkvæmd á næsta þingi. Bókaþjóðin mun standa undir nafni með afnámi bókaskattsins.

**Bóksala hefur dregist saman um rúm 31% frá árinu 2008 og má segja að um hrun sé að ræða.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kjartan Hreinn Njálssson kjaranh@frettabladid.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Eftirdrunur nasismans

Í DAG
Þorvaldur Gylfason



Eitt helzta vígorð Donalds Trump í kosningabaráttu hans í fyrra var „America first“. Áður höfðu menn ekki heyrt bandarískan forsetaframbjóðanda tala eins og ofvaxinn þjóðrembill í smáríki sem á undir högg að sækja.

Vígorðið „America first“ var sótt til flugkappans Charles Lindbergh sem flaug fyrstur manna einsamall og viðstöðulaust yfir Atlantshafið, studdi Adolf Hitler og hataði gyðinga. Þetta var bara byrjunin. Trump forseti sækir margar fyrirmyndir leynt og ljóst til nasista og fasista. Óvildin í garð innflytjenda, virðingarleysið gagnvart gyðingum, þ.m.t. kæruleysislegt tal um helförina, hvatning til ofbeldis og erlendra njósna um andstæðinga og endalausar lygar ásamt öðru bera vitni. Þegar málflutningur forsetans og manna hans er skoðaður, þegar ummerkin hrannast upp, þegar fasisminn er kominn fast upp að hlið okkar, þá skiptir sagan máli eins og Timothy Snyder prófessor í Yale-háskóla lýsir í nýrri metsölubók sinni On Tyranny (Um harðstjórn). Þá skiptir það máli að faðir Trumps var handtekinn á fundi hjá Ku Klux Klan eins og ég rifjaði upp á þessum stað fyrir viku.

Vígorðið „Íslandi allt“ sem fv. forsætisráðherra skreytti sig með er sömu ættar.

### Ummerkin hrannast upp

Við eðlilegar aðstæður ætti upprifjun á þeim hörmungum sem þýzkir nasistar, ítalskir fasistar og bandamenn þeirra í Japan kölluðu yfir heiminn á sinni tíð ekkert erindi inn í umræður um stjórnmál. Það stafar einkum af því að Þjóðverjar hafa gert svo rækilega upp við fortíð sína að sómi er að þótt nú syrti aftur í álinn. Mestan ugg vekur ástandið í Bandaríkjunum eins og sakir standa en þar telja margir rétt og nauðsynlegt að draga forsetann fyrir landsdóm vegna meintra lögbrota og aðrir hóta borgarastyrjöld, jafnvel í guðs nafni, verði það gert.

Hvernig gat þetta gerzt í landi sem þar til nýlega taldist vera óskoraður leiðtogi hins frjálsa heims? Bandarísk stjórnmál eru í uppnámi m.a. vegna þess að peningarnir hafa tekið þar völdin í boði Hæstaréttar sem nam árið 2010 brott allar takmarkanir á fjárframlög til stjórnmálastarfs. Lýðræði vék fyrir auðræði og stefnir í þjófræði sjái menn sig ekki um hönd, segir Timothy Snyder í bók sinni. Honum sýnast Bandaríkin vera á sömu leið og Rússland. Fárið breiðist út.

### Ísland stóðst prófið, Rússland féll

Tilburða í átt til fasisma hefur einnig orðið vart á Íslandi. Tilraun ríkisstjórnar undir forustu Sjálfstæðisflokksins til að setja fjölmiðlalög til höfuðs Fréttablaðinu og Stöð 2 var eftir á að hyggja aðför að frjálsri fjölmiðlun í fasískum anda. Aðförina bar upp á sama tíma og Vladímír Pútín forseti Rússlands notaði svipaðar aðferðir til að loka einkasjónvarpsstöðvum þar í landi til að styrkja stöðu sína og hefta frelsi fjölmiðla. Munurinn var sá að hér heima tókst að hrinda aðförinni. Ísland stóðst prófið sem Rússland féll á. Mikinn þátt í því átti Þjóðarhreyfingin undir forustu Ólafs Hannibalssonar blaðamanns, Hans Kristjáns Árnasonar annars stofnanda Stöðvar 2, sr. Arnar Bárðar Jónssonar og Einars Árnasonar hagfræðings. Fyrir tilstilli þeirra m.a. sköpuðust skilyrði til þess að forseti Íslands synjaði fjölmiðlalögunum staðfestingar 2004. Ríkisstjórnin gafst upp.

Nokkru síðar tóku „skrímsladeild“ Sjálfstæðisflokksins og „gasljósameistarar“ að láta að sér kveða. Hvorugt orðið er skráð í Orðabók Háskóla Íslands en þau lýsa þeim hópi manna sem ræðst með skipulegum óhróðri gegn andstæðingum Sjálfstæðisflokksins. Áður hafði Styrmir Gunnarsson ritstjóri Morgunblaðsins lýst þessum aðferðum úr návígi og kennt þær eftirminnilega við „andrúmsloft dauðans“. Nýtt dæmi er harðar árásir á Smára McCarthy alþingismann fyrir orð hans um afhjúpun leynimakks forustumanna Sjálfstæðisflokksins varðandi valinkunna meðmælendur í máli tveggja dæmdra kynferðisbrotamanna. Nú er komið í ljós að hluti skjalanna sem um er að ræða virðist falsaður og dómsmálaráðuneytið hefur orðið uppvíst um „forkastanleg vinnubrögð“. Og þá er blásið í herlúðra gegn stjórnarandstöðuþingmanni sem hefur auk fjölmargra annarra fjallað um málið.

Árásir forsetaframbjóðanda Sjálfstæðisflokksins á Guðna Th. Jóhannesson fyrir forsetakosningarnar í fyrra vegna meintrar afstöðu Guðna til kröfunnar um að Íslendingar tækju að hluta ábyrgð á Icesave-reikningum Landsbankans voru angi á sama meiði. Svipaðar árásir bergmála á samfélagsmiðlum flesta daga eins og um skipulega aðför sé að ræða að rússneskri fyrirmynd. Upplognar fullyrðingar Donalds Trump um að Obama forseti væri fæddur erlendis og væri því ólögmætur forseti voru sömu ættar. Og nú eru íslenzkir álitsgjafar sakaðir um að bera fréttir af stjórnmálaspillingu á Íslandi í erlenda fjölmiðla eins og útlendingar séu ekki fullfærir um að mynda sér sjálfstæða skoðun á málinu.

### Ær og kýr

Föðurlandssvikabrigzl og valdarán eru ær og kýr fasista enn sem fyrr. Ísland þarf að gæta sín á fárinu sem ríður nú yfir nálæg lönd. Framganga Sjálfstæðisflokksins og taglhnýtinga hans gagnvart nýju stjórnarskránni sem 67% kjósenda lýstu stuðningi við 2012 er skýr viðvörun.


# Setjum náttúruna og fólkið í öndvegi

Stórfellt iðnaðareldi í opnum sjókvíum ógnar náttúru, lífríki og afkomu fólks í sveitum Íslands.



**I. Strokulaxar úr eldi tvöfalt fleiri en villtir laxar**
Gera má ráð fyrir að einn eldislax sleppi úr hverju tonni sem er alið í opnum sjókvíum. Það þýðir að 71 þúsund erfðabreyttir norskir eldislaxar munu sleppa í sjóinn við Ísland á hverju ári miðað við hóflegustu áætlanir eldissinna. Hrygningarstofn íslenska villta laxins er um 35 þúsund fiskar. Eldislax hefur valdið erfðablöndun á 80% náttúrulegra stofna í Noregi.

**II. Yfir 1.500 fjölskyldur njóta tekna af veiðihlunnindum**
Hlunnindi af silungs- og laxveiði hafa kynslóðum saman verið mikilvæg stoð við búsetu í sveitum landsins. Sjókvíaeldi ógnar afkomu fjölda bændafjölskyldna.

**III. Skólpmengun á við 568 þúsund manns**
Landssamband fiskeldisstöðva segir að skólp af hverju tonni í eldi sé á við „klóakrennsli frá 8 manns.“ Umhverfissamtök segja þessa tölu vera hærri. Miðað við tölu fiskeldisstöðvanna mun skólp sem jafngildir klóakrennsli frá 568 þúsund manns streyma árlega til sjávar frá fiskeldisstöðvum (miðað við 71 þúsund tonn af eldislaxi). Líklega er þessi tala mun hærri.

**IV. Allir laxastofnar á Íslandi í hættu**
Eldislaxar sem sleppa úr sjókvíum á Vestfjörðum og Austurlandi geta synt mörg hundruð kílómetra norður eða suður fyrir landið og þannig borist í öll ferskvatnskerfi á Íslandi sem renna til sjávar.

**Byggjum upp umhverfisvænt eldi eftir ströngustu kröfum**
Í Noregi er eldi í opnum sjókvíum á útleið. Vöndum til verka og byggjum upp eldi með bestu mögulegu tækni: í lokuðum kerfum þar sem mengun og strok fiska eru í lágmarki.

Icelandic wildlife fund

Þessi auglýsing er kostuð af The Icelandic Wildlife Fund sem er nýr náttúruverndarsjóður.
Sjóðurinn er grasrótarstofnun, rekinn með frjálsum framlögum og ekki í ágóðaskyni.

BETRIBILAKAUP.IS

Gerðu betri kaup hjá okkur! Hringdu núna í


2018 Volvo XC90
Verð frá 7.650.000


2018 Volvo XC60
Verð frá 7.300.000


2018 Volvo S90
Verð frá 7.550.000


2018 Volvo V90
Verð frá 7.740.000


2017 Outlander
Verð frá 4.040.000


2017 Outlander
Verð frá 4.615.000


2017 Outlander
Verð frá 5.100.000


2017 Outlander
Verð frá 5.250.000

Sparaðu og pantaðu allar tegundir beint frá verksmiðju!


2017 Toyota Yaris
Verð frá 2.490.000 kr.


2017 Toyota Auris
Verð frá 2.990.000


2017 Toyota C-HR
Verð frá 4.150.000


2017 Toyota
Verð frá 4.890.000


2017 Kia Optima
Verð frá 3.990.000


2017 Kia Niro
Verð frá 3.650.000


2016 BMW X5
Verð frá 7.200.000 kr.


2017 BMW 330e
Verð frá 4.595.000

www.betribilakaup.is

Ármúla 4-6, Reykjavík| 511 2777 - sala@betribilakaup.is |Firðinum, Hafnarfirði

www.facebook.com/




# Grunnsáttmáli þjóðarinnar




**Ragnar Aðalsteinsson**
hæstaréttarlögmaður


**Stjórnmálamenn geta ekki ákveðið sínar eigin leikreglur. Þeir eru fyrir fólkið en fólkið ekki fyrir þá.**

Í þingsetningarræðu sinni nýverið taldi Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, að minnast ætti aldarafmælis sambandslagasamningsins 1918 og stjórnarskrárinnar 1920 „með því að vinna af einurð að breytingum á grunnsáttmála þjóðarinnar, breytingum sem vitna um sameiginlega sýn sem flestra á umhverfi og auðlindir, samfélag og stjórnskipun, ábyrgð og vald“.

Vert er að vekja athygli á því að forsetinn nefnir stjórnarskrána grunnsáttmála þjóðarinnar, en ekki sáttmála þings og þjóðar eins og stundum er sagt. Í þessum orðum forsetans felst sú skoðun hans að það sé hlutverk þjóðarinnar að setja landinu stjórnarskrá. Það getur hún gert t.d. með milligöngu stjórnlagaþings, sem til þess og þess eingöngu er kjörið. Vissulega þarf að breyta stjórnarskránni til að unnt sé að fela stjórnlagaþingi að setja okkur nýja stjórnarskrá eða breyta gildandi stjórnarskrá. Jafnframt verður að ákveða að skylt sé að bera niðurstöður stjórnlagaþings undir þjóðaratkvæði og þá fyrst er þjóðin hefur staðfest hana taki hún gildi.

Hugsjónin um stjórnlagaþing eða þjóðfund sem setji landinu stjórnarskrá hefur lifað með þjóðinni frá miðri nítjándu öld, en sjaldan hefur þessi lífsandi verið jafn almennur og nú.

Forsætisráðherra brást við hugmynd forsetans um grunnsáttmála þjóðar með því að tefla fram hugmyndum um að stjórnarskráin yrði endurskoðuð í áföngum á næstu þremur kjörtímabilum og „allir flokkarnir vinni sameiginlega að því“. (RUV 200917) Enn og aftur er afstaðan sú að stjórnarskráin tilheyri eða sé eign stjórnmálaflokkanna og er þá átt við þingflokka á Alþingi. Kenningin um fullveldi fólksins og um að allt vald komi frá þjóðinni er óumdeild. Í henni felst að það er hlutverk þjóðarinnar að ákveða hvaða vald hún framselur stjórnvöldum og hvernig hún skiptir því milli þeirra. Einnig mælir hún fyrir um takmarkanir á því valdi en þær birtast einkum í ákvæðum stjórnarskrár um mannréttindi. Stjórnmálamenn geta ekki ákveðið sínar eigin leikreglur. Þeir eru fyrir fólkið en fólkið ekki fyrir þá.

Ákvæðið um að Alþingi fari með valdið til að auka við eða breyta stjórnarskránni setti konungur í stjórnarskrána 1874, sem Íslendingar hvorki samþykktu né staðfestu. Vandinn er sá hvernig við komum valdinu til að setja landinu stjórnarskrá í réttar hendur.

# Eignaupptaka ríkisins á eftirlaun aldraðra er óásættanleg!




**Harpa Njálsdóttir**
sérfræðingur í velferðarrannsóknum og félagslegri stefnumótun


Nýlega hefur velferðar- og jafnréttismálráðherra Þorsteinn Víglundsson tjáð opinberlega afstöðu sína til núverandi kerfisbreytinga á almannatryggingum sem tóku gildi í upphafi árs 2017. Ráðherra er fylgjandi núverandi fyrirkomulagi ellilífeyrisgreiðslna. Að hans mati var þessi breyting vel heppnuð og með henni tókst að styrkja nokkuð stöðu tekjulægri ellilífeyrisþega. Hann segir mikilvægt að þeir sem lagt hafi fyrir í lífeyrissjóð á lífsleiðinni hafi ávinning af sparnaði sínum og nýtt ellilífeyriskerfi auki þann ávinning (sjá m.a. grein Lifðu núna, 29.08.2017; erindi FEB, 11.09.2017). Hér skal árétta, að stefna stjórnvalda og markmið með lagasetningu var m.a.: „Að sem flestir aldraðir framfleyti sér sjálfir með tekjum sínum úr lífeyrissjóðum og vinnutekjum.“

Það er ástæða til að fara yfir nokkrar staðreyndir sem sýna klára eignaupptöku ríkisins á réttindum og lífeyri aldraðra, samkvæmt breytingum almannatrygginga, lögfest á Alþingi haustið 2016.

**Hnepptir í skort og fátækt!**
Til fjölda ára hafa lífeyrisgreiðslur almannatrygginga (TR) verið ákvarðaðar án nokkurs raunsæis eða réttlætis – við ákvörðun upphæða sem lífeyrisþegum er ætlað að lifa af. Fyrir kerfisbreytingu almannatrygginga var einstaklingur í sambúð með 186 þúsund frá TR og hækkaði í 197 þúsund krónur eftir skatt 2017 (skerðing 45%). Eldri borgari sem bjó einn fékk 207 þúsund eftir skatt og hækkaði í 230 þúsund krónur eftir breytingu (skerðing 56,9%). Þessar staðreyndir ganga þvert á upplýsingar sem ráðherra hefur kynnt – að tekjulægstu hópar aldraðra hafi hækkað um 24-25% með nýju kerfi almannatrygginga. Þá er ljóst samkvæmt opinberum gögnum að 67% eldri borgara, þ.e. viðskiptavinir Tryggingastofnunar, voru með heildartekjur í febrúar sl., frá um 200 þúsund til 280 þúsund krónur eftir skatt og skerðingar. Eldri borgarar á strípuðum bótum hafa ekki til hnífs og skeiðar og búa við skort og fátækt!

Á sama tíma og Alþingi lögfesti breytingar á almannatryggingum haustið 2016 – lá fyrir að lífeyrisþegi sem bjó einn á strípuðum bótum TR vantaði 34% til að tekjur dygðu fyrir lágmarks framfærslu – og allt að 50% vantaði upp á að lífeyrir TR dygði fyrir „dæmigerðu neysluviðmiði“ velferðarráðuneytisins sem ráðuneytið telur hvorki lúxus né lágmarksneyslu (sjá Harpa Njáls, Morgunblað 29.09.2016). Fátækt lífeyrisþega er heimatilbúinn vandi stjórnvalda og Alþingis!

## Tekjur eldri borgara sem býr einn

| Ellilífeyrir/ Heimuppb. | Lífeyris-sjóður | Skerðing | Staðgr. RSK | Útborguð laun | Í ríkis-sjóð |
|---|---|---|---|---|---|
| 281.050 | 0 | 0 | 50.913 | 230.137 | 50.000 |
| 281.050 | 150.000 | 71.125 | 80.049 | 279.876 | 151.174 |
| 281.050 | 200.000 | 99.575 | 88.010 | 293.464 | 187.586 |

Hlutfall skerðinga 56,9%: Greiðslur (kr.) úr lífeyrissjóði og ellilífeyrir TR – Upphæðir skerðinga og skatta renna í ríkissjóð **Heimild: Tryggingastofnun ríkisins (TR). Útfært samkvæmt Reiknivél lífeyris; RSK staðgr. 36,94%, persónuafsl. 52.907 kr.**

**Með nýjum lögum almannatrygginga er vegið harkalega að öldruðum. Samkvæmt ákvörðun stjórnvalda og Alþingis er stór hluti tekna eldri borgara gerður upptækur í ríkissjóð með sköttum og skerðingum.**

**Hver er ávinningur aldraðra af sparnaði í lífeyrissjóð?**
Í töflu sem hér fylgir eru þrjú dæmi um eldri borgara, með 281 þúsund frá almannatryggingum (TR) fyrir skatt, þ.e. ellilífeyrir og heimilisuppbót. Af þeirri upphæð fara 50 þúsund krónur í skatt. Ef eldri borgari á lífeyrissjóðsréttindi upp á 150 þúsund krónur á mánuði, skerðist ellilífeyrir TR um 56,9%, þ.e. rúmlega 71 þúsund krónur sem renna beint í ríkissjóð. Í þessu dæmi tekur ríkið rúmlega 151 þúsund krónur í skatt og skerðingar – hinn aldraði heldur tæplega 280 þúsund í eigin vasa. Sú upphæð dugir ekki til lágmarksframfærslu.

Taflan sýnir einnig dæmi um eldri borgara með ellilífeyri og heimilisuppbót (TR) og 200 þúsund króna greiðslu úr lífeyrissjóði. Lífeyrissjóðsgreiðslan skerðir ellilífeyri TR um nær 100 þúsund krónur. Skattar og skerðingar í ríkissjóð eru rúmlega 187 þúsund – viðkomandi heldur eftir 293 þúsund krónum í eigin vasa. Þessi dæmi sýna í reynd þann ásetning og markmið stjórnvalda að eldri borgarar standi sjálfir sem mest undir launum sínum og lífsafkomu. Þá er staðreynd að aldraðir greiða sama skatthlutfall (36,94%) og fólk á vinnumarkaði með yfir 800 þúsund krónur í tekjur á mánuði.

Með nýjum lögum almannatrygginga er vegið harkalega að öldruðum. Samkvæmt ákvörðun stjórnvalda og Alþingis er stór hluti tekna eldri borgara gerður upptækur í ríkissjóð með sköttum og skerðingum. Hér er um klára eignaupptöku að ræða!

# TAX FREE DAGAR

## FRÁ 28. SEPTEMBER – 1. OKTÓBER

# ALLAR VÖRUR Á TAX FREE VERÐI*

*TAX FREE er 19,36% raunafsláttur sem reiknast á við kassa og auðvitað fær ríkissjóður sinn skerf.

**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**
**Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4






# Myglan er skaðleg



**Steinn Kárason**
umhverfis-hagfræðingur

Veikindi og heilsutjón af völdum myglusveppa er vaxandi samfélagslegt böl sem nauðsynlegt er að koma í veg fyrir. Fjárhagslegt tjón er einnig verulegt. Fræðsla um orsakir og afleiðingar af völdum myglusveppa er nauðsyn. Þar til bærir aðilar þurfa að sýna ábyrgð. Hönnun húsa, byggingaraðferðir, ábyrgð og eftirlit með húsbyggingum er höfuðatriði til að koma í veg fyrir myglutjón, einnig viðhald og umgengni fólks í húsum og híbýlum. Löggjöf og viðurlögum í þessum efnum er ábótavant.

Aðstandendur fólks sem veikst hefur af völdum myglusveppa, almenningur, heilbrigðisstéttir og yfirvöld þurfa á upplýsingu að halda til að skilja hve mikil martröð það er að lifa eða hafa lifað með myglusvepp. Skjótra viðbragða er þörf.

Myglusveppir hafa fylgt mönnum frá öndverðu. Myglusveppir eru hvorki afmarkaðir við lönd né þjóðríki og finnast alls staðar. Fólk sem verður fyrir barðinu á myglusveppum verður oft flóttafólk í eigin landi. Myglusveppaflóttamaður er sá sem hvorki getur búið, dvalið né unnið í myglu- og rakaskemmdu húsnæði vegna einkenna og veikinda sem orsakast við innöndun.

Í Finnlandi eins og hér á landi er fjöldi myglusýktra bygginga. Samkvæmt upplýsingum finnska umhverfisráðuneytisins (Moisture and Mould Programme) er áætlað að sex til átta hundruð þúsund Finnar af rúmum fimm milljónum landsmanna búi við það að anda að sér eiturefnum af völdum myglusveppa. Afleiðingarnar geta verið varanlegir og alvarlegir sjúkdómar. Fólki sem er orðið ofurnæmt af völdum myglu er lífsins ómögulegt að búa og starfa í raka og mygluskemmdum byggingum.

**Margar orsakir**

Undirrót myglusveppa er raki sem getur átt sér margar orsakir. Algengustu ofnæmisvaldandi myglutegundirnar eru Alternaria, Aspergillus, Cladosporium og Penicillium. Agnir eða brot losna úr myglusveppunum, menga inniloftið og valda veikindum fólks og gæludýra. Agnirnar eru brot af sveppþráðum, gróum og askhirslum sem eru minna en 0,1 µm upp í 2,5 µm en það er minna en gró eru. Ofursmáar sveppaagnirnar blandast ryki sem óhjákvæmilega er alls staðar í húsnæði. Agnirnar smjúga svo inn um öndunarfæri og slímhúð.

Algeng byrjunareinkenni geta lýst sér sem fjröofnæmi með stíflum og ertingu í nefi, nefrennsli, hósta og höfuðverk en einnig með augnkláða. Þreyta og útbrot gera vart við sig og önnur einkenni geta svo fylgt í kjölfarið, mismundandi eftir því hver á í hlut. Fram geta komið skemmdir á innri líffærum, taugasjúkdómar, alvarlegar minnisraskanir, lungnasjúkdómar, ofnæmi fyrir ilmefnum og rokgjörnum efnum sem og ýmsir sjálfsnæmissjúkdómar. Ónæmiskerfið veiklast og fólk fær umgangspestir.

Eiturefnapróf og ofnæmispróf á fólki nema ekki þau áhrif sem myglusveppir hafa á heilsuna. Hafi fólk fengið ofnæmi fyrir myglusveppum einu sinni getur verið á brattann að sækja við að endurheimta heilsuna. Í því sambandi er heilbrigð þarmaflóra lykilþáttur. Niðurstöður rannsókna styðja í vaxandi mæli tengsl þarmaflóru við bólgur og sýkingar í líkamanum við langvinna sjúkdóma, við taugakerfið og samskipti þarma og heila. Sýnt hefur verið fram á að niðurbrot þarmaflóru tengist myglusveppum.

> **Fólki sem er orðið ofurnæmt af völdum myglu er lífsins ómögulegt að búa og starfa í raka og mygluskemmdum byggingum.**

Við fæðingu fáum við þarmaflóru í líkamann um fæðingarveg móður. Barn, sem fæðist um fæðingarveg móður, hefur betri þarmaflóru í veganesti en barn sem tekið er með keisaraskurði. Brjóstamjólk er rík af gerlum og góðum bakteríum. Þannig m.a. byggist þarmaflóra okkar upp. Við ráðum sjálf miklu um hvernig við förum með þarmaflóruna okkar. Heilbrigðir lífshættir og heilbrigð fæða er grunnurinn að endurheimt heilsunnar. Afeitrun líkamans undir leiðsögn næringarfræðinga, lækna eða grasalækna er þekkt bataleið sem gagnast mörgum.

Þekking á bataleiðum vegna myglusveppaeitrunar er takmörkuð enn sem komið er. Læknar standa iðulega ráðþrota. Sterar og pensilín hafa gagnast sumum myglusveppaþolendum. Leiðir til bata geta ráðist af aðstæðum hvers og eins. Ráðlegt er að leita ráðgjafar vitrustu manna á bataleiðinni.

Það er martröð að lifa með myglusveppum. Það vita þeir sem reynt hafa. Mygludraugurinn er staðreynd og sá draugur verður trauðla kveðinn niður.

# Nú er það Svart(á)



**Óli Halldórsson**
umhverfisfræðingur og sveitarstjórnarmaður Vinstri grænna í Norðurþingi

Á Alþingi síðastliðið vor lagði ég fyrir fjármála- og efnahagsráðherra, Benedikt Jóhannesson, og umhverfis- og auðlindaráðherra, Björt Ólafsdóttur, nokkrar spurningar. Þær snérust um lítið mál norður í landi, en stórt þó. Um það hvernig einkafjárfestar bera sig að við að sækja sér virkjunarheimildir á ríkisjörð, Stóru-Tungu í Bárðardal, til 10 MW vatnsaflsvirkjunar í eigin þágu. Markmiðið með bröltinu er ekki að lýsa upp rafmagnslausar sveitir, eða knýja hjól atvinnulífs afskekktra byggða, heldur einfaldlega að finna arðbæra leið til að ávaxta fé nokkurra einstaklinga á markaði.

**Að sækja sér virkjunarrétt**

Svör fjármála- og efnahagsráðherra eru athyglisverð. Þau draga fram mjög veigamikil atriði um náttúruvernd á Íslandi almennt:

„Lagaheimildir til gerðar nýtingarsamninga um orkuauðlindir á landi í eigu ríkisins eru ekki einskorðaðar við félög í eigu ríkisins. Áður hefur verið gengið til samninga um nýtingu orkuauðlinda á landsvæðum í eigu ríkisins við einkaaðila.“

„Samkvæmt lögum er það Orkustofnun sem gefur út rannsóknarleyfi sem er grundvöllur fyrir virkjunarleyfi ef rannsóknir sýna að hagkvæmt getur verið að virkja tiltekna auðlind. Slík rannsóknarleyfi eru gefin út til umsækjanda um slík leyfi án sérstaks samþykkis landeiganda. Meginhugsun laganna er að eigandi jarðeigna geti ekki staðið í vegi fyrir nýtingu á auðlindum landsins að þessu leyti ef virkjunarkosturinn er metinn hagkvæmur.“

Þetta skýrir sig sjálft. Svo virðist sem ráðuneytið líti svo á að hér geti nokkurn veginn hver sem er gengið á fund ríkisstofnunar og sótt sér heimildir til „rannsókna“ á virkjunarkostum. Og það sé hægt að gera fyrir luktum dyrum án nokkurra opinberra upplýsinga eða auglýsinga. Hagkvæmni er svo forsendan fyrir „virkjunarleyfi“ sem ráðherrann gefur út og sennilega notuð reglan „fyrstur kemur fyrstur fær“. Sérstakt samþykki landeigenda er óþarft. Í tilviki Svartárvirkjunar, og þeirra einstaklinga sem ásælast þá auðlind, myndi samningur tryggja 90-95% af rentum í vasa einkafjárfestanna til framtíðar. Ríkið/almenningur fengi hlutdeild í 3-10%. Húsöndin og urriðinn ekkert.

**Umhverfisráðherra mótfallinn?**

Víkjum þá að umhverfis- og auðlindaráðherra. Svar hennar um virkjun einkafjárfestanna í Svartánni er vissulega loðið eins og við var að búast. Það verður þó seint túlkað í þá veru að það lýsi jákvæðni gagnvart áformum garpanna sem vilja fórna Svartá fyrir ávöxtun aura sinna. Ráðherra segir m.a.:

„Almennt er það afstaða ráðherra að leggja þurfi aukna áherslu á friðlýsingar og náttúruvernd og það er stefna hennar að vinna að fjölgun og stækkun á friðlýstum svæðum á landinu. Í því geta falist mikil tækifæri.“

„Almennt er afstaða ráðherra sú að ekki dugi að líta eingöngu til þeirra verðmæta sem felast í orkuauðlindum svæða, heldur eru jafnframt mikil verðmæti fólgin í lífríki, víðerni og náttúru sem ekki hefur verið raskað.“

„[...] ef til þess kæmi að vatnasvið Svartár og Suðurár yrði friðlýst, væri rökrétt að það yrði gert með því að svæðið yrði fellt inn í Vatnajökulsþjóðgarð og yrði hluti af stjórnkerfi hans.“

**„Svartárdeilan“ næsta Laxárdeila?**

Þetta er Svartárdeilan. Og hún er hafin. Það vekur óhug að í henni birtast að nokkru leyti áþekk öfl og í frægustu náttúruverndardeilu á Íslandi, Laxárdeilunni, sem átti sér stað í þarnæsta dal fyrir fáeinum áratugum. Þarna eru í aðalhlutverki nokkrir gráðugir einstaklingar sem áforma vatnaflutninga með virkjun einstæðrar náttúruperlu á landi ríkisins, í eigin þágu. Og reyna að nýta til þess máttlaust viðbragðskerfi opinberrar stjórnsýslu náttúruverndar. Skalinn er annar en forsendurnar svipaðar. Það sem gerir Svartárdeiluna verri er þó hvernig hún afhjúpar hversu berskjaldað landið okkar virðist vera fyrir áformum einstaklinga og einkafyrirtækja í virkjunarhug.

Einn hópinn í þessu leikriti öllu skulum við þó ekki vanmeta. Það er fólkið í landinu. Sama fólk í sama landi og stöðvaði galnar hugmyndir gráðugu aflanna í Laxárdeilunni. Svartárvirkjun verður stöðvuð, á því leikur lítill vafi. Því fyrr sem allir átta sig á því, því betra. En hitt þarf að stöðva líka, að skotleyfi sé opið fyrir einkaaðila á náttúru Íslands í gegnum eitthvert ógegnsætt stjórnsýslupukur við leyfisútgáfu til hvers sem eftir því sækist.

*Svör umhverfis- og auðlindaráðherra: http://www.althingi.is/altext/146/s/1159.html*

*Svör fjármála- og efnahagsráðherra: http://www.althingi.is/altext/146/s/1160.html*



# Rýmingarsala bókaútgefenda í Glæsibæ

NÚ Á NÝJUM STAÐ

ALLIR SEM VERSLA FÁ BÓK AÐ GJÖF

BÆKUR FRÁ 99 KR.

## Allt að 90% afsláttur




Bestu fótboltamenn allra tíma
Verð: 1499 kr.




13 skrýtnir jólasveinar
Verð: 699 kr.




Íslenski vegaatlasinn
Verð: 990 kr.




Nigella á ítölskum nótum
Verð: 990 kr.




Mínímalískur lífsstíll
Verð: 990 kr.




Taktu betri ljósmyndir
Verð: 999 kr.




Eitt þúsund tungumál
Verð: 990 kr.




Krúnuleikarnir
Verð: 999 kr. hver bók.

**Dagana 14. sept. til 8. okt.**
**í Glæsibæ** (þar sem Útilíf var áður til húsa)

**Opnunartími 10-18**
**alla daga vikunnar**

# KRÓNAN




**Borðaðu mig bestur núna!**

**589** kr. pk.

Avocado þroskað 3 stk, Mexíkó




LÍFRÆNT VOTTAÐ organic

**449** kr. pk.

GB Avocado 2 stk. Spánn





**Ódýrt**

**469** kr. pk.

Avocado í neti, 750 g, Kólumbía


KRÓNAN
Ódýrt
VEGAN
vegan
Grænmetisbuff, 4 stk.
699 kr. pk.
KRÓNAN
HAMBORGARA BRAUÐ
STÓR 4 STK.
KRÓNAN
PÍTU SÓSA
400 ml
Ódýrt
239 kr. stk.
Krónan pítusósa, 400 ml
Ódýrt
179 kr. pk.
Krónan hamborgarabrauð, 4 stk.
KVÖLDMATUR
FYRIR 4
Á 1.117 KR.
Tilboðin gilda til 2. október. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is



KRÓNAN
Krónan mælir með!
-20%
4199 kr. kg
Lambafile með fituröndd
Verð áður 4999 kr. kg
699 kr. kg
Lamba súpukjöt 1/2 frampartur
Verð áður 899 kr. kg
Kjöt veisla!
-20%
3199 kr. kg
Ungnautasteikur, Írland
Verð áður 3999 kr. kg
-25%
3999 kr. kg
Ungnauta piparsteik file, Írland
Verð áður 5399 kr. kg
Tilboðin gilda til 2. október. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
Krónan mælir með!
Kjúklingafile
2199 kr. kg
-20%
1099 kr. kg
Kjúklingalærleggir ½ úrbeinað
Verð áður ~~1399~~ kr. kg
-20%
1099 kr. kg
Grísahnakki úrbeinaður í heilu og hálfu, Spánn
Verð áður ~~1399~~ kr. kg
-20%
1199 kr. kg
Grísahryggur úrbeinaður, Spánn
Verð áður ~~1499~~ kr. kg
Tilboðin gilda til 2. október. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

**Qarabag - Roma 1-2**

**Basel - Benfica 5-0**

**CSKA - Man. Utd 1-4**
0-1 Romelu Lukaku (4.), 0-2 Anthony Martial (19., víti), 0-3 Romelu Lukaku (27.), 0-4 Henrikh Mkhitaryan (57.), 1-4 Konstantin Kuchaev (90.).

**PSG - Bayern 3-0**
1-0 Dani Alves (2.), 2-0 Edinson Cavani (31.), 3-0 Neymar (63.).

**Anderlecht - Celtic 0-3**

**Atletico - Chelsea 1-2**
1-0 Antoine Griezmann (39., víti), 1-1 Álvaro Morata (59.), 1-2 Michy Batshuayi (90.).

**Sporting - Barcelona 0-1**
0-1 Sebastian Coates (49., sm).

**Juventus - Olympiakos 2-0**
1-0 Gonzalo Higuaín (69.), 2-0 Mario Mandzukic (80.).

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 16.00 | Þór/KA - FH | Sport |
| 16.00 | Breiðablik - FH | Sport 2 |
| 16.55 | Lazio - Zulte | Sport 3 |
| 16.55 | BATE - Arsenal | Sport 4 |
| 17.00 | Presidents Cup | Golfstöðin |
| 19.00 | Maccabi - Villarreal | Sport 3 |
| 19.00 | Everton - Limassol | Sport 2 |
| 19.15 | Stjarnan - Haukar | Sport |
| 19.20 | Selfoss - Valur | Sport 4 |



Sandra Stephany Mayor, leikmaður Þórs/KA, hefur verið besti leikmaður Íslandsmótsins og getur verið örlagavaldur í dag. Hún skorar hér gegn Breiðabliki fyrr í sumar en stöllur hennar þurfa á því að halda að hún verði í banastuði gegn FH í dag ef liðið ætlar sér að verða Íslandsmeistari. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




# Hvar endar bikarinn?

**Það er mikil spenna fyrir lokaumferðina í Pepsi-deild kvenna sem fer fram í dag. Þór/KA og Breiðablik eiga bæði möguleika á titlinum.**

**FÓTBOLTI** Nokkuð óvænt er hlaupin spenna í Pepsi-deild kvenna þegar aðeins lokaumferðin er eftir. Þór/KA hefur verið með yfirburði í allt sumar en misstígi liðið sig í dag gæti það misst Íslandsmeistaratitilinn yfir til Breiðabliks.

Þór/KA er með tveggja stiga forskot á Breiðablik. Jafntefli mun ekki duga norðanstúlkum ef Blikar klára sinn leik því markamunurinn er betri hjá Kópavogsstúlkum. Þór/KA verður því að vinna FH í dag til að gulltryggja sér titilinn. Breiðablik verður að vinna Grindavík og vona það besta.

Leikirnir hefjast á hinum óhentuga tíma 16.15 en á Akureyri er vonast eftir því að allir standi saman svo hægt verði að mynda flotta stemningu á leiknum en mikið verður lagt í umgjörðina.

### Hætta snemma í vinnunni

„Við höfum verið að hvetja atvinnurekendur til þess að hleypa fólki fyrr heim úr vinnunni svo það geti séð leikinn. Hann er auðvitað á asnalegum tíma og leiðinlegt því það á að gera mikið í kringum leikinn. Það verður stuðningsmannasveit í stúkunni með trommur og læti meðal annars. Það á að gera allt sem er hægt til þess að skapa sem besta stemningu á leiknum,“ segir Sandra María Jessen, fyrirliði Þórs/KA, en hún segir að liðið sé búið að hrista af sér vonbrigðin frá því í síðustu umferð er liðið tapaði óvænt í Grindavík.

„Þetta var ágætis vakning. Alveg eins og þegar við töpuðum í Eyjum fyrr í sumar. Leikurinn gegn Stjörnunni sem kom í kjölfarið var einn okkar besti leikur í sumar. Við erum að tækla þetta mótlæti eins og við gerðum þá. Við erum að reyna að nýta okkur pirringinn og vonbrigðin til þess að peppa okkur. Það er góð blanda af spennu og tilhlökkun í hópnum,“ segir Sandra ákveðin og segir liðið alls ekki vera að fara á taugum.

„Engan veginn. Þetta er bara eins og hver annar fótboltaleikur nema það er aðeins meira undir. Það er því enn meiri vilji til þess að hafa hausinn í lagi.“

### Slökkvum á netinu

Rakel Hönnudóttir, fyrirliði Breiðabliks, viðurkennir að Blikastúlkur hafi ekki átt von á því að vera í þessari stöðu í dag.

„Þetta leit ekkert vel út á tímabili og var langsótt. Við ákváðum að pæla ekkert í öðrum. Bara klára okkar leiki og sjá svo til hvernig það færi. Það hefur ekkert breyst því við ráðum örlögum okkar ekki sjálfar. Við verðum að gera okkar og vona svo það besta,“ segir Rakel en Blikar verða án tveggja sterkra lykilmanna sem eru nú í atvinnumennsku erlendis.

Rakel ætlar ekki að fylgjast með gangi mála á Akureyri.

„Ég held við græðum ekkert á því að spá í þann leik. Við slökkvum bara á netinu, spilum okkar leik og sjáum svo til í lokin. Það eru smá líkur á að þetta falli með okkur. Við höldum samt í vonina.“

henry@frettabladid.is

# Fólk

## Heilsa

FIMMTUDAGUR 28. SEPTEMBER 2017



# Nýir eyrnadropar við eyrnaverk og bólgu

Otikon eru eyrnadropar sem hreinsa eyrnamerg úr hlust, draga úr verk og styðja við meðferð við eyrnabólgu. Otikon er í úðaformi og inniheldur einungis náttúruleg efni. Hentar bæði fyrir börn og fullorðna. →2



**Vala Eiríks útvarpskona á FM957 fer ekki troðnar slóðir þegar kemur að fatavali. Svo gengur hún alltaf berfætt.**

tíska →4



FINNDU ÞINN EIGIN STÍL

*Fallegt, fágað og töff*

comma,

SMÁRALIND

Framhald af forsíðu

„Otikon eyrnadropar hreinsa eyrnamerg úr hlust, draga úr verk og styðja við meðferð við eyrnabólgu,“ segir Þórhildur Edda Ólafsdóttir, sölufulltrúi hjá Artasan.

Sýking í miðeyra eða miðeyrnabólga getur orsakast af stíflu í kokhlust sem tengir saman miðeyra og nefkokið. Við kvef getur stíflan valdið söfnun vökva sem getur orðið gróðrarstía og leitt til sýkingar. Þessi bólga er algengari hjá ungbörnum og börnum þar sem kokhlustin er þrengri og stíflast auðveldlega. Aðaleinkenni eyrnabólgu er verkur, sem getur verið frá vægum til óbærilegs í versta falli sem leiðir til æsings og óróa, aðallega hjá börnum. „Mikilvægt er að taka fram að eyrnaverkur gefur ekki endilega til kynna bólgu og stundum er nægilegt að eyrnagöngin séu stífluð til að valda verk, með öðrum orðum þá þarf eyrnaverkur ekki endilega að tengjast bakteríusýkingu,“ áréttar Þórhildur.

„Otikon eru eyrnadropar til úðanotkunar sem innihalda náttúruleg efni sem notuð eru til að hreinsa eyrnamerg úr hlustinni, draga úr eyrnaverk og styðja við meðferð við eyrnabólgu,“ segir Þórhildur.

Otikon hefur marga kosti, úðinn hjálpar til við að fjarlægja eyrnamerg úr hlustinni á eðlilegan hátt en úðinn mýkir eyrnamerginn og smyr hlustina, hann nýtist þannig til að bæta heyrn með því að losa tappa af eyrnamerg úr hlustinni.

Úðinn þekur hlustina með olíulagi sem ver hana fyrir utanaðkomandi efnum auk þess sem úðinn getur dregið úr verkjum. Úðinn hentar börnum og fullorðnum og mikill kostur þykir hve auðveldur hann er í notkun.

NÝTT

100% náttúruleg innihaldsefni








Þórhildur Edda Ólafsdóttir, sölufulltrúi hjá Artasan.

Otikon fæst í næsta apóteki.

## Auðveld notkun

- 1-2 úðar í eyra, mest þrisvar á dag í 5 til 7 daga, eða þangað til einkenni lagast.
- Hristið flöskuna, réttið úr úðastútnum og setjið endann u.þ.b. ½ cm inn fyrir op hlustarinnar, úðið.
- Bíðið í hálfa mínútu og setjið lítinn bómullarhnoðra í eyrað. Eftir úðun má halla höfðinu til hliðar til að flýta fyrir að lausnin berist inn í eyrað.
- Geymið dropana á svölum stað en þá má nota í þrjá mánuði eftir opnun.

## Otikon

- Meðferð við eyrnaverk og bólgu í tengslum við miðeyrnabólgu
- Hjálpar til við að fjarlægja eyrnamerg úr hlustinni

**Úðinn hentar börnum og fullorðnum en mikill kostur þykir hve auðveldur hann er í notkun.**





**Shiseido kynning í Sigurboganum fimmtudag, föstudag og laugardag.**

Kynnum glæsilega nýja haustliti ásamt spennandi nýjungum í kremum.

Sérfræðingur frá Shiseido veitir faglegar ráðleggingar.

Falleg gjöf fylgir með kaupum á tveimur Shiseido vörum.

20% AFSLÁTTUR

SIGURBOGINN


# Kraftmikil sætkartöflusúpa

Skammdegið er á næsta leiti og haustpestir farnar að herja á fólk. Þá er gott að fá eitthvað heitt og næringarríkt í kroppinn. Þessi súpa gefur bæði vítamín og kraft.

Fyrir fjóra (og jafnvel í afgang daginn eftir)

**1 stór sæt kartafla**
**5-6 stórar gulrætur**
**1 dós tómatar í dós**
**1 dós kókosmjólk (feitari gerðin)**
**2-3 hvítlauksrif**
**2-3 sentimetrar engifer**
**1-2 msk. karrý**
**1 kjúklingateningur**
**Safi úr 1 límónu**
**Um ½ - 1 lítri vatn**

Skrælið sætu kartöfluna og gulræturnar og skerið í hæfilega bita. Sjóðið í u.þ.b. 20 mínútur eða þar til kartöflurnar eru orðnar mjúkar. Hellið í matvinnsluvél ásamt tómötunum og helmingnum af vatninu og maukið slétt. Rífið engifer og hvítlauk og steikið létt í olíu í góðum súpupotti. Hellið maukinu út í ásamt restinni af vatninu. Vatnsmagn fer eftir því hversu þykka þið viljið hafa súpuna. Prófið ykkur áfram.

Bætið karrý, uppleystum kjúklingakrafti og kókosmjólk við og látið suðuna koma upp. Bragðbætið með límónusafa og salti ef þarf. Gott er að bera súpuna fram með sólblóma- eða graskersfræjum, ferskum kryddjurtum og góðu brauði.

**Súpan er ekki síðri daginn eftir. Það er gott að dreifa yfir hana sólblómafræjum.**



Súpan er matarmikil og afar bragðgóð.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433



32.980 kr.
24.980 kr.
29.980 kr.
29.980 kr.
27.980 kr.
27.980 kr.
23.980 kr.
29.980 kr.
22.980 kr.
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is
24.980 kr.

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.


Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

Opið 8-22

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466






Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



„Plastgleði þín og plastsorg er raunveruleg“

Málþing um stöðu og lausnir á plastvandanum

28. september 2017. 16:00 - 17:30.
Í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins.

Dagskrá:

Plaststefna Íslands
Hólmfríður Þorsteinsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.

Örplast í fráveitu
Íris Þórarinsdóttir, tæknistjóri fráveitu hjá Veitum.

Endurvinnsla á plasti
Gyða Sigríður Björnsdóttir, sérfræðingur hjá Sorpu.

Leysum plastvandann
Dr. Rannveig Magnúsdóttir, verkefnastjóri hjá Landvernd

EU action to combat marine litter
Michael Mann, sendiherra sendinefndar Evrópusambandsins á Íslandi.

Spurningar úr sal og léttar veitingar í lokin.

Fundarstjóri: Guðrún Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Stofnunar Sæmundar fróða.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
UMHVERFIS- OG AUÐLINDAFRÆÐI

PLASTLAUS SEPTEMBER


# Berfætta útvarpskonan

**Valdís Eiríksdóttir, dagskrárgerðarmaður á FM957, hefur sérstakan fatastíl sem eftir er tekið. Henni finnst best að vera frjálslega klædd og berfætt.**



Elín Albertsdóttir
elin@365.is


Valdís, eða Vala eins og hún er kölluð, segist alltaf hafa verið veik fyrir bóhem- og hippastíl. Hún gengur helst ekki í síðbuxum nema þær séu extra þægilegar en elskar að ganga í þægilegum kjólum eða pilsum. Vala sér um að spila vinsælustu tónlistina á FM957 milli klukkan 13-17 alla virka daga. „Ég er alltaf með topplögin á fóninum,“ segir hún en sjálf hefur Vala lengi sungið með hljómsveitum og sem trúbador.

Það má segja að Vala fari sínar eigin leiðir í tískunni og hún viðurkennir það. Hún þykir frumleg og frjálsleg. „Já, ég hef alltaf viljað ráða mér sjálf í klæðaburði. Uppáhaldsbúðin mín er Indiska en einnig hef ég gaman af því að heimsækja markaði í útlöndum, til dæmis indverska. Mér finnst Freebird falleg verslun og á nokkrar flíkur þaðan. Síðan safna ég að mér úr öllum áttum, til dæmis second hand fötum. Ég á til dæmis margar flíkur úr fataskáp mömmu. Ég er hrifin af litum og blómum. Ég er eiginlega alltaf berfætt og það er orðið að vinnustaðabrandara á FM. Mér finnst langbest að vera berfætt en ég fer reyndar í skó þegar mér verður kalt. Ég nýt þess að vera eins og mér líður best og er ófeimin við það,“ segir Vala og gantast með að heima vilji hún helst ekki vera í fötum. „Mér finnst frábært að vera bara eins og ég er,“ segir hún.

Vala hefur unnið á FM frá árinu 2015. „Ég hef haft áhuga á tónlist frá því ég man eftir mér. Hugur minn stefndi á að vera hundrað prósent starfandi tónlistarmaður. Ég þurfti hins vegar að finna mér vinnu með tónlistinni og var svo heppin að finna mig í útvarpi. Ég hlakka til að mæta í vinnuna alla daga,“ segir þessi unga og hressa útvarpskona sem spilar á úkúlele, píanó og gítar. „Mamma er undrabarn í tónlist. Hún getur tekið upp hvaða hljóðfæri sem er og spilað. Hún syngur með kór en ég myndi vilja sjá hana gera meira í tónlist.“

Vala hefur margvísleg áhugamál fyrir utan tónlistina. Ferðalög eru ofarlega á lista auk alls kyns menningar. Hún stundar pole fitness, loftfimleika og þjálfar fimi sína á súlu. „Ég byrja daginn á að sveifla mér á súlu sem ég er með í svefnherberginu mínu. Það er frábær líkamsrækt og þjálfun sem maður fær á súlunni og það er ekkert dónalegt við það,“ segir Vala sem býr ein með kisunum sínum en hún er mikill dýravinur. „Það eru margir spennandi hlutir að gerast hjá mér á næstunni. Ég ætla aðeins út fyrir þægindarammann í leiklist og tónlist. Ég hef mikinn áhuga á leiklist og langar að leggja hana meira fyrir mig,“ segir Vala en enn sem komið er má hún ekki upplýsa um væntanlegt verkefni.


Vala Eiríks fetar ekki troðnar slóðir í fatavali. MYNDIR/EYÞÓR


SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
CUBE
STAGES CYCLING
Wilier TRIESTINA
## Fyrsta sending frá Tacx kemur 3.október ##
Tacx
ParkTool
Xenofit
www.xenofit.de
STAGES
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 11:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00
Rolf PRIMA



KRINGLUNNI | 588 2300
INDISKA



black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

tv
ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR
Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáhaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér
365
365ASKRIFT.IS


Axel er ekki hattatýpan að eigin sögn. Hann á þó nokkra sem hann notar helst á sviði. MYND/ERNIR

# Spilar kántrí í Texas

Kántríklæðnaður er hvunndagsklæðnaður hjá Axel Ómarssyni söngvara hljómsveitarinnar Axel O & Co. Sveitin er tilnefnd til verðlauna á kántrítónlistarhátíð í Texas.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Axel flutti til Texas í Bandaríkjunum sextán ára gamall og bjó þar til 26 ára aldurs. „Kántriáhuginn kom því í raun af sjálfu sér enda er það hvunndagsklæðnaður að vera í gallabuxum, kúrekastígvélum, bolum og skyrtum,“ segir Axel. „Það eru ákveðnar týpur af Texasbúum sem ganga með hatt en reyndar er meira um það í sveitum en borgum.“

Þessi klæðastíll hefur síðan fylgt Axel alla tíð. „Vitanlega tek ég tillit til umhverfisins og ef ég hef verið að vinna á skrifstofu hef ég verið í jakkafötum. En þegar ég fæ að ráða þá er þessi kántríklæðnaður fyrsta val.“

## Ekki hattatýpa

Axel kaupir flest sín föt í Texas enda liggur leið hans þangað reglulega að heimsækja fjölskyldu sína. „Ég fer helst í Outback Western Wear og Bootbarn til að kaupa skyrtur en á Íslandi er helst hægt að fá góðar skyrtur í Levi's búðinni,“ segir Axel en stígvél kaupir hann í Texas þar sem hann segir úrvalið langmest. „Reyndar nota ég líka dálítið Timberlandskó sem eru dálítið kántrí.“

Axel segir lítið mál að klæða sig upp á í kántrístíl. „Menn gera það oft í Texas að fara í fína skó, gallabuxur, fallega skyrtu og eru þá jafnvel í Armanijakka við og með kúrekahatt. Ég er sjálfur oft þannig til fara við fínni tilefni, en sleppi hattinum,“ segir hann því hatta notar hann sjaldan, nema á sviði.

## Tilnefndir í Texas

Auk þess að kaupa á sjálfan sig í Texas dressar hann upp hljómsveitarmeðlimi sína í sveitinni Axel O & Co. sem hann stofnaði fyrir tveimur árum. „Ég er alinn upp í tónlist, pabbi er djasspíanisti og ég hef verið að spila frá því ég man eftir mér,“ segir Axel sem hefur spilað kántrítónlist á Íslandi í um áratug.

Í sveitinni Axel O & Co. eru mætir tónlistarmenn. „Þarna eru menn á borð við Magga Kjartans, Jóa Ásmunds úr Mezzoforte, Fúsa Óttars og Sigurgeir Sigmundsson. Við höfum spilað töluvert og vorum nú síðast á Country festivali sem haldið var á Selfossi,“ segir Axel en næsta verkefni sveitarinnar er að fara til Texas í nóvember. „Þar munum við spila og erum tilnefndir til verðlauna á Texas Sounds International Country Music Awards,“ segir Axel en bandaríska sendiráðið á Íslandi styrkir þá til fararinnar.


Axel kaupir flest fötin sín í Texas en þó einnig í Levi's búðinni. MYND/ERNIR


Gallaskyrta með skrauti, gallabuxur og stígvél eru hentugur hvunndagsklæðnaður að sögn Axels. MYND/ERNIR

> Í Texas fara menn í fína skó, gallabuxur, fallega skyrtu og eru jafnvel í Armanijakka við og með kúrekahatt.

## Kántríið verður vinsælla

Axel segir kántríið vera að ryðja sér æ meir til rúms um allan heim. „Kántrítónlistarmarkaðurinn er einn stærsti markaður fyrir tónlist í heiminum og kántríið er vinsælt í löndum í kringum okkur, til dæmis á Norðurlöndunum. Einhvern veginn hefur þessi kántríheimur verið misskilinn hér á landi og fólk leggur allt of mikla merkingu í hann. Þegar fólk svo kynnist nútíma kántrítónlist kemst það að því að þetta er bara venjulegt rokk og popp, með sveitaívafi.“

# Einingahús

FIMMTUDAGUR 28. SEPTEMBER 2017

Kynning: Húsasmiðjan




„Byggingarhraðinn er mikill og húsin eru vönduð og vel einangruð að norskum kröfum sem eru meiri en við höfum hér á landi," segir Ingvar Skúlason, ráðgjafi á fagsölusviði Húsasmiðjunnar. MYND/EYÞÓR

# Frábær einingahús á góðu verði

Húsasmiðjan opnaði í sumar nýja verslun að Kjalarvogi 12-14 í Reykjavík. Þar er m.a. boðið upp á glæsileg einingahús frá fyrirtækinu Seve sem hafa notið mikilla vinsælda víða um heim. →2

**Framhald af forsíðu ➪**

Seve er eitt af stærstu fyrirtækjum í einingahúsasmíði í Eistlandi. Húsin sem Seve framleiðir eru á mjög hagstæðu verði en í Noregi má sjá um það bil átta hundruð slík hús af öllum stærðum og gerðum víða um land. Þá hafa húsin verið seld til Svíþjóðar og Sviss, að því er Ingvar Skúlason, ráðgjafi á fagsölusviði Húsasmiðjunnar, upplýsir. „Húsasmiðjan hefur áratuga reynslu í framleiðslu og sölu á einingahúsum, en fyrsta húsið var reist í Melgerði árið 1957. Við byggjum því á gömlum grunni. Nýlega tókum við upp samstarf við Seve í Eistlandi en þeir hafa framleitt hús í marga áratugi. Þetta eru íbúðarhús, parhús, smáhýsi og í rauninni einingahús af öllum stærðum og gerðum. Nefna má leikskóla, grunnskóla ásamt alls kyns húsum sem henta vel í ferðaþjónustu,“ segir Ingvar og bendir á að nýlega hafi fyrstu húsin risið í Hrífunesi, skammt frá Vík í Mýrdal.

## Ódýrt en vandað

Það var byrjað að grafa grunn fyrir fjórum húsum í Vík í Mýrdal í byrjun mars sem voru fullbúin í byrjun júní. „Aðeins tók fjórtán vikur frá því byggingaframkvæmdir hófust þar til hægt var að afhenda húsin. Þetta eru allt fullbúin einbýlishús af stærðinni 120-145 fermetrar. Byggingarhraðinn er mikill og húsin eru vönduð og vel einangruð að norskum kröfum sem eru meiri en við höfum hér á landi. Norðmenn leggja til dæmis meira í hitaeinangrun. Við erum líka að bjóða margs konar lausnir fyrir ferðaþjónustuna, t.d. smærri hús af stærðinni 22-30 fermetrar. Þetta eru einingahús með gistirými, snyrtingu og eldunaraðstöðu.“

Ingvar bendir á að einingahúsin séu ódýr en um leið vandaður byggingarmáti. „Með því að velja þessa leið styttum við byggingartímann til muna og lækkum fjármagnskostnað. Ef fólk kaupir hús af Húsasmiðjunni er gerður viðskiptasamningur og þá getur húskaupandinn keypt allt annað hjá okkur sem þarf til að klára húsið, t.d. baðtæki, eldhúsinnréttingar, hurðir og margt fleira.“

## Þrjú byggingarstig

Húsin er hægt að kaupa á þremur byggingarstigum. „Á fyrsta stigi eru bara einingarnar, út- og innveggir. Á öðru stigi reisum við húsið og skilum því fullbúnu að utan. Á þriðja stigi er það afhent tilbúið til spörslunar og málunar að innan,“ segir Ingvar og bætir við að þetta sé mjög ódýr og góður kostur. Afgreiðslutími er stuttur og húsin eru fljótleg í uppsetningu.



Húsasmiðjan býður upp á gott úrval tómstundahúsa og einbýlishúsa. Þetta hús stendur í Hrifunes Natural Park á Suðurlandi.

Hægt er að velja um margvíslegar utanhússklæðningar hjá Húsasmiðjunni.

Sérfræðingar hjá Húsasmiðjunni ráðleggja kaupendum um hvernig hús hentar best, miðað við hönnun að innan, herbergjastærð, -fjölda og fleira. „Það er í raun allt frjálst með hönnun innanhúss en við breytum ekki burðarstrúktúr hússins. Húsin henta vel íslenskum markaði og standast allar byggingarkröfur. Þetta er falleg hönnun, einföld og skemmtileg,“ segir Ingvar.

## Margir áhugasamir

Hann segir Húsasmiðjuna finna fyrir feikimiklum áhuga á einingahúsunum. „Margir eru þegar búnir að panta hús og eru með teikningar hjá skipulagsyfirvöldum til samþykktar. Þessi hús munu rísa víða um land. Við erum til dæmis með nokkra sumarbústaði sem verða reistir núna í haust. Það eru bæði staðlaðar einingar og sérhönnuð hús. Þetta er mun ódýrari kostur en að kaupa eldri bústað og frábær hús sem gott er að búa í,“ segir Ingvar.

Frekari upplýsingar um Seve einingahúsin, stálgrindarhús, krosslímd einingahús frá Húsasmiðjunni, svalalokanir og fleira tengt húsasmíði má fá hjá fagsviði í Kjalarvogi þar sem veitt er faglegg og persónuleg þjónusta. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á www.husa.is og hjá Ingvari Skúlasyni í síma 660-3087.



Fjölbreyttar og skemmtilegar útfærslur eru í boði.



OTTO húsin eru 145 fermetrar. Þau kosta 18,6 milljónir án uppsetningar.



Einingahúsin eru björt og falleg að innan.



Hægt er að kaupa tengihús og raðhús í mörgum stærðum og útfærslum.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Veffang: Visir.is


Smellinn
forsteyptar einingar
frá BM Vallá
í flestar gerðir húsa
Snjall, traustur og fljótlegur kostur fyrir byggingaraðila. Styttri byggingartími og hagkvæm byggingaraðferð sem hentar flestum gerðum húsa. Það kemur mörgum á óvart hversu fjölbreytt framleiðsla okkar er og hvers við erum megnug.
Þú getur treyst á gæðin og reynslumiklir sölumenn okkar aðstoða með ánægju í síma 412 5050 eða á sala@bmvalla.is
BM·VALLÁ
bmvalla.is





## Óvenjulegt gámahús

Íbúðarhús úr gámum er í byggingu úti í eyðimörkinni í Kaliforníu. Framkvæmdir munu hefjast í byrjun næsta árs en húsið á að byggja fyrir kvikmyndaframleiðanda nokkurn og fjölskyldu hans sem býr í Los Angeles. Hönnun hússins er í höndum James Whitaker sem rekur stúdíó í London. Whitaker hafði nokkrum árum áður unnið tillöguna að gámahúsinu sem skrifstofuhúsnæði á lóð í Þýskalandi en ekkert varð úr þeim framkvæmdum.

Kvikmyndaframleiðandinn féll fyrir hönnun Whitakers þegar hann var staddur ásamt vinum sínum á landareign sinni í eyðimörkinni við Joshua Tree þjóðgarðinn. Einhverjum þeirra varð að orði: „Veistu hvað færi vel á þessum stað?“ og sýndi landeigandanum mynd af gámahúsi Whitakers.

Gengið var frá samningum um að í eyðimörkinni risi sumarhús eða afdrep fyrir fjölskylduna eftir teikningunum af skrifstofuhúsnæði Whitakers.

Húsið verður samsett úr hvítmáluðum gámum sem standa út og upp af hver öðrum í allar áttir. Steinsteyptar súlur lyfta undir þá.

Húsgögnin eru hönnuð af ísraelska iðnhönnuðinum Ron Arad en Whitaker vann lengi á hönnunarstofu Arads í London.

Hugmyndin er að húsið tengist umhverfinu en veiti þó íbúum þess næði til þess að vera í friði. Whitaker hefur sagt eigandann vera „draumaviðskiptavin“ arkitekts og að bakgrunnur hans í kvikmyndaiðnaðinum geri hann opinn fyrir óvenjulegum útfærslum.





# Norsku katalóghúsin

Innflutningur á tilsniðnum húsum frá Noregi tíðkaðist á fyrstu öldum Íslandsbyggðar og hefur slíkur innflutningur átt sér stað á öllum öldum síðan, ekki síst vegna katalóga sem sýndu hús, byggingahluta og skraut sem notaðir voru sem fyrirmyndir hjá íslenskum forsmiðum. Elstu hús sem varðveist hafa hér á landi, og eiga með vissu uppruna sinn í Noregi, eru frá seinni hluta 18. aldar, eru forsmíðuðu katalóghúsin frá norsku trésmiðjunni Strømmen Trævarefabrik.

Norska húsið í Stykkishólmi er til að mynda forsmíðað, norskt hús, reist árið 1832 af Árna Thorlacius, kaupmanni og útgerðarmanni í Stykkishólmi. Húsið er fyrsta tvílyfta íbúðarhúsið sem reist var á Íslandi en það var byggt úr tilsniðnum viði frá Noregi. Norska húsið er nú í eigu Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla. Á miðhæðinni hefur verið sett upp „heldra manna heimili“ Árna og Önnu Thorlacius á 19. öld, en á jarðhæð eru sýningarsalir og krambúð. Í risinu er opin safngeymsla þar sem gestir geta glöggvað sig á hinum miklu viðum sem húsið er byggt úr og upplifað stemningu liðins tíma.
*Heimild: stykkisholmur.is*





# HAUSTYFIRHAFNIR Í ÚRVALI

skoðið laxdal.is/yfirhafnir



**ÍTALSKAR ULLARKÁPUR**

**30% afsláttur til 30. sept.**

**NÝ GLÆSILEG VERSLUN SKIPHOLTI 29B**

BERNHARÐ LAXDAL

**Laugavegi 63 • Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is**

# Tagl, toppur og túpering

**Hugrún Harðardóttir hárgreiðslumeistari segir að hártískan í vetur verði fjölbreytt og skemmtileg. Túperaður hnakki og flatur toppur, hátt/ lágt tagl, fléttur og snoðklipping er á meðal þess sem verður í tísku.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Hugrún Harðardóttir var aðeins fimmtán ára þegar hún byrjaði að sópa gólf á hárgreiðslustofu. Síðan þá hefur hún unnið í faginu og er hárgreiðslumeistari með eigin stofu í dag. „Ég opnaði hárgreiðslustofuna Barbarella Coiffeur á horni Vonarstrætis og Suðurgötu í september fyrir þremur árum. Ég er alltaf þakklát fyrir vinnuna mína. Ég vinn á besta og fallegasta staðnum í miðborginni með iðandi mannlíf allt í kring og hitti frábært fólk á hverjum degi. Ég vinn mjög skapandi vinnu og fæ að láta fólki líða vel. Ég bið ekki um meira,“ segir Hugrún brosandi.

Henni finnst haustin skemmtilegasti tíminn þegar kemur að tísku því hausttískan henti íslensku veðurfari yfirleitt ágætlega. „Ég hlakka alltaf til að fara til útlanda á haustin til þess að ná mér í smá vítamínsprautu fyrir fagið mitt og skoða strauma og stefnur. Ég vafra oft um á Pinterest þegar mig vantar innblástur en ég fæ líka mikið út úr því að setjast niður með góðan kaffibolla og tímarit á Eymundsson í Austurstræti þegar tími gefst til,“ segir Hugrún þegar hún er spurð hvernig hún fylgist með nýjustu hártískunni.

## Fjölbreytt hártíska

Vetrartískan í ár er mjög fjölbreytt og skemmtileg og ættu allir að finna línu við sitt hæfi, að sögn Hugrúnar. „Hárið verður áberandi náttúrulegt og afslappað og um að gera að nýta þá eiginleika sem hárið hefur að geyma. Hvort sem hárið er brjálæðislega krullað, með mjúka liði eða alveg slétt, þá er allt flott. Gott er að hafa í huga að þótt hárið sé afslappað þá fæst það útlit ekki alveg fyrirhafnarlaust og ég mæli með að fá fagmanneskju til aðstoðar við að finna rétta mótunarefnið, því það breytir öllu. Djúp hliðarskipting verður mjög áberandi og einnig afturgreitt hár, sem er eins fingrunum hafi verið rennt í gegnum hárið.“

> **„Ég hlakka alltaf til að fara til útlanda á haustin til þess að ná mér í smá vítamínsprautu fyrir fagið mitt og skoða stauma og stefnur.**

## Túpering og toppar

Áhrif frá sjötta áratugnum munu skína skært í túperuðum hnakka með flötum toppi, hvort sem um er að ræða hliðarskiptingu eða miðjuskiptingu, að sögn Hugrúnar. „Tagl í hárinu verður einnig mjög heitt og hægt að útfæra það á marga vegu, svo sem hátt eða lágt, slétt eða úfið. Það er alltaf flott að fela teygjuna með því að vefja einum lokk úr taglinu yfir og festa með spennum. Fastar fléttur verða líka áberandi, eða allt frá úfnum og lausum fléttum, skreyttum fléttum með hárborða eða fléttum sem sitja hátt á höfðinu. Hárbönd og borðar verða vinsælir aukahlutir í hártískunni í vetur,“ segir Hugrún og bætir við að fyrir þá sem vilja vel formaðar línur sé gaman að prófa annaðhvort alveg stutta eða millistutta klippingu. „Og þá semí nútímalega „pageboy“ klippingu sem er flott að móta með þurru vaxi og sjávarsaltsspreyi. Núna er í tísku, og verður áfram, næstum því snoðaður kollur en þó með rétt nægri lengd til þess að ná fram smá áferð með hármótunarefnum.“

Allir litirnir í litrófinu eru í boði en sem fyrr er áhersla á að fá hreyfingu í hárið og að litablöndunin sé falleg og mjúk. „Eftir sumarfrí og sólarupplitun er hárið oft gulnað og þurrt og þá getur verið skemmtilegt að leika sér með tónera sem geta breytt litnum en samt leyft fallegri hreyfingu að koma í gegn,“ segir Hugrún.



„Ég vinn á besta og fallegasta staðnum í miðborginni með iðandi mannlíf allt í kring og hitti frábært fólk á hverjum degi. Ég er í mjög skapandi vinnu og fæ að láta fólki líða vel. Ég bið ekki um meira,“ segir Hugún. MYND/ERNIR

## Hárþvottur tvisvar í viku

En skiptir máli hvernig hársápa er notuð og hversu oft hárið er þvegið? „Já, hárumhirða skiptir alltaf máli og mikilvægt að fjárfesta í sjampói og næringu sem henta hárgerðinni og því sem þú vilt ná fram. Allir ættu að nota hárnæringu hvort sem hárið er gróft eða fínt. Hárið mun líta betur út og verða heilbrigðara fyrir vikið. Hárþvott með sjampói ætti að takmarka við tvö skipti í viku. Ef hárið er þvegið daglega, mæli ég með að draga úr því smátt og smátt því annars fitnar hársvörðurinn frekar en ella og hárið þornar. Ég myndi frekar láta duga að skola hárið vel með heitu vatni og nudda og klóra hársvörðinn vel til að koma blóðflæðinu af stað og setja loks hárnæringu í endana. Sítt hár þarf extra dekur ef það á að líta vel út og þá er sniðugt að nota djúpnæringu hálfsmánaðarlega eða jafnvel vikulega,“ segir Hugrún.



Djúp skipting til hliðar eða í miðjunni verður hámóðins í vetur.



Fléttur koma sterkar inn og aukahlutir í hárið verða vinsælir.



Í vetur verður hártískan lífandi og skemmtileg.









MEIRI HRAÐI, SKARPARI MYND OG BETRA VIÐMÓT

# APPLE TV Á 0 KR.




**með 12 mánaða áskrift** að völdum pökkum 365

Við hjá 365 leggjum metnað í að þú njótir fyrsta flokks skemmtunar á sem bestan hátt. Með **365 sjónvarp á Apple TV** færðu meiri hraða, skarpari mynd og enn betra viðmót í sjónvarpi framtíðarinnar.

Nánar á 365.is eða í síma 1817.

Nú getur þú fengið Apple TV 4 með áskrift að efni frá 365 og sparað tugi þúsunda því við bjóðum þér **Apple TV á 0 krónur með 12 mánaða áskrift** að völdum pökkum 365.

VALITOR




MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is | 365

## Bílar & Farartæki

bilfang.is
S. 567 2000



**ÓDÝR-7 MANNA !**
Ford Explorer XLT 05/2002 ek 230 þ.km , bíll í topp standi, verð aðeins 490 Þús !!!



**GOTT VERÐ !**
M-Benz ML 350 11/2007 ek 189 Leður, lúga ofl (Mjög mikið yfirfarinn, sjá nánari lysingu og myndir raðnr. 191441) Verð aðeins 2.270 þús !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT

## 500-999 þús.



**35" 120 CRUISER - TILBOÐ 1990 ÞÚS**
Toyota Land Cruiser 120 3.0 Diesel 8/2004 ek.259 þús, beinskiptur, 8 manna, 35" breyting á góðum dekkjum, sk.18, dráttarkrókur, gott viðhald, ásett verð 2490 þús TILBOÐ 1990 ÞÚS möguleiki á 100% láni s.841 8955

## 1-2 milljónir



**LÍTIÐ KEYRÐUR MOLI**
TOYOTA CAMRY 2,4 2007 ek.55 þús m. sjálfskiptur, sk.18, lýtur mjög vel út ásett verð 1490 þús TILBOÐ 1.190 ÞÚS möguleiki á 100% láni s.841 8955

## Fornbílar

Chrysler New port árg 1966 vél 383 ss þarfnast smá lagfæringar. Uppl.s. 894 3765

## Vörubílar



Man 10.220,árg. 2016 ,sjálfskiptur,ek 24.500km.,er á grind,loftpúðar að aftan,verð 6,5+ vsk.uppl.í s. 894 3765.

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Húsaviðhald

Húsasmiður getur bætt við sig verkefnum á næstu vikum. 19 ára reynsla. Þórður S. 842 5077

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmiði. S. 616 1569

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 og 663 5315

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni verkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**



SKODA
**Octavia**
Nýskráður 10/2007, ekinn 115 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 750.000**



TOYOTA
**Corolla Terra**
Nýskráður 3/2007, ekinn 134 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 790.000**



**Honda CR-V Executive**
Nýskráður 5/2007, ekinn 112 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.690.000**



HONDA
**CR-V Panorama**
Nýskráður 8/2007, ekinn 156 þús.km., bensín, 6 gírar.
**Verð kr. 1.390.000**



FORD
**Focus**
Nýskráður 7/2007, ekinn 129 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 590.000**



PEUGEOT
**3008**
Nýskráður 6/2012, ekinn 81 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.890.000**



HONDA
**Jazz**
Nýskráður 1/2004, ekinn 138 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 490.000**



HONDA
**Civic**
Nýskráður 4/2005, ekinn 166 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 690.000**



HONDA
**CR-V ES**
Nýskráður 7/2004, ekinn 176 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 690.000**

## Afgreiðslutími

Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga
milli kl. 12:00 og 16:00
**notaðir.bernhard.is**
opið allan sólarhringinn

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Hafðu samband við söluráðgjafa um fjölbreytt lánakjör og fjármögnunarleiðir.

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# Skólar & Námskeið

## Námskeið



**ICELANDIC & ENGLISH F. FOREIGNERS - ENSKA**

ÍSLENSKA f. útlendinga I, II, III. ENGLISH f. Adults/ ENSKA f. Fullorðna: I,II,III. Start/Byrja: 2/10, 30/10, 27/11 - 2018: 8/1, 5/2, 5/3. 2/4, 1/5. 4 weeks/vikur x 5 days/ daga. 2 - 5 students/nem. Morn/ Aftern/Evening. Morgna/Síðd/ Kvölds: www.iceschool.is - ff@icetrans.is - Fulloðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 / 8981175.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Sumarbústaðir



**SUMARBÚSTAÐALÓÐ TIL SÖLU**

Laugarvatni brekkuskógi, gróinn falleg leigu lóð,heita og kaldavatns inntak og fl.greitt.verð 1,9. uppl. 820-5181

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

**DEVITOS PIZZA**

Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu og pizzabakara. Dagvinna, Kvöldvinna

**Uppl. í s. 833 8434**

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí frá kl. 7-15 og annan hvern lau. 8-14. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.

**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**AUKAVINNA**

Hressan starfskraft vantar á daginn alla virka daga frá 11 - 13:00 í afgreiðslu, Pizza King í Skipholti 70. Uppl. í s: 551 7474

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## Námskeið

# Létt og skemmtileg spænskunámskeið

**Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.**

**Byrjendanámskeið:**
Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30
Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00
Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45

**Framhaldsnámskeið spænska II:**
Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30
Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00

**Framhaldsnámskeið spænska III:**
Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:30 - 15:00
Þriðjudaga og fimmtudaga 19:15 - 20:45

**Framhaldsnámskeið spænska IV:**
Mánudaga og miðvikudaga: 13:30- 15:00




**Námskeiðin hefjast 9 og 10. október**
**Verð á mann 29.000.-**

**Upplýsingar í síma 698 5033 eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com**

***Facebook: Spænskuskólinn Háblame***




# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI**

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**vélastilling**

Auðbrekku 19 - 200 Kópavogi - Sími 554 3140 - velastilling@simnet.is

**Alhliða bílaverkstæði**

**Snyrti & nuddstofan Smart**
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**viftur.is**

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

**íshúsið**

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.**

Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.

**Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is**

# Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Fasteignir

STAKFELL FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

# SELJENDUR EINBÝLISHÚSA Á SELTJARNARNESI

Fyrir traustan kaupanda óskum við eftir góðu einbýlishúsi á Seltjarnarnesi. Skoðar allt en helst hús á einni hæð. Öruggar greiðslur í boði.



Allar nánari upplýsingar gefur
**Matthildur Sunna Þorláksdóttir**
Löggiltur fasteignasali - matthildur@stakfell.is
eða í síma: 690 4966

## Atvinna

# SÖLUMAÐUR

**SÖLUMAÐUR ÓSKAST Í HÚSGAGNADEILD OKKAR Á SMÁRATORGI**

**Leitum að jákvæðum og þjónustulunduðum einstaklingi í húsgagnadeildina okkar. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi.**




**Spennandi starf þar sem miklir möguleikar eru á að vaxa í starfi.**
**Góð árangurstengd laun í boði fyrir réttan aðila.**

Áhugasamir hafið samband við
Smára 842-8065
smari.hauksson@rfl.is

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

## Tilkynningar

# *Auglýsing um tillögu að matsáætlun*

**Efnistaka við Eyri í Reyðarfirði**

**Fjarðabyggð undirbýr nú mat á umhverfisáhrifum vegna efnistöku úr sjó, utan netalagna, við Eyri í Reyðarfirði. Áætlað er að taka allt að 520.000 m3 af efni.**

Mat á umhverfisáhrifum er unnið samkvæmt lögum 106/2000 og reglugerð nr. 660/2015 en framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lið 2.01 í fyrsta viðauka laganna.

**Tillaga að matsáætlun er nú lögð fram til auglýsingar á heimasíðu Fjarðabyggðar, www.fjardabyggd.is. Í henni eru upplýsingar um:**

- Framkvæmdina og starfsemi sem henni fylgir
- Starfshætti á fyrirhuguðu efnistökusvæði
- Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrfium, þ.e. hvað verður skoðað í mati á umhverfisáhrifum
- Tilhögun, álitsumleitan og samráð við matið og gerð frummatsskýrslu

Allir geta kynnt sér tillöguna og komið með ábendingar og athugasemdir.

Ábendingar eða athugasemdir við tillöguna þurfa að vera skriflegar og berast umhverfisstjóra Fjarðabyggðar, Önnu Berg Samúelsdóttur, á netfangið anna.b.samuelsdottir@fjardabyggd.is eða bréflega á skrifstofu umhverfisstjóra hjá Fjarðabyggð Hafnargötu 2, 730 Reyðarfirði.

**Frestur til að gera athugasemdir er til og með 15. október.**




FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**

# Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKARÖÐ

# BUBBI MORTHENS



MIÐASALA HEFST Á FÖSTUDAGINN KL 10:00 Á **MIDI.IS**, **HARPA.IS** OG **MAK.IS**

365
FORSALA FYRIR ÁSKRIFENDUR 365 FRÁ KL. 10 Í DAG FIMMTUDAG

13. DES **BÆJARBÍÓ** HAFNARFIRÐI
17. DES **VALASKJÁLF** EGILSSTÖÐUM
19. DES **BÍÓHÖLLIN** AKRANES
21. DES **HOF** AKUREYRI
23. DES **HARPA** REYKJAVÍK

tryggðu þér miða!

HARPA · SÝNT Í HOFI · midi.is · BYLGJAN 989 · prime UMBOÐSSKRIFSTOFA

**80**
**ára afmæli**

**Ása Ólafsdóttir**



Ása Ólafsdóttir í Dagsbrún er 80 ára í dag. Ása tekur á móti gestum frá 17 til 19 á afmælisdaginn í samkomusal Dvalarheimilisins Höfða á Akranesi.

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og fallegar kveðjur við fráfall okkar ástkæra

**Hallgríms Jóhannessonar**
frá Ísafirði,
Lyngholti 19, Keflavík,

**Sigurbjörg Fr. Gísladóttir**
**og fjölskylda.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristján Jóhann Þórarinsson**

lést sunnudaginn 17. september á hjúkrunarheimilinu Höfða á Akranesi. Útför hans fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 2. október kl. 13.

**Hafdís Ósk Kristjánsdóttir** — **Eggert Friðriksson**
**Einar Kristjánsson** — **Anna María Ríkharðsdóttir**
**Anna María Kristjánsdóttir** — **Sigurður Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Okkar ástkæri

**Guðmundur Björnsson**
flutningabílstjóri

andaðist á Heilbrigðisstofnuninni á Hólmavík 16. september. Útförin fer fram frá Hólmavíkurkirkju 30. september kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Heilbrigðisstofnunina á Hólmavík, reikn. 1161-05-500053, kt. 481297-2739.

**Sissa**
**og fjölskylda.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Freyja Eysteinsdóttir**
Brúnagerði 7, Húsavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Húsavík síðastliðinn föstudag. Útför hennar fer fram frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 30. september kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Björgunarsveitina Garðar.

**Ingólfur Hilmar Árnason**
**Helena Eydís Ingólfsdóttir** — **Hallbjörn Eðvarð Þórsson**
**Sigmar Ingi Ingólfsson** — **Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir**
**Arnar Vilberg Ingólfsson** — **Karen Erludóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur, bróðir og mágur,

**Ívar Bragi Hjartarson**

lést á Aruba 30. júní. Jarðarförin hefur farið fram.

**Eva Bragadóttir** — **Bjarki Þór Hannesson**
**Viktor Aron Bragason** — **Martyna Zawadzka**
**Bríet Diljá Bjarkadóttir**
**Sigurbjörg Pálsdóttir**
**Eyjólfur Hjartarson**
**Viðar Hjartarson** — **Kristín Lilja Diðriksdóttir**
**Helga Hjartardóttir**
**Rúnar Hjartarson** — **Guðrún Pálsdóttir**

---

# Nýjasta Bleika slaufan afhjúpuð á morgun

**Nýja Bleika slaufan, næla sem seld er árlega í átaki Krabbameinsfélagsins, verður afhjúpuð á morgun. Hönnuður nælunnar í ár er Ása Gunnlaugsdóttir og er hún afar spennt fyrir morgundeginum enda ríkir mikil leynd yfir útliti nælunnar núna.**

Félag íslenskra gullsmiða og Krabbameinsfélagið eru nú sjötta árið í röð í samstarfi um samkeppni um hönnun Bleiku slaufunnar. Samkeppnin hefur leitt til þess að slaufan hefur verið mjög fjölbreytt í gegnum tíðina og hefur skapast hefur mikill spenningur fyrir afhjúpun hennar ár hvert.

Í ár varð Ása Gunnlaugsdóttir hjá asa iceland hlutskörpust í samkeppninni. Bleika slaufa Ásu verður afhjúpuð á morgun. Spurð út í innblásturinn segir Ása: „Í hugmyndavinnunni hugsaði ég mikið um hlýju og umhyggju. Ég var með ljóð eftir Einar Ben í huganum en þar orðar hann það svo vel hvað ást og umhyggja getur breytt lífi til hins betra. Svo vann ég áfram með hugmyndina og útkoman er eins og flest mín hönnun, einföld og stílhrein.

Í hönnunarferlinu þurfti svo að taka tillit bæði til framleiðsluaðferða og efnis og því er útlit nælunnar og silfurmensins ekki nákvæmlega eins,“ segir Ása en hún hannaði ekki bara nælu heldur einnig hálsmen sem framleitt verður í takmörkuðu upplagi.

Mikil leynd ríkir yfir slaufunni þar til hún verður afhjúpuð. „Slaufan verður afhjúpuð á morgun en fram að því get ég lítið sagt, annað en að hún uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru; að hún sé bleik að einhverju leyti og að auðvelt sé að sjá slaufu út úr forminu,“ útskýrir Ása sem er spennt fyrir morgundeginum.

„Ég kom við í Krabbameinsfélaginu í gær en þar var allt á fullu í undirbúningi fyrir átakið, það var verið að pakka slaufunni inn og senda á sölustaði. Það var pínu skrýtið að sjá „slaufuna sína“ í svona miklu magni. Það verður svo gaman að fylgjast með sölunni en ég vona auðvitað að hún seljist sem allra best, í ár rennur allt söluandvirðið til Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins.“ **gudnyhronn@365.is**



**Ása Gunnlaugsdóttir hannaði Bleiku slaufuna í ár.** MYND/ÓLAFUR RÖGNVALDSSON

---



✝

Ástkær eiginmaður og faðir,

**Sigurður Pálsson**
skáld og rithöfundur,

lést á líknardeild Landspítalans þann 19. september. Hann verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju 2. október kl. 15.00.

**Kristín Jóhannesdóttir**
**Jóhannes Páll Sigurðarson**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Unnur Þorleifsdóttir**
Vogatungu 30, Kópavogi,

lést á Landspítalanum 19. september. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 29. september klukkan 11.00.

**Ragnar Jónatansson**
**Ómar Ragnarsson** — **Nína Margrét Pálmadóttir**
**Brynjar Örn Ragnarsson** — **Brynja Magnúsdóttir**
**Hanna Rósa Ragnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Emilíu Jónsdóttur**
frá Grund, Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahjúkrunar og Dvalarheimilisins Höfða Akranesi fyrir einstaka umönnun og vinskap.

**Ragnheiður Jóhanna Pétursdóttir** — **Gunnar Einarsson**
**Vilborg Pétursdóttir** — **Hafþór Harðarson**
**Margrét Pétursdóttir** — **Hörður R. Harðarson**
**Petrea Emilía Pétursdóttir** — **Halldór Stefánsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Halldóra Jónsdóttir**
frá Hvammeyri, Tálknafirði,
Vallengi 6, Reykjavík,

lést sunnudaginn 24. september á hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Jóhanna Einarsdóttir** — **Bjarni Reynarsson**
**Einar Einarsson** — **Jónína Hallsdóttir**
**Rannveig Einarsdóttir** — **Sigurður Helgi Helgason**
**Jón Helgi Einarsson** — **Dagmey Valgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorsteinn Ólafsson**
Hrafnistu,
áður til heimilis að Bugðulæk 12, Reykjavík,

lést á Hrafnistu Reykjavík föstudaginn 15. september. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 29. september kl. 15.00.

**Sigrún Guðmundsdóttir** — **Friðrik Jónsson**
**Pétur Þorsteinsson** — **Kristín Ármannsdóttir**
**Jóna Þorsteinsdóttir** — **Sveinn Jóhannsson**
**Heiðdís Þorsteinsdóttir** — **Pálmi Egilsson**
**Þorsteinn Ólafur Þorsteinsson** — **Svana Berglind Karlsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.


THERMOBALL™
POWERED BY PRIMALOFT®
EINN JAKKI FYRIR ALLAR AÐSTÆÐUR
Léttur og lipur. Fáanlegur bæði með og án hettu.
Fáanlegur með bæði dömu- og herrasniði.
Helst hlýr þótt hann blotni, þökk sé Thermoball einangruninni.
Hin byltingarkennda Thermoball einangrun er aðeins í North Face fötum.
Thermoball einangrun sem veitir einangrun sambærilega náttúrulegum dúni.
Pakkast saman í eigin vasa. Þú trúir því ekki hversu fyrirferðarlítill hann verður fyrr en þú sérð það.
TILBOÐSVERÐ:
21.990
út miðvikudag
ALMENNT VERÐ:
27.990
THE NORTH FACE
NEVER STOP EXPLORING
NORTH FACE HEITIR EFTIR KÖLDUSTU HLIÐ FJALLS OG SEGIR ÞAÐ SITT UM GÆÐI FATNAÐARINS, SEM ER HANNAÐUR TIL AÐ VERJA ÞIG FYRIR HVERS KYNS VEÐRI.
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI / SMÁRALIND
utilif.is
ARNASYNIR

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Suðaustan 5-13 og rigning um landið norðan- og austanvert framan af degi, en annars hægari norðlæg átt og skýjað. Breytileg átt, 3-8 og þurrt um mest allt land um kvöldið. Hiti víða 8 til 12 stig.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 4° | 7° |
| ↙9 | ←5 | ←7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° | 10° | 3° |
| ↖13 | ←13 | ↙4 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 7° | 9° |
| ↖4 | ↖2 | ←3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 7° | 11° | 3° |
| ←8 | ↘4 | ↗2 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | 4 | 7 | | 1 | |
| 9 | | 5 | 1 | 2 | | | 6 | 7 |
| | | 7 | | 5 | | 2 | | |
| 2 | | 8 | | | 4 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | | 9 | | | | | | 5 |
| | 1 | | | | | 9 | 8 | |
| 4 | | | | 3 | 8 | | | |
| | 9 | | 7 | | | | | |
| | 8 | 1 | | | 2 | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 1 | | | 2 | | |
| 4 | | 6 | 8 | | | | | 9 |
| | 3 | 7 | | | | | 6 | |
| | | 8 | | | 1 | 6 | | |
| 3 | | 9 | | | 4 | | 7 | |
| 7 | 2 | | | 6 | | | | 5 |
| | 8 | | | | 2 | | | 4 |
| 9 | 7 | 4 | | | 8 | | | |
| | | | | | 9 | | 3 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | 6 | | |
| | 4 | | | | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 7 | | 9 |
| | 5 | | 3 | | | | | |
| | | | 8 | | 2 | | | |
| | | | | 6 | 1 | | | |
| | 6 | | | 2 | | 3 | 5 | 7 |
| | | 4 | | | | | | |
| 3 | 9 | | | | | | | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. skjótur
6. rómversk tala
8. erta
9. fugl
11. tveir eins
12. glas
14. galli
16. í röð
17. struns
18. fóstra
20. núna
21. gnauða

**LÓÐRÉTT**
1. samtals
3. ung
4. umtal
5. fljótfærni
7. andóf
10. mánuður
13. kvk nafn
15. kofi
16. spenna
19. til



**LÁRÉTT:** 2. snar, 6. lm, 8. ýfa, 9. lóm, 11. ss, 12. staup, 14. mínus, 16. þæ, 17. ark, 18. ala, 20. nú, 21. niða.
**LÓÐRÉTT:** 1. alls, 3. ný, 4. afspurn, 5. ras, 7. mótmæli, 10. maí, 13. una, 15. skúr, 16. þan, 19. að.

## Skák Gunnar Björnsson

Agsamov átti leik við Tringov árið 1983.
**Hvítur á leik**
**1. Ha2! Dxa2 2. Rg5 1-0.**
Bikarsyrpa TR hefst á morgun. Tilvalið fyrir unga krakka að þjálfa sig. Á morgun hefst einnig Framsýnarmót Hugins á Húsavík. Tilvalið fyrir Norðlendinga.

**www.skak.is:** Íslendingar á Mön.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 3 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 4 | 1 | 9 | 5 | 6 | 3 | 8 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 7 | 4 | 2 | 1 | 5 | 9 |
| 4 | 9 | 2 | 3 | 8 | 5 | 7 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 9 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 1 | 3 | 6 | 7 | 4 | 2 | 9 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 5 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 5 | 2 | 7 | 8 | 4 |
| 4 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 | 1 |
| 5 | 9 | 2 | 8 | 6 | 7 | 1 | 4 | 3 |
| 3 | 4 | 7 | 1 | 9 | 5 | 8 | 6 | 2 |
| 1 | 8 | 6 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 9 |
| 6 | 3 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 5 | 7 |
| 7 | 2 | 1 | 5 | 3 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 4 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 8 | 4 |
| 4 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 |
| 2 | 5 | 1 | 8 | 3 | 4 | 6 | 9 | 7 |
| 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 9 | 8 | 2 | 6 |
| 6 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 | 9 | 4 | 5 |
| 8 | 9 | 2 | 6 | 4 | 5 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 5 | 8 |
| 7 | 6 | 8 | 9 | 5 | 2 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 8 | 3 | 7 | 6 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

VIÐ ERUM AÐ TALA **UM SPORTIÐ**

Kjartan Atli, Gummi Ben, Höddi Magg og fleiri góðir fylgjast grannt með öllu sem viðkemur íþróttaheiminum á Stöð 2 Sport. Vertu með okkur í haust, það er einfaldlega skemmtilegra með Stöð 2.

MARGFALT SKEMMTILEGRI 365.is 365

# BLÁBERJA OFURTILBOÐ

Driscoll's
BLÁBER
VERÐ **199** KR.PK 125 g




OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

ENGIHJALLI • VESTURBERG • ARNARBAKKI • GLÆSIBÆR • STAÐARBERG


BMW M760i er 601 hestafls lúxuskerra sem kostar skildinginn.

# Jason Day gaf BMW M760i til góðgerðarmála

Ástralinn Jason Day fór holu í höggi á BMW Championship golfmótinu um daginn og vann með því lúxuskerruna BMW M760i, en grunnverð hennar er 156.700 dollarar. Jason Day ætlar ekki að eiga bílinn þrátt fyrir að hafa unnið fyrir honum, heldur gefa hann til góðgerðarmála og BMW ætlar reyndar að bæta við 100.000 dollurum sem einnig fara til góðgerðarmála. Svo vill til að Jason Day er á mála hjá bílaframleiðandanum Lexus og er því vart stætt á því að ferðast um á BMW bíl. Í því ljósi kemur kannski ekki svo á óvart að hann skuli gefa bílinn til góðgerðarmála. BMW M760i er engin smákerra, en undir húddi hans lúrir 601 hestafls V12 vél með 6,6 lítra sprengirými. Þessi gríðaröfluga vél hendir þessum 2,3 tonna bíl í hundraðið á litlum 3,6 sekúndum. Bíllinn er fjórhjóladrifinn og með átta gíra sjálfskiptingu. BMW hefur haft þann háttinn á að hver sá sem fer holu í höggi á BMW Championship mótunum á hverju ári fær BMW bíl í vinning. Það gerðist síðast árið 2013 þegar bandaríski kylfingurinn Hunter Mahon fór holu í höggi einmitt á sömu 17. braut sama vallar og Jason Day nú og þá fékk Mahon BMW i3 rafmagnsbíl í verðlaun.

Við erum komin í Hafnarfjörðinn
við hliðina á Bónus
gæludýr.is



Hótel – Veisluþjónustur
Gistiheimili – Mötuneyti
Fjölbreytt úrval af matvöru og veislaréttum



Ljúffengt...
... hagkvæmt og fljótlegt



Danco hefur allt til að auðvelda veitingarnar hvort sem er í veisluna, mötuneytið, kokteilboðið, skólaeldhúsið, alls staðar.
Forréttir, pizzur, smáréttir, forskornar tertur og fleira.
Eingöngu selt til fyrirtækja
Heildsöludreifing
DANCO HEILDVERSLUN
www.danco.is

# Vekja athygli á rafbílum í samgöngum

Vikuna fyrir ráðstefnuna munu tveir Bretar aka rafbílum hringinn í kringum landið til að vekja athygli á að rafbílar eru raunhæfur kostur, meira að segja til að aka hringinn.

Ráðstefnan Charge - Energy Branding verður haldin í Hörpunni í annað sinn 9. og 10. október næstkomandi. Markmið ráðstefnunnar er að skapa umræðugrundvöll fyrir orkufyrirtæki og aðila tengda orku sem hafa það að markmiði að láta orkufyrirtæki tengja betur við fólk í gegnum mörkun (e. branding). Fyrirlesarar og gestir koma frá stærstu orkufyrirtækjum í Evrópu, Eurelectric – samtökum orkufyrirtækja í Evrópu, Evrópusambandinu auk nokkurra stórra nafna frá Bandaríkjunum. Þá mun borgarstjóri Vaasa í Finnlandi ræða um uppbyggingu borgarinnar sem vörumerkis í orku og aðilar frá stórum alþjóðlegum auglýsingastofum munu flytja erindi tengd orkumálum. Eitt þema ráðstefnunnar snýr að rafbílum og sjálfbærni í samgöngum. Bílaumboðin Askja og BL eru samstarfsaðilar ráðstefnunnar.


Skúli Skúlason, Friðrik Larsen og Jón Trausti Ólafsson brosmildir við Nissan Leaf og Kia Soul EV rafbílana.

### Tveir Bretar munu aka hringinn á rafbílum

Tveir Bretar, þeir Stuart McBain og Mark Gorecki, munu keyra hringinn í kringum landið á tveimur rafbílum vikuna fyrir ráðstefnuna. Annar þeirra ekur Nissan Leaf frá BL og hinn ekur Kia Soul EV frá Öskju. Bílarnir eru óbreyttir og engar vararafhlöður verða með í för. „Með ferðinni ætla þeir að sýna fram á að það er raunhæfur kostur að skipta yfir í rafmagnsbíl og nota græna orku við samgöngur,“ segir Friðrik Larsen, stjórnarformaður ráðstefnunnar. Friðrik er eigandi Larsen Energy Branding sem heldur ráðstefnuna. „Bretarnir komu til Íslands í fyrra og sögðust þá ætla að koma á ráðstefnuna það sem eftir væri ævinnar því þeir voru svo ánægðir með hana. Þetta eru hugsjónamenn og þeir voru t.d. fyrstir til að keyra hringinn í Bretlandi á rafmagnsbíl og ætla næst að keyra eftir miðbaug. Þeir hlaða víða um landið m.a. á hótelum og veitingastöðum. Það er ekkert mál að komast hringinn á rafmagnsbíl ef maður skipuleggur sig aðeins fyrirfram. Bretarnir ætla að sýna þetta og sanna með ferð sinni.

### Mamman með og breski sendiherrann

Það er gaman að segja frá því að móðir annars þeirra fer hringinn með þeim. Hún er 81 árs að aldri og klár í slaginn. Breski sendiherrann á Íslandi, Chris Donbavand, mun sitja í með öðrum þeirra frá Varmahlíð til Akureyrar og halda þar fund. Hann er mjög opinn fyrir hugmyndafræðinni varðandi ráðstefnuna og rafbíla,“ segir Friðrik. Bretarnir leggja af stað úr Reykjavík á hádegi á laugardag. Þeir ætla að keyra hringinn á átta dögum og koma til baka daginn fyrir ráðstefnuna. „Við erum búin að bjóða rafbílaeigendum að mæta þá og keyra með þeim út úr bænum. Það væri gaman að fá rafbílalest til að fylgja þeim úr hlaði. Við hvetjum líka eigendur raf- og tvinnbíla á Íslandi til að slást í för með þeim hluta úr leið þeirra um landið og hjálpa til við að vekja athygli á því að tíminn er kominn til að ferðast um á grænni orku,“ segir Friðrik.

Annar ökumannanna, Stuart McBain, mun halda fyrirlestur á ráðstefnunni. Friðrik segir að Stuart muni ekki einungis tala um rafbíla heldur sjálfbærni í heild sinni á Íslandi í tengslum við rafvæðingu samgangna. „Það er nákvæmlega það sem við þurfum hér heima. Sér í lagi mun hann skora á „range anxiety“-mýtuna, þ.e. að þú komist ekki á leiðarenda ef þú ert á rafmagnsbíl,“ segir hann. Hægt er að fylgjast með för þeirra Stuarts og Marks á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #chargearoundiceland.

# Verður Toyota GT86 að Celica?

Þeir sem þekkja vel til sportbílasögu Toyota ættu að þekkja bílnöfnin Supra og Celica vel. Þau eiga það þó sameiginlegt að hafa horfið úr framleiðslulínu Toyota. Þau gætu samt bæði birst þar aftur innan tíðar. Nafnið Supra í formi sportbílsins sem Toyota er að þróa með BMW og Celica í formi næstu kynslóðar sportbílsins GT86 sem í boði hefur verið hjá Toyota í nokkur ár og var þróaður í samstarfi við Subaru. Það er þó ekki alveg víst að svo verði hjá Toyota í tilfelli Celica nafnsins, en einnig er möguleiki að framleiddur verði glænýr coupe-laga sportbíll sem bæri nafnið Celica og að GT86 haldi nafni sínu. Ef svo færi yrði það minnsti sportbíllinn sem Toyota byði kaupendum. Hann yrði þá, líkt og með Celica forðum, framhjóladrifinn bíll. Toyota hefur áður boðað breyttan GT86 sportbíl árið 2019 og það líklega áfram í samstarfi við Subaru. Hvort bíllinn breytir um nafn þá og fær hið fornfræga nafn Celica verður bara að koma í ljós, en víst er að Celice er enn virtara og frægara nafn en GT86 og það gæti einmitt ýtt Toyota til að skipta um nafn.


Toyota GT86 sportbíllinn gæti orðið að Celica.

> Hann yrði þá, líkt og með Celica forðum, framhjóladrifinn bíll.

markhönnun ehf

netto

netto

www.netto.is

Á NETINU



-25%

## KJÚKLINGUR
1/1 FROSINN

**584** KR/KG

ÁÐUR: ~~779 KR/KG~~

**VERÐ SPRENGJA!**

### MT HRÍSKÖKUR
SÚKKULAÐI. 150 GR.

**98** KR/STK

ÁÐUR: ~~195 KR/STK~~

### OREO KEX
66 GR.

**68** KR/STK

ÁÐUR: ~~129 KR/STK~~

### PIZZA TRADIZIONALE
SALAME. 390 GR.

**398** KR/STK

ÁÐUR: ~~699 KR/STK~~










-50%

-47%

-43%

**Tilboðin gilda 28. september - 1. október 2017 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

# Drepfyndin sagnfræði með ádeilu og söngvum

**Í sýningunni Kvenfólk sem frumsýnd verður í Samkomuhúsinu á Akureyri á morgun fara félagarnir Hjörleifur Hjartarson og Eiríkur Stephensen á hundavaði yfir kvennasöguna á tveimur tímum – með húmorinn að vopni.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





**Ágústa segir það heiður að vera hlýðniþjálfari Hunds í óskilum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Hjörleifur og Eiríkur kunna manna best að bregða nýju ljósi á söguna.** MYND/AUÐUNN NÍELSSON

Þetta er sagnfræðisöngleikur eftir dúettinn Hund í óskilum, þá Eirík Stephensen og Hjörleif Hjartarson. Drepfyndinn að sjálfsögðu því þeir eru snillingar í að lesa tíðarandann og tala beint til þjóðarsálarinnar,“ segir Ágústa Skúladóttir leikstjóri um sýninguna Kvenfólk sem Leikfélag Akureyrar frumsýnir annað kvöld í Samkomuhúsinu.

Ágústa kveðst afskaplega stolt af því að hafa verið valin til vera hlýðniþjálfari þeirra Eiríks og Hjörleifs á sviðinu. „Það er sko bara gaman,“ segir hún sannfærandi. „Það er líka dásamlegt að tveir miðaldra karlmenn hafi fundið hjá sér þörf til að koma sögu kvenna og kvennabaráttu til skila. Hún var vanrækt öldum saman og það urðu þeir félagar illilega varir við þegar þeir unnu að Sögu þjóðar sem fékk Grímuverðlaun á sínum tíma. Nú velta þeir við hverjum steini og grafa upp ýmislegt óvænt og skemmtilegt í sögu jafnréttisbaráttunnar.“

Sýningin Kvenfólk er hárbeitt ádeila að sögn Ágústu. „Þar eru slegin kjaftshögg og valdir margir mikilvægir punktar í sögunni enda kemur drifkraftur höfundanna frá þeirri sannfæringu að femínisminn sé þýðingarmesta hugmynd og félagslega hreyfing sem komið hefur fram á síðustu öldum. Þess vegna er sýningin áríðandi skilaboð til fólks í dag því eins og segir á Vísindavefnum er femínisti karl eða kona sem veit að jafnrétti kynjanna hefur ekki verið náð og vill gera eitthvað í því. Þeim kyndli þarf að halda á lofti og það gera Hjörleifur og Eiríkur með sínum einstaka frásagnarhætti í tali og tónum.“

gun@frettabladid.is

Full búð af nýjum vörum!

Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34

VERSLUN
Guðsteins Eyjólfssonar

Síðan 1918






**Hægt er að ganga kringum verkið á gólfinu og líka njóta þess ofan af svölum.** MYND/VIGFÚS BIRGISSON

# Rétta andrúmsloftið skapast í kapellunni

Kapella og kjallari St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, þar sem áður var beðist fyrir og lík voru lögð til, er nú vettvangur vídeólistar Sigurðar Guðjónssonar myndlistarmanns. Innljós nefnist sýningin hans sem samanstendur af þremur verkum, einu í kapellunni og tveimur niðri í kjallara.

„Þetta byrjaði með því að Listasafn ASÍ tók ákvörðun um að setja upp sýningar í ýmsum bæjum og Hafnarfjörður varð fyrst fyrir valinu. Við Elísabet Gunnarsdóttir, forstöðumaður safnsins, fórum í vettvangsferðir að skoða húsnæði og fannst kapellan strax hentugur staður fyrir það sem við ætluðum að gera,“ segir Sigurður og kveðst nýta aðstæðurnar á vissan hátt, til dæmis gólfið í kapellunni fyrir myndvörpun. „Áhorfandinn getur gengið kringum verkið og upplifað það eins og skúlptúr. Líka farið upp á svalir og horft yfir. Öllum verkunum fylgja hljóð sem unnin eru út frá myndefninu og hljómburðurinn er mjög góður á staðnum þannig að rétta andrúmsloftið skapast í kapellunni.“

Spurður hvað hann sé að segja með sýningunni svarar Sigurður: „Það er undir hverjum og einum komið að skynja og sjá sitt út úr verkunum en hreyfing og tímaelementið eru lykilatriði. Ég er ekki að vinna með nein ákveðin skilaboð heldur snýst sýningin um marglaga upplifun og heildarvirkni. Því er betra að hafa góðan tíma til að fara á milli verkanna og dvelja við þau.“

St. Jósefsspítali er við Suðurgötu 41 í Hafnarfirði. Sýningin Innljós er opin þar miðvikudaga til sunnudaga frá 12 til 17 fram í miðjan október og opnuð fyrir hópa utan reglulegs opnunartíma.

gun@frettabladid.is



**Sigurður hefur meðal annars sýnt í Berlín, New York, Lundúnum, Peking og Seúl.** MYND/VIGFÚS BIRGISSON

# LAMBAKJÖTS ÚTSALA

OPIÐ 10-23

**LAMBALÆRI**
998.= 1 KG.

MIKIÐ ÚRVAL
GÆÐI NR. 1

| | |
|---|---|
| NÝ LIFUR | 285.- KG |
| NÝ HJÖRTU | 385.- KG |
| NÝ NÝRU | 185.- KG |

**NÝREYKT HANGIKJÖT NIÐURSAGAÐ**
1.285.- KG

**SÚPUKJÖT**
698.= 1 KG.

**FROSINN KJÚKLINGUR**
585.= 1 KG.

**NÝ SVIÐ**
398.= 1 KG.

## SALTKJÖTS ÚTSALA

| | |
|---|---|
| SÍÐUBITAR | 385.- KG |
| HÁLSABITAR | 498.- KG |
| BLANDAÐ VALIÐ | 1.385.- KG |
| SÉRVALIÐ | 1.885.- KG |
| BLANDAÐ ÓDÝRT | 785.- KG |

**HRYGGUR** 1.785.- KG

**SVIÐALAPPIR**

NÝUPPTEKIÐ ÍSLENSKT
**GRÆNMETI**
BEINT FRÁ BÓNDA

**BESTU ÁVEXTIRNIR**

# VÍÐIR

GARÐATORGI, HRINGBRAUT
SKEIFUNNI & BORGARTÚNI

# Gallaða góðærið

**LEIKHÚS**

**Óvinur fólksins**

★★★☆☆

**Henrik Ibsen**

**Þjóðleikhúsið**

**Leikstjórn:** Una Þorleifsdóttir
**Leikgerð og þýðing:** Gréta Kristín Ómarsdóttir og Una Þorleifsdóttir
**Leikarar:** Björn Hlynur Haraldsson, Sólveig Arnarsdóttir, Lilja Nótt Þórarinsdóttir, Snæfríður Ingvarsdóttir Sigurður Sigurjónsson, Guðrún S. Gísladóttir, Snorri Engilbertsson, Lára Jóhanna Jónsdóttir, Baldur Trausti Hreinsson, Vera Stefánsdóttir, Ragnheiður Eyja Ólafsdóttir, Árni Arnarson, Júlía Guðrún Lovísa Henje
**Leikmynd og búningar:** Eva Signý Berger
**Tónlist:** Gísli Galdur Þorgeirsson
**Hljóðmynd:** Gísli Galdur Þorgeirsson og Kristinn Gauti Einarsson
**Lýsing:** Ólafur Ágúst Stefánsson



Snorri Engilberts, Björn Hlynur og Sólveig Arnars í hlutverkum sínum. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Í leikritinu Óvinur fólksins, sem frumsýnt var á Stóra sviði Þjóðleikhússins síðastliðinn föstudag, tekst Henrik Ibsen, höfuðleikskáld Noregs, á við mótsagnir samfélagsins, sannleikann, sannleiksbera og hið pólitíska gangverk. Hér takast á öfl sem Íslendingar kannast alltof vel við: að reyna að sameina hið pólitíska og persónulega þegar samfélagslegar fórnir eru nauðsynlegar. Margt er ágætt í leikgerð Unu Þorleifsdóttur, sem einnig leikstýrir, og nýliðans Grétu Kristínar Ómarsdóttur, þótt þýðingin á titlinum sé óþjál. Í heildina ná þær að halda kjarna verksins heilum, talmálinu skýru og forðast þá freistingu að undirstrika samtengingar við íslenskan samtíma of gróflega. Verkið stendur nefnilega fyrir sínu. Aftur á móti skilar umbreyting bróðurins Péturs í systurina Petru ekki miklu inn í heim verksins. Ein af ástæðum þess að Stokkmann-hlutverkin tvö virka betur sem bræður en systkin er að þannig verða þau áþreifanleg birtingarmynd hins ráðandi feðraveldis. Breytingin hefði verið áhrifameiri og eftirtektarverðari ef hlutverk Tómasar hefði verið umskrifað.

Þó er alls ekki við leik Sólveigar Arnarsdóttur, í hlutverki bæjarstjórans Petru Stokkmann, að sakast. Hann er afskaplega góður, lipur og afslappaður. Hún spígsporar um sviðið eins og ljónynja, alltaf tilbúin að bíta frá sér, verja sitt yfirráðasvæði, fullkomlega sannfærð um að þöggun sé bæjarbúum fyrir bestu. Sólveig og Björn Hlynur Haraldsson, sem leikur Tómas Stokkmann, bera sýninguna á herðum sér og sameiginlegu atriðin þeirra eru lifandi og grípandi. Björn Hlynur sýnir enn og aftur hversu fantagóður leikari hann er. Eftir því sem á líður sýninguna grípur réttlætiskenndin Tómas heljartökum og ýtir honum á ystu nöf þar sem hann er tilbúinn að fórna öllu fyrir málstaðinn; ærunni, stöðu sinni í samfélaginu og öryggi fjölskyldu sinnar.

Aðrir leikarar fá minna fyrir sinn snúð, fyrir utan Guðrúnu S. Gísladóttur í hlutverki miðjumúsarinnar Ásláksen, rödd passasömu millistéttarinnar sem aldrei vill styggja neinn og því síður fórna fjárhagslegum stöðugleika. Hlutverkið leikur hún af fínlegum húmor. Sigurður Sigurjónsson






Guðrún hreyfði við Katalónunum með sö

# Margir tónleikages

Sópraninn Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir söng með Sinfóníuhljómsveit Barcelona í Katalóníu um síðustu helgi. Lögin sem hún flutti voru Ave María eftir Sigvalda Kaldalóns, í útsetningu fyrir sópran og hljómsveit eftir Hróðmar I. Sigurbjörnsson, og Söng Sólveigar úr Pétri Gaut eftir Edvard Grieg.

„Þetta var líklega í fyrsta skipti sem Ave María Kaldalóns hefur verið flutt erlendis með sinfóníuhljómsveit,“ segir Guðrún Jóhanna. „Margir tónleikagestir



leikur Martein Kíl, táknmynd hins þögla ofurfjármagns sem hefur völd en talar aldrei um það, bara sýnir í verki. Hann gerir vel og sýnir styrk sinn í þeim fáu atriðum sem hann hefur úr að moða. Því miður eru aðrir leikarar heldur síðri og í sýningu sem á að undirstrika sundrung og stéttaskiptingu samfélagsins verður heildarleikurinn að vera betri. Snorri Engilbertsson og Lára Jóhanna Jónsdóttir eru of einstrengingsleg sem blaðamennirnir tveir, Snæfríður Ingvarsdóttir of sakleysisleg til að vera róttækur kennari og Lilja Nótt Þórarinsdóttir og Baldur Trausti Hreinsson óeftirminnileg.

Leikstjórn Unu er ágæt í smærri senum en missir marks þegar heildarmyndin er skoðuð betur. Persónur færast til og frá á sviðinu en heimurinn er ekki nægilega vel byggður, brot á fjórða veggnum óskýr og hópsenur kaótískar. Um búninga og sviðsmynd sér Eva Signý Berger. Velmegun bæjarbúa endurspeglast í búningunum en öll hersingin lítur út eins og þau hafi stokkið ljóslifandi út úr auglýsingaherferð hjá Geysi. Drapplitaði liturinn verður þó fljótt leiðigjarn. Sviðsmyndin er betur heppnuð, hún minnir á allt umlykjandi rafmagnsstaura í heimi þar sem náttúran er bara upp á punt, eins og hún þurfi ekki einu sinni að vera alvöru eða rótföst.

Lýðræðið er fjandi erfitt í framkvæmd þar sem grundvöllur þess er að allir eiga að hafa rödd, allir hafa kosningarétt, en engir eru algjörlega sammála og sumir sjá ekki lengra en inn í sitt eigið veski. Sýningin Óvinur fólksins smellpassar, þó gölluð sé, inn í þann pólitíska poll sem Íslendingar þurfa að busla í þessa dagana.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Frábær frammistaða Björns Hlyns og Sólveigar nær næstum því að lyfta sýningunni á hæsta plan.



**ng sínum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# tir felldu tár

felldu tár við að hlusta á þetta gullfallega lag, sem er eitt af vinsælustu íslensku sönglögunum."

Sinfóníuhljómsveit Barcelona þykir ein af bestu hljómsveitum Evrópu. Það var aðalhljómsveitarstjóri hennar, Kazushi Ono, sem stjórnaði henni á tónleikunum síðasta laugardag, þeir voru liður í La Mercè, árlegri haustháttíð í borginni. Reykjavík er gestaborg hátíðarinnar í ár og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri var á staðnum. **– gun**

# Síðasti viðburður sumarsins að Kvoslæk

Belgíski fiðluskólinn er yfirskrift tónleika sem Rut Ingólfsdóttir fiðluleikari og Richard Simm píanóleikari halda í Hlöðunni að Kvoslæk í Fljótshlíð á laugardaginn, 30. september, klukkan 15. Þeir eru síðasti viðburður þessa sumars þar á bæ.

Rut stundaði framhaldsnám við tónlistarháskólann í Brussel og hún og Richard ætla að leika verk eftir tónskáldin Vieuxtemps, Wieniawski og Ysaÿe sem allir kenndu við skólann – en löngu fyrir hennar tíð. „Ég man að það voru plattar á veggjum skólans og styttur af þessum mönnum," rifjar hún upp.

Eftir hlé ætlar hún að spila sónötu eftir César Franck sem var belgískur að uppruna. „César Franck-sónatan er eitthvað sem allir fiðluleikarar óska að spila," segir hún. „Það sem er svo skemmtilegt er að hann gaf tónskáldinu Ysaÿe og konunni hans þessa sónötu í brúðargjöf. Ysaÿe rétt æfði hana á brúðkaupsdaginn og spilaði sjálfur í brúðkaupinu en hinn formlegi frumflutningur var nokkrum mánuðum seinna."

Rut segir þau Richard Simm hafa spilað þetta allt áður. „En mig langaði að tengja þessi tónskáld saman núna og tel þau verk sem við völdum vera skemmtilegt prógramm að bjóða upp á." **– gun**



**Richard Simm og Rut Ingólfsdóttir hafa spilað öll verkin áður, þó ekki á sömu tónleikum.**




# BÍÓ



Colin Firth fer með hlutverk Harrys Hart, sem einnig er þekktur sem Galahad. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sjentilmenni og sýnimennska

**KVIKMYNDIR**

**Kingsman: The Golden Circle**

★★★☆☆

**Leikstjóri:** Matthew Vaughn
**Framleiðendur:** Matthew Vaughn, David Reid
**Handrit:** Matthew Vaughn, Jane Goldman
**Aðalhlutverk:** Taron Egerton, Colin Firth, Julianne Moore, Pedro Pascal

„Meira þýðir meira“ er hugarfar sem ríkir í flestum stórum framhaldsmyndum. Það er heldur ekkert auðvelt verk að útbúa framhald sem gefur áhorfendum vænan skammt af því sem þeir kunnu að meta í síðustu umferð, en þá án þess að endurgera gömlu formúluna, og bjóða upp á eitthvað nýtt og spennandi á sama tíma. Venjulega er skammturinn af öllu einfaldlega tvöfaldaður og vonast til þess að afraksturinn verði helmingi skemmtilegri.

Fyrri Kingsman-myndin kom ljómandi skemmtilega á óvart; hún var hnyttin, skörp og hressandi smekkleysa en ekki laus við sál eða ferskleika. Leikstjóranum tókst afbragðs vel að taka nýstárlegan snúning á gömlu Bond-uppskriftirnar (sérstaklega ef um er að ræða myndirnar frá Roger Moore-tímabilinu) og gekk myndin bæði upp sem skopstæling og hylling slíkra. Leikstjórinn náði í kaupbæti að framkvæma hið ómögulega, með því að sýna að Colin Firth, herra Darcy sjálfur, gæti verið eitursvöl hasarhetja með meiru.

Forverinn var ósköp áreynslulaus en töluvert meiri rembingur er í framhaldinu. Kingsman: The Golden Circle fellur strax í þá gryfju að vera ofhlaðin og virðist sem öllu hafi verið tjaldað til með því hugarfari að toppa fyrri myndina. Það tekst eitthvað brösuglega og þegar upp er staðið er óskaplega lítið sem slær út hápunkta síðustu lotu.

Auk þess er The Golden Circle alltof löng, alltof heimskuleg, sundurlaus, bjánaleg á tíðum og stöku sinnum pínlega ófyndin, en á sinn ósmekklega máta er eitthvað saklaust skemmtanagildi að finna innan um alla sýnimennskuna. Hér er það mestmegnis eðalhópi leikara að þakka og er allt útlit fyrir að helstu leikendur hafi skemmt sér konunglega, og þegar kátínan smitast svona út fyrir bíótjaldið er erfitt að taka ekki þátt. Um Kingsman: The Golden Circle má svo sannarlega segja margt, en leiðinleg er myndin svo sannarlega ekki. Taron Egerton sannar sig áfram sem hörkutraustur í aðalhlutverkinu sem ofurnjósnarinn Eggsy, sem hefur þroskast mikið frá því að hann var vandræðagemlingur úr fátækrahverfi. Nú er hann orðinn formlegur arftaki njósnarans Galahads (Firths), sem lést í fyrri kaflanum, og nú taka við nýjar áskoranir. Í upphafi sögunnar kemur í ljós að athyglissjúkur eiturlyfjabarón vill útrýma Kingsman-leyniþjónustunni eins og hún leggur sig, en það er aðeins fyrsta skrefið í áformunum um að valda usla á heimsvísu, verði ekki tekið upp á því að lögleiða eiturlyf hið snarasta.




Eftirlifandi meðlimir leyniþjónustunnar og bandarískir „frændur“ þeirra, nefndir Statesmen, verða að snúa bökum saman. Eins og þetta sé ekki allt nægur hausverkur fyrir Eggsy þarf hann líka að gæta að því að sambandið við kærustuna hrynji ekki í sundur og um leið reyna að glíma við endurlífgaðan, minnislausan læriföður sinn.

Um leið og áhorfandinn kemst yfir þá aulalegu ákvörðun handritshöfunda að endurlífga Firth – og hvernig því var háttað – fylgir manninum fjörug og hugguleg nærvera sem hefur miklu við heildina að bæta. Hanna Alström er sömuleiðis pínu heillandi sem Tilde, erfðaprinsessa Svíþjóðar sem gaf Eggsy hjarta sitt (jú, jú, segjum það) undir lok fyrstu myndarinnar og er nú orðin að kærustu hans. Þetta er krúttlegt samband sem gefur myndinni bæði meiri hlýju og eykur klisjuskammtinn óþarflega, en hvorki sambandið né hlýjan virðast smella við mynd sem er nú þegar úttroðin af bitlausum og áttavilltum söguþræði.

Það er óneitanlega galli við báðar Kingsman-myndirnar að höfundar virðast lítið vita hvað á að gera við kvenpersónurnar og þetta stigmagnast í framhaldinu. Julianne Moore er undantekning og er hrein dásemd að fylgjast með henni í hlutverki minnisstæðs skúrks. Því miður fær leikkonan samt ekki nóg að gera og sérstaklega í seinni hluta framvindunnar. En Moore leikur sér að persónu sinni af mikilli list og finnur leið til þess að gera snarbilaða skúrkinn furðulega lokkandi.

Svo er það Jeff Bridges, mótleikari Moore úr The Big Lebowski (og reyndar líka viðbjóðnum The Seventh Son), en hann lætur vel um sig fara en gerir sama og ekkert (en þó meira en aðrir gæðaleikarar á borð við Michael Gambon og Emily Watson, sem eru einungis til skrauts).

Channing Tatum dúkkar upp í uppstækkuðu gestahlutverki en er síðan settur á ís þangað til kemur að næsta framhaldi – vænti ég. Halle Berry gerir heldur ekki nóg við sinn tíma, sem er fúlt því hún er einn besti karakterinn og skondin hliðstæða við persónu Marks Strong.

Ef Firth var senuþjófur fyrri myndarinnar þá er það Strong sem eignar sér þessa og lætur hæst í honum.

Narcos-leikarinn Pedro Pascal kemur einnig ágætlega út sem Kanakúrekinn Whiskey. Aðkoma söngvarans Eltons John er síðan vægast sagt kostuleg. Brandarinn þynnist fljótt út en hversu langt er gengið með hann er eiginlega bara fullsúrt til að glotta ekki yfir. Satt að segja kemur mest á óvart að hann gegni stærra hlutverki í söguþræðinum en Tatum og Bridges.

Leikstjóranum Matthew Vaughn tekst yfirleitt vel að halda jafnvægi á milli hasars og persóna. Hann tekur hvoruga Kingsman-myndina alvarlega hvað tóninn varðar en virðist samt gera það þegar kemur að dýnamík og samböndum persóna, sem er jákvætt. Vaughn hefur hins vegar aðeins of marga bolta á lofti með The Golden Circle og er himinn og haf á milli gæða handrita myndanna og samfélagsádeilan í seinni myndinni er merkilega aum. En litríkur og hugmyndaríkur hasar ásamt sæmilega stemmdri smekkleysu sér annars um að tryggja það að glápið sé rétt svo þess virði.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Kingsman-framhaldið stendur forvera sínum nokkuð langt að baki en er ágætis afþreying ef ekki eru gerðar of miklar kröfur.





VIÐ SJÁUM UM
VIÐHALD OG VIÐGERÐIR Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM
Kælivirkni ehf
Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is




**Útsöluaðilar:**
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum
**Dreifingaraðili:** DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á **dansport.is**



www.nordanfiskur.is | 430-1700 | pantanir@nordanfiskur.is



**29. SEPTEMBER - FIMTUDAGUR**
NID KÖRFUSTÓLAR & HÍBÝLAILMAR
**40% AFSLÁTTUR**



**30. SEPTEMBER - FÖSTUDAGUR**
LYNGBY STÓLAR & SESSUR
**40% AFSLÁTTUR**

# AFMÆLISDAGAR
# VIÐ TELJUM NIÐUR
## MEÐ TILBOÐUM

**TILBOÐ GILDA EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM**



**30. SEPTEMBER - LAUGARDAGUR**
NEVADA SÓFI & KERTI
**40% AFSLÁTTUR**



**1. OKTÓBER - SUNNUDAGUR**
LUNEVILLE NÁTTBORÐ & LUKTIR
**40% AFSLÁTTUR**



**2. OKTÓBER - MÁNUDAGUR**
ZWETTLE SKÁPUR & MÁLVERK
**40% AFSLÁTTUR**



**3. OKTÓBER - ÞRIÐJUDAGUR**
ERJA STÓLAR & PÚÐAR
**40% AFSLÁTTUR**

the PIER



**4. OKTÓBER - MIÐVIKUDAGUR**
LUNEVILLE SKÁPUR,
LUNEVILLE HLIÐARBORÐ & VASAR
**40% AFSLÁTTUR**

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 522 7890

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
5%

Kingsman — SÝND KL. 8, 10
UNDIR TRÉNU — SÝND KL. 6, 8
AMERICAN MADE — SÝND KL. 10.50
SONUR STÓRFÓTAR — SÝND KL. 6

SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

Colin Firth, Julianne Moore, Taron Egerton, Channing Tatum — Kingsman The Golden Circle — EMPIRE
LEGO Ninjago Movie — USA TODAY — INDIEWIRE — Frábær mynd fyrir alla fjölskylduna. Sýnd með íslensku og ensku tali
Úr smiðju Stephen King — IT — CHICAGO SUN-TIMES — SAN FRANCISCO CHRONICLE — ROLLING STONE — 85%
Jennifer Lawrence, Javier Bardem — mother! — FRÉTTABLAÐIÐ — THE GUARDIAN — THE TELEGRAPH
Tom Cruise — American Made — TOTAL FILM — EMPIRE
Ryan Reynolds, Samuel L. Jackson — The Hitman's Bodyguard — VARIETY
Dunkirk — THE HOLLYWOOD REPORTER — 93%

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 - 6:30 |
| KINGSMAN 2 | KL. 6 - 9 |
| KINGSMAN 2 VIP | KL. 6 - 9 |
| IT | KL. 5 - 9 - 10:10 - 10:30 |
| MOTHER! | KL. 8 - 10:35 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| EVERYTHING, EVERYTHING | KL. 8 |
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 8 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:30 |
| KINGSMAN 2 | KL. 5 - 7:50 - 10:40 |
| IT | KL. 5:20 - 8 - 10:45 |
| MOTHER! | KL. 5:20 - 10:45 |
| AMERICAN MADE | KL. 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| LEGO NINJAGO ENSKT TAL | KL. 8 |
| IT | KL. 7:30 - 10:20 |
| MOTHER! | KL. 10:20 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| LEGO NINJAGO ENSKT TAL | KL. 5:40 - 8 |
| IT | KL. 8 - 10:10 |
| MOTHER! | KL. 10:20 |
| DUNKIRK | KL. 5:40 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| KINGSMAN 2 | KL. 8 - 10:05 |
| UNDIR TRÉNU | KL. 8 |

Góða skemmtun í bíó

FYRIR FLESTAR GERÐIR BÍLA...
Gabriel — Ride the independent spirit
SUPLEX
HÖGGDEYFAR
GORMAR
VANRÆKTU EKKI VIÐHALDIÐ!
STÁL OG STANSAR | SÍMI: 517-5000 | VAGNHÖFÐI 7 | STALOGSTANSAR.IS
Stál og Stansar

Reykjavík International Film Festival
KVIKMYNDAVEISLAN HEFST Í DAG
RIFF
28. SEPT.–8. OKT. 2017
SÝNINGARSTAÐIR/VENUES:
HÁSKÓLABÍÓ/NORRÆNA HÚSIÐ
KYNNTU ÞÉR DAGSKRÁNNA Á RIFF.IS

BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Good Time | 18:00, 20:00 |
| The Limehouse Golem | 17:45 |
| Hjartasteinn | 17:30 |
| The Square | 20:00, 22:00 |
| The Big Sick | 20:00, 22:45 |
| Ég Man Þig | 22:15 |

# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 28. SEPTEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Teitur Magnússon & Indriði
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Teitur Magnússon og Indriði koma fram ásamt hljómsveitum, saman og sitt í hvoru lagi, á Húrra í kvöld. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

**Hvað?** Lucy Railton: Scelsi, Cage, Lucier, Railton
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Lucy Railton kemur fram í Mengi í kvöld með magnaða efnisskrá í farteskinu sem samanstendur af tónlist eftir Alvin Lucier, John Cage, Giacinto Scelsi og Lucy Railton. Með henni kemur fram Kit Downes á harmóníum. Tónleikar hefjast klukkan 21, húsið verður opnað klukkan 20.30 og miðaverð er 2.000 krónur. Hægt er að panta miða í gegnum booking@mengi.net eða borga við innganginn.

**Hvað?** Einar Scheving Band - feat. Phil Doyle (Jazz/Funk)
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Dillon, Laugavegi

**Hvað?** Volcanova, Witchking og O'Bannion á Quest
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Quest, Laugavegi 178
Sjóðandi heit stoner/doom veisla í kvöld. Frítt verður inn og bar er á staðnum fyrir þyrsta, þetta er veisla sem enginn má láta fram hjá sér fara.

**Hvað?** Jóhanna Guðrún á Hard Rock
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
Jóhönnu Guðrúnu þarf varla að kynna fyrir landi og þjóð. Hún mun koma fram í Hard Rock Kjallaranum á fimmtudögum í vetur. Frábært tækifæri til að sjá þessa mögnuðu söngkonu á tónleikum.


Teitur Magnússon og Indriði koma fram saman og hvor í sínu lagi á Húrra þetta fimmtudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvað?** Jazzný & The Basic Trio
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gamla bíó
Jazzný & The Basic Trio er nýstofnuð hljómsveit sem er skipuð úrvals tónlistarmönnum og söngvurum sem flytja lög frá helstu meisturum ryþmískrar tónlistar. Nýjar útsetningar á gömlum perlum og einnig gamlar útsetningar á nýjum perlum.

**Hvað?** Dúndurfréttir
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hljómahöllin, Reykjanesbæ
Dúndurfréttir hafa flutt lög sveita á borð við Pink Floyd, Led Zeppelin, Deep Purple og Uriah Heep. Hljómsveitin hefur síðustu ár haldið stóra tónleika í Eldborgarsal Hörpu þar sem fluttar hafa verið í heild sinni plötur Pink Floyd, Dark Side of the Moon, Wish You Were Here og The Wall. The Wall var flutt fjórum sinnum fyrir fullu húsi með sinfóníuhljómsveit og voru tónleikarnir gefnir út á DVD. Á tónleikum haustsins mun hljómsveitin leika klassískt rokk eins og það gerist best.

### Viðburðir

**Hvað?** Leiðsögn um sýningar Rúríar og Friðgeirs Helgasonar
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri
Í dag verður boðið upp á leiðsögn í Listasafninu á Akureyri, Ketilhúsi um sýningar Rúríar, Jafnvægi – Úr Jafnvægi, og Friðgeirs Helgasonar, Stemning. Heiða Björk Vilhjálmsdóttir fræðslufulltrúi tekur á móti gestum og fræðir þá um sýningarnar og einstaka verk. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Viðkoma | Í langferð með Kríu um heimsins höf
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið Kringlunni
Ferðlög, ferðasögur og ferðadagbækur verða viðfangsefni dagskrárraðarinnar Viðkomu haustið 2017. Að venju er Viðkoma haldin fjórða fimmtudag í mánuði kl. 17.30-18.30 og til skiptis í Borgarbókasafninu Kringlunni og Sólheimum. Að þessu sinni mun Unnur Jökulsdóttir rithöfundur sýna myndir og segja frá ferðum sínum á skútunni Kríu, sem farnar voru seint á níunda áratug og í byrjun þess tíunda. Ferðalögin eru umfjöllunarefni bókanna Kjölfar Kríunnar og Kría siglir um Suðurhöf, en þær komu út árið 1989 og 1993 og voru feykilega vinsælar.

**Hvað?** Orðagull | Námskeið í söguspuna og ritlist
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið Spönginni
Námskeiðið Orðagull er nú haldið í annað sinn en að þessu sinni verður áherslan á skáldskap og spuna en þátttakendum er einnig frjálst að vinna með eigin sögu. Unnið verður með persónusköpun, samtöl og ýmsar ritæfingar og aðferðir kynntar sem hjálpa til að gera persónurnar og sögurnar sjálfar athyglisverðar og áheyrilegar. Einnig verður komið inn á leikritun og ljóðrænan texta. Námskeiðið hefst í dag og fer fram alla fimmtudaga í samtals átta skipti. Námskeiðinu lýkur á degi íslenskrar tungu, fimmtudaginn 16. nóvember 2017.

**Hvað?** Sýningaropnun, gjörningur og opnunarhóf RIFF
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Sýning Pierre Coulibeuf, Tvöföldun, verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í kvöld. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri opnar sýninguna. Við sama tækifæri verður Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, sett í Hafnarhúsinu.



FRÁBÆR BÍLL
MIKLU BETRI DÍLL
KOMNIR AFTUR Á BETRA VERÐI
TOYOTA YARIS
ÁRGERÐ 2016
AÐEINS 22 ÞÚS Á MÁNUÐI*
YARIS
KAUPAUKI AÐ VERÐMÆTI
KR.
200.000
FYLGIR ÖLLUM BÍLUM
NÝJAR ÁLFELGUR
NÝ VETRARDEKK
FILMUR Í AFTURGLUGGUM
Lítið notaðir Toyota Yaris 2016**
√ Allir bílar yfirfarnir og í ábyrgð***
√ Allt að 100% lánamöguleiki****
√ Til í ýmsum litum
√ Handfrjáls búnaður (bluetooth)
√ Góð endursala
√ Tökum bíla uppí
√ Allir bílar með USB og AUX
VERÐ KR.
1.650
ÞÚSUND
Með veglegum kaupauka
* Miðað við 20% útborgun í 84 mánuði
** Yaris 1,0 bensín ekinr á bilinu 40-55 þúsund km
*** Ábyrgð gildir frá fyrsta skráningardegi í mars 2016
****Kynntu þér lánamöguleika hjá sölumönnum okkar
Aukahlutir á mynd samlitir speglar og húnar fylgja ekki.
Meðfylgjandi álfelgur eru sambærilegar.
Komið og reynsluakið
586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík
kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15
STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!




**THE GOOD DOCTOR**
KL. 21:15
Ungur skurðlæknir sem þjáist af einhverfu er ráðinn til starfa á virtan spítala. Mun það verða honum til framdráttar eða fjötur um fót? Glænýr og dramatískur þáttur með Freddie Highmore í aðalhlutverki.

Frábært
**Fimmtudagskvöld**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

**MASTERCHEF USA**
KL. 19:45
Skemmtileg sería með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



**NCIS**
KL. 20:30
Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



**ANIMAL KINGDOM**
KL. 22:00
Ungur maður flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr og lendir þar inni í vægast sagt flókinni atburðarás.



**REAL TIME WITH BILL MAHER**
KL. 22:50
Vandaður og hressandi spjallþáttur í umsjón Bills Maher þar sem hann fer yfir heitustu málefni líðandi stundar.



BÍÓ **SICARIO**
KL. 22:00
Spennumynd um eiturlyfjastríðið á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó með Emily Blunt, Benicio Del Toro og Josh Brolin í aðalhlutverkum.



**UNDATEABLE**
KL. 19:50
Gamanþáttasería um nokkra hressa vini sem eru að leita að stóru ástinni en vantar sárlega aðstoð við leitina.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is


# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** **The Simpsons**
**07.25** **Kalli kanína og félagar**
**07.50** **Tommi og Jenni**
**08.10** **The Middle**
**08.35** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **The Doctors**
**10.15** **Mom**
**10.35** **The Mindy Project**
**11.05** **Project Runway**
**11.50** **Hell's Kitchen USA**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Hail, Caesar!**
**14.40** **Steve Jobs**
**16.40** **Impractical Jokers**
**17.00** **Bold and the Beautiful**
**17.25** **Nágrannar** Fylgjumst með lífinu í Ramsey-götu en þar þurfa íbúar að takast á við ýmis stór mál.
**17.50** **Ellen**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Ísland í dag**
**19.10** **Sportpakkinn**
**19.20** **Fréttayfirlit og veður**
**19.25** **2 Broke Girls**
**19.45** **Masterchef USA** Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.
**20.30** **NCIS**
**21.15** **The Good Doctor** Vandaður og dramatískur þáttur með Freddie Highmore í aðalhlutverki og fjallar um ungan skurðlækni sem er bæði einhverfur og með Savant heilkenni og er ráðinn á barnadeild á mikilsvirtu sjúkrahúsi.
**22.00** **Animal Kingdom**
**22.50** **Real Time With Bill Maher**
**23.55** **Loch Ness**
**00.45** **The Sinner**
**01.35** **The Mentalist**
**02.20** **Humans**
**03.10** **Humans**
**05.40** **The Middle**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** **CSKA Moskva - Manch. Und.**
**08.40** **Meistaradeildarmörkin**
**09.10** **Arsenal - WBA**
**10.50** **Sporting - Barcelona**
**12.35** **Paris St. Germain - Bayern Munchen**
**14.15** **Atletico Madrid - Chelsea**
**16.00** **Breiðablik - Grindavík**
**18.20** **Premier League Review**
**19.15** **Stjarnan - Haukar** Bein útsending frá leik Stjörnunnar og Hauka í Olís deild karla.
**21.00** **Premier League World**
**21.30** **NFL Gameday**
**22.00** **Selfoss - Valur**
**23.40** **Stjarnan - Haukar**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.30** **Girona - Barcelona**
**09.10** **Spænsku mörkin**
**09.30** **Leicester - Liverpool**
**11.20** **Messan**
**12.30** **Stjarnan - Valur**
**14.20** **Síðustu 20**
**14.45** **CSKA Moskva - Manchester United**
**16.25** **Meistaradeildarmörkin**
**16.55** **Bate Borisov - Arsenal** Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni.
**19.00** **Everton - Limassol** Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni.
**21.10** **Lazio - Zulte Waregem**
**22.50** **Maccabi Tel-Aviv - Villarreal**
**00.30** **Þór/KA - FH**

## STÖÐ 3

**17.25** **New Girl**
**17.50** **Mike & Molly**
**18.10** **The Big Bang Theory**
**18.35** **Modern Family**
**19.00** **Curb Your Enthusiasm**
**19.30** **Höfðingjar heim að sækja**
**19.50** **Undateable**
**20.15** **Angie Tribeca**
**20.40** **Luck**
**21.35** **Banshee**
**22.20** **Six Feet Under**
**23.20** **Eastbound & Down**
**23.50** **Gilmore Girls**
**00.35** **The Big Bang Theory**
**01.00** **Modern Family**
**01.25** **Curb Your Enthusiasm**
**01.55** **Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** **Áfram Diego, áfram!**
**07.24** **Svampur Sveinsson**
**07.49** **Lalli**
**07.55** **Rasmus Klumpur**
**08.00** **Strumparnir**
**08.25** **Hvellur keppnisbíll**
**08.37** **Ævintýraferðin**
**08.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**09.00** **Tindur**
**09.11** **Töfrahetjurnar**
**09.25** **K3**
**09.38** **Mæja býfluga**
**09.47** **Stóri og Litli**
**10.00** **Dóra könnuður**
**10.24** **Mörgæsirnar**
**10.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00** **Áfram Diego, áfram!**
**11.24** **Svampur Sveinsson**
**11.49** **Lalli**
**11.55** **Rasmus Klumpur**
**12.00** **Strumparnir**
**12.25** **Hvellur keppnisbíll**
**12.37** **Ævintýraferðin**
**12.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**13.00** **Tindur**
**13.11** **Töfrahetjurnar**
**13.25** **K3**
**13.38** **Mæja býfluga**
**13.47** **Stóri og Litli**
**14.00** **Dóra könnuður**
**14.24** **Mörgæsirnar**
**14.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00** **Áfram Diego, áfram!**
**15.24** **Svampur Sveinsson**
**15.49** **Lalli**
**15.55** **Rasmus Klumpur**
**16.00** **Strumparnir**
**16.25** **Hvellur keppnisbíll**
**16.37** **Ævintýraferðin**
**16.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**17.00** **Tindur**
**17.11** **Töfrahetjurnar**
**17.25** **K3**
**17.38** **Mæja býfluga**
**17.47** **Stóri og Litli**
**18.00** **Dóra könnuður**
**18.24** **Mörgæsirnar**
**18.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**19.00** **Hneturánið**



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 10.47, 14.47 og 18.47**

## GOLFSTÖÐIN

**14.00** **PGA Highlights**
**14.55** **Golfing World**
**15.45** **Presidents Cup 2015**
**18.40** **Golfing World**
**19.30** **Champions Tour Highlights**
**20.25** **2015 Presidents Cup Official Film**
**21.15** **Golfing World**
**22.05** **Champions Tour Highlights**
**23.00** **Presidents Cup 2015**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.30** **The Trials of Cate McCall**
**13.05** **My Dog Skip**
**14.40** **Notting Hil**
**16.45** **The Trials of Cate McCall**
**18.20** **My Dog Skip** Hugljúf kvikmynd fyrir alla fjölskylduna. Við kynnumst Willie Morris, ungum strák, sem elst upp í Mississippi í seinni heimsstyrjöldinni. Willie er feiminn og vill fremur lesa bækur en spila fótbolta með strákunum. En daginn sem hann eignast hund tekur lífið mjög skemmtilega stefnu.
**19.55** **Notting Hill** Rómantísk gamanmynd. William Thacker er bóksali í Notting Hill í Lundúnum en Anna Scott er bandarísk kvikmyndastjarna. Þau virðast eiga fátt sameiginlegt en þegar þau hittast fyrir tilviljun taka hlutirnir óvænta stefnu. Ástin er vissulega óútreiknanleg en getur þetta samband virkilega gengið?
**22.00** **Sicario**
**00.00** **Horns**
**02.00** **Walk of Shame**
**03.35** **Sicario**

## RÚV

**16.55** **Með okkar augum**
**17.25** **Úr gullkistu RÚV. Út og suður**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Vinabær Danna tígurs**
**18.14** **Klaufabárðarnir**
**18.22** **Sanjay og Craig**
**18.45** **Lautarferð með köku**
**18.50** **Krakkafréttir**
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.35** **Kastljós og Menningin**
**20.00** **Vatnajökull - Eldhjarta Íslands**
**20.30** **Kiljan**
**21.15** **Castle**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Sögur af hreinlífi**
**23.20** **Kastljós og Menningin**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.22** **Dr. Phil**
**09.07** **90210**
**09.48** **Royal Pains**
**10.35** **Síminn + Spotify**
**12.30** **Dr. Phil**
**13.14** **The Great Indoors**
**13.37** **Crazy Ex-Girlfriend**
**14.26** **America's Funniest Home Videos**
**14.58** **The Biggest Loser - Ísland**
**16.14** **Everybody Loves Raymond**
**16.39** **King of Queens**
**17.03** **How I Met Your Mother**
**17.26** **Dr. Phil**
**18.10** **The Tonight Show**
**18.56** **The Late Late Show**
**19.40** **Life in Pieces**
**20.05** **How Not to DIY**
**21.00** **Chicago Justice**
**21.45** **The Handmaid's Tale**
**22.30** **Sex & Drugs & Rock & Roll**
**23.00** **The Tonight Show**
**23.40** **The Late Late Show**
**00.20** **Deadwood**
**01.05** **Chicago Med**
**01.50** **How To Get Away With Murder**
**02.35** **The Catch**
**03.20** **Nurse Jackie**
**03.50** **Chicago Justice**
**04.35** **The Handmaid's Tale**
**05.20** **Sex & Drugs & Rock & Roll**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

sumac GRILL + BAR

KOKKUR ÁRSINS 2017:



# Til hamingju

# Hafsteinn okkar!

Sumac Grill + Drinks er sérstaklega stolt

af gæsilegum árangri Hafsteins Ólafssonar

sem hlaut titilinn Kokkur ársins 2017

í harðri keppni við bestu matreiðslumenn landsins

HAFIÐ FISKVERSLUN | ESJA GÆÐAFÆÐI | Bananar ehf. | MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI | Garri

Sumac Laugavegi 28 537 9900 sumac@sumac.is sumac.is

Sumac Grill + Drinks tripadvisor Sumacgrilldrinks

# Átta spennandi kvikmyndir á dagskrá RIFF

Hátíðin RIFF hefst í dag og **Andrea Eyland** og **Tatiana Ósk Hallgrímsdóttir**, sem sjá um kynningarmál fyrir hátíðina, settu af því tilefni saman lista yfir spennandi myndir.



**Það er ýmislegt sem þær Tatiana og Andrea ætla að sjá á RIFF.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### 1. Tom of Finland

„Ég er einstaklega spennt fyrir Tom of Finland, myndin er byggð á sönnum atburðum og fjallar um lífshlaup finnska listamannsins Touko Laaksonen sem hlaut alþjóðlega frægð fyrir hómóerótískar teikningar sínar. Myndin er formlegt framlag Finnlands til Óskarsverðlauna,“ segir Tatiana.

### 2. Faces Places

Andrea er spenntust fyrir Faces Places. „Klárlega sú sem ég get ekki beðið eftir að sjá. Agnés Varda, eldri kona, og JR, ungur maður, ferðast saman, taka myndir og úr verður þessi snilld.“

### 3. Borg vs. McEnroe

„Sannsöguleg mynd um tennisspilarann Björn Borg og lokamynd RIFF í ár. Hún gerist árið 1980,“ segir Tatiana, sem er hrifin af myndum sem eiga að gerast á níunda áratugnum.

### 4. Winther Brothers

„Mér finnst Hlynur Pálma töff og þessi mynd ótrúlega spennandi, ég elska allt sem er danskt,“ segir Andrea.

### 5. La Chana

„Heimildarmynd sem fagnar lífi hinnar sjálflærðu La Chana, flamenco dansara sem hlaut heimsfrægð á sjötta áratugnum og hvarf síðan skyndilega úr almannaaugsýn á hátindi ferilsins,“ segir Tatiana.

### 6. Atelier

Spennutryllirinn Atelier nær á lista Tatiönu. „Þessi er í leikstjórn Elsu Maríu Jakobsdóttur. Elsa er nýlega útskrifuð úr Danska kvikmyndaskólanum og er Atelier útskriftarmynd hennar. Ég hef séð stiklu myndarinnar og hún lofar góðu.“

### 7. Mamma ætlar að sofna

„Mynd Völu Ómarsdóttur um móður sem reynir að vernda dætur sínar en tekst ekki, ég hreinlega tengi,“ segir Andrea.

### 8. Fitzcarraldo

„Heimildarmynd frá sjálfum Werner Herzog, ég hef ekki séð þessa en er mjög spennt fyrir henni. Sagan er um mann sem er ákveður að byggja óperuhús inni í miðjum frumskóginum,“ útskýrir Tatiana.

**ÉG ER EINSTAKLEGA SPENNT FYRIR TOM OF FINLAND, MYNDIN ER BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM.**

Tatiana Ósk Hallgrímsdóttir

Blekhylki.is




Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

ALUPROF GEZE



Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hringhurðir, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

Framúrskarandi fyrirtæki

JÁRN&GLER

Járn & Gler hf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is



**Bergþór Pálsson og Albert Eiríksson búa til eigin svitalyktareyði út matarsóda.**

# Besti svitalyktareyðir í heimi úr matarsóda

Við munum skoða stórkostlegan mátt matarins,“ segir Vala Matt spurð út í hvað hún muni bjóða upp á í innslagi sínu í Íslandi í dag í kvöld. „Sjúkraþjálfarinn og bókahöfundurinn Lukka Pálsdóttir í Happi mun segja okkur í kvöld frá því hvernig við getum á mjög auðveldan hátt haldið okkur í kjörþyngd. Og svo kennir hún okkur að búa til dásamlegan súkkulaðitedrykk sem hefur ótrúlega róandi áhrif. Einnig skoðum við hvernig má nota mat á ýmsan óvenjulegan máta. Albert Eiríksson og Bergþór Pálsson sýna okkur hvernig hægt er að búa til besta svitalyktareyði í heimi með matarsóda og sjónvarpskokkurinn flotti Ebba Guðný Guðmundsdóttir sýnir okkur til dæmis hvernig við getum hvíttað tennurnar á ansi óvenjulegan en náttúrulegan hátt,“ segir Vala. – **gha**



**Matarsódi nýtist í fleira en bakstur.**

**Í KVÖLD VERÐUR MÁTTUR MATARINS SKOÐAÐUR Í ÍSLANDI Í DAG.**

## Heilsan okkar



**Edda Björk Þórðardóttir**
doktor í lýðheilsuvísindum svarar heilsuspurningum lesenda.

### Hvers vegna þurfum við að sofa?

Í gegnum tíðina héldu menn að svefn væri til þess að slökkva á heilastarfseminni. Nú vitum við að heilinn er mjög virkur í svefni og svefn er afar mikilvægur heilsu. Samt hættir okkur til að fórna svefninum fyrir eitthvað minna mikilvægt.



Svefn er áhugavert fyrirbæri. Salvador Dali var með þráhyggju fyrir sköpunarmætti svefns sem sést berlega í draumkenndum verkum hans og Richard Wagner var þekktur fyrir að nota svefn til að fá hugmyndir að óperum. Aðrir hafa keppst við að slá heimsmet í vöku. Peter Tripp sturlaðist eftir að hafa vakað í átta daga árið 1959 en betur fór fyrir Randy Garner sem árið 1967 var vakandi í ellefu daga. Á meðan keppnin stóð yfir sýndu þeir einkenni svefnskorts á háu stigi: athyglisbrest, einbeitingarleysi, minnisleysi, rugl, ofskynjanir og skapgerðarbreytingar.

**LANGVARANDI SVEFNTRUFLUN HEFUR VERIÐ TENGD FJÖLDA SJÚKDÓMA, ANDLEGRA OG LÍKAMLEGRA.**

Þessi einkenni ganga oftast til baka en langvarandi svefntruflun hefur verið tengd fjölda sjúkdóma, andlegra og líkamlegra.

Við framleiðum mest af vaxtarhormónum í djúpsvefni en þau eru ekki einungis mikilvæg börnum sem eru að vaxa heldur einnig fullorðnum því þau m.a. styrkja beinin, hjálpa til við endurnýjun líffæra og styrkja ónæmiskerfið. Dýr sem eru svipt svefni deyja á endanum úr fjöllíffærabilun. Síðan er draumsvefn mikilvægur fyrir minnið því án hans getum við ekki lært nýja hluti.

Það er því gott að hafa nætursvefninn ofarlega á forgangslistanum og njóta þess að vakna vel úthvíldur á meðan maður getur því hæfileikinn til að sofa minnkar oft eftir því sem líður á ævina.

Til viðmiðunar þurfum við fullorðna fólkið flest að sofa 7-8 tíma, unglingar 9-10 tíma og yngri skólabörn 11-12 tíma.

Sofðu vel!

**NIÐURSTAÐA:** Svefn þjónar mikilvægu hlutverki við vöxt, endurnýjun líffæra og er jafnframt nauðsynlegur til þess að við getum fest nýjan lærdóm í minni.

Lesendum er bent á að senda sérfræðingum okkar spurningar tengdar heilsu og lífsstíl á **heilsanokkar@frettabladid.is.**

# TAXFREE DAGAR




habitat

TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-FÖS 10-18
LAU 11-17 OG SUN 13-17
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS







PÖKKUNARVÉLAR - BRETTAVAFNINGSVÉLAR - BINDIVÉLAR
BAKKALOKUNARVÉLAR - FLÆÐIPÖKKUNARVÉLAR
FILMUPÖKKUNARVÉLAR - KASSALOKUNARVÉLAR
VAKÚMVÉLAR
Mikið úrval af vakúmvélum
sem henta einstaklingum
og fyrirtækjum
FÁÐU TILBOÐ

pmt
PLAST, MIÐAR & TÆKI
Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is






Cyber gefur út plötuna Horror í næsta mánuði en hún fjallar um hrylling hversdagsleikans. MYND/HREFNA BJÖRG

# Hryllingurinn í hversdagsleikanum

Hljómsveitin Cyber gefur út plötuna Horror föstudaginn 13. október. Platan fjallar um hryllinginn sem við þekkjum öll úr hversdagsleikanum. Í kvöld verður svo frumsýnt nýtt myndband við lagið Psycho.

Þetta er aðeins meiri fullorðinsplata en fyrri verk. Við unnum hana á aðeins lengri tíma og hún er aðeins lengri – þrettán lög. Upprunalega hugmyndin var að gera hryllings-konseptplötu og við lögðum upp með það. En ég veit ekki alveg hvort þetta teljist til konseptplötu, kannski svona mitt á milli. Það er allavega mikil uppbygging og endurtekning, og í rauninni frásögn, þó að það sé kannski ekki alveg línuleg frásögn,“ segir Salka Valsdóttir úr Cyber en sveitin gefur út plötu þann 13. október – föstudaginn þrettánda – sem nefnist Horror. Í kvöld frumsýna þær svo myndband við lagið Psycho, en það er jafnframt fyrsti „singúll“ plötunnar.

„Við vorum dálítið mikið að reyna að finna hryllinginn í hversdagsleikanum, í þessum hlutum sem við gerum á hverjum degi – djamminu, að vera í sambandi, að vera ekki í sambandi og aftur sambandi, ekki sambandi. Við tengjum öll við þetta en við erum að setja þetta í búning sem okkur fannst spennandi að leika okkur með. Hljóðheimarnir eru miklu meira unnir og útpældir en þeir hafa verið í fyrri verkefnum. Við pródúseruðum aðeins meira sjálfar, ég kom miklu nánar að öllum hljóðheiminum en ég hef gert áður.“

Salka er eins og hún segir með hendurnar á tökkunum á plötunni en einnig er heill hellingur af gestum: Marmari, en hann hefur verið að gera takta fyrir þær áður, Young Nazareth úr Sturlu Atlas og fleiru – en hann pródúserar Psycho, Helgi Sæmundur úr Úlfur Úlfur kemur að borðinu, tónskáldið SiGRÚN, Sólveig Matthildur úr Kælunni miklu og fleiri, en hér er einungis talið upp fólkið sem kemur að tónheiminum.

## Nokkrir gestir á Horror

- Emmsjé Gauti
- Countess Malaise
- Young Nazareth
- SiGRÚN
- Young Karin
- Karó
- Sólveig Matthildur
- Hatari

**DRAUMURINN ER AÐ FÁ CYBER-BORGARA Á AKTU TAKTU – VIÐ ERUM AÐ VONA AÐ MYNDBANDIÐ VERÐI ROSALEGA VINSÆLT OG HANN VERÐI AÐ VERULEIKA.**

Rappandi gestir eru Countess Malaise sem er einmitt gestur í Psycho, Emmsjé Gauti, Young Karin, Karó, Geimfarar, Hatari og fleiri.

„Það er svolítið stór hópur af fólki sem gerði þetta með okkur. Það er frekar erfitt að gera samheldna plötu í sándi og textum og sem flæðir fallega saman þegar maður vinnur með svona mörgum. Það er búið að vera mjög skemmtilegt að reyna það og held að það hafi tekist vel.“

Salka segir plötuna hafa verið, að mestu, í vinnslu frá áramótum, sirka níu mánuði „eins og barn“, eða síðan þær gáfu út EP plötuna Boys á miðnætti um áramótin síðustu, sem Salka segir alls ekki vera langan tíma þó henni líði eins og þetta hafi tekið heila eilífið.

Útgáfutónleikarnir verða haldnir á Húrra þennan sama föstudag og platan kemur út. Young Karin og Geisha Cartel hita upp og allir sem koma fram á plötunni munu mæta sem gestir – svo úr verður væntanlega ein heljarinnar tónlistarveisla.

### Sálfræðitími á Aktu taktu

„Þessi vídeóhugmynd kom fyrir löngu síðan; okkur langaði að búa til myndband tekið upp á Aktu taktu, en við erum eiginlega alltaf á Aktu taktu og mikið af textunum er tekið upp á rúntinum. Draumurinn er að fá Cyber-borgara á Aktu taktu. Við erum að vona að myndbandið verði rosalega vinsælt og hann verði að veruleika,“ segir Salka beðin að lýsa því hvað sé að gerast í myndbandinu og laginu sem verður frumsýnt á Prikinu í kvöld.

„Við vorum eiginlega að grafa það upp sem óþægilegast er við okkar nærveru og okkar persónur. Ég greini oft illa hvað er verið að meina í samskiptum og svara oft á óviðeigandi hátt. Jóhanna er að tala um hvað hún verður reið þegar vinkonur hennar eru að reyna við stráka sem hún hefði kannski einhvern tímann viljað reyna við, þó að hún eigi kærasta. Við förum í raun yfir hlutina sem okkur þykja óþægilegir í hvor annarri – það sem gerir okkur að „psychopaths“.“

Myndbandið verður frumsýnt á Prikinu í kvöld klukkan níu.

stefanthor@frettabladid.is

# HAUSTSPRENGJA ELLINGSEN

# 20% AFSLÁTTUR

## 21.SEPTEMBER – 3.OKTÓBER




# ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVAGÖTU 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

20.09.17 – 26.09.17



**1** **Með lífið að veði**
Yeonmi Park



**2** **Gagn og gaman**
Helgi E. / Ísak J.



**3** **Stúlkan sem gat ekki fyrigefið**
David Lagercrantz



**4** **Kanínufangarinn**
Lars Kepler



**5** **Verstu börn í heimi**
David Walliams



**6** **Independent People**
Halldór Laxness



**7** **Kalak**
Kim Leine



**8** **Umsátur**
Robert Marvin



**9** **Hringiðan**
Frode Granhus



**10** **Iceland in a Bag**
Ýmsir höfundar

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson






**Málefni þeirra sem hafa barist við fíknisjúkdóma eru Lárusi og Sævari hugleikin.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Listasmiðja fyrir þá sem hafa glímt við fíkn

**Lárus Sigurður** og **Sævar Þór** eru að vinna að því að opna listasmiðju fyrir þá sem eru í meðferð vegna áfengis- eða eiturlyfjafíknar. Smiðjan er hugsuð sem úrræði fyrir skapandi einstaklinga.

Við erum í startholunum að opna listasmiðju í Bankastræti, í húsnæðinu sem hýsti lager herrafataverslunar Sævars Karls. Eitt sinn var þetta verslun en í dag er þetta rekið sem einhvers konar listasmiðja. Við erum að festa kaup á þessu húsnæði og breyta því í athvarf fyrir listamenn sem hafa verið í ýmist áfengis- eða eiturlyfjaneyslu,“ segir lögmaðurinn Sævar Þór Jónsson sem er að koma listasmiðjunni á laggirnar ásamt eiginmanni sínum, lögmanninum Lárusi Sigurði Lárussyni.

„Hugmyndin er að horfa svolítið til yngri aldurshópa, allt frá unglingum upp í fólk í kringum þrítugt. Svo munum við finna einhverja listamenn til að leiðbeina þeim og veita innblástur.“

Sævar og Lárus stefna á að koma á samstarfi við meðferðarstofnanir og finna þannig hæfileikaríkt fólk sem hefur áhuga á að fá athvarf og stuðning til að stunda listsköpun. „Við viljum aðstoða fólk við að koma sér aftur af stað og þá er gott að hafa eitthvað fyrir stafni.“

> **EDRÚMENNSKA ER ALGJÖRT SKILYRÐI OG ÞAÐ AÐ FÓLK SÉ AÐ VINNA Í SJÁLFU SÉR.**

Lárus og Sævar hafa báðir mikinn áhuga á myndlist og hafa líka fengið innsýn í heim fíknar og vita hvaða áhrif hún getur haft. „Það eru stórmerkilegir hlutir sem þessir einstaklingar geta gert í listinni og margt af því sem ég hef fengið að kynnast er mjög áhugavert. Það eru miklir hæfileikar þarna og ef maður getur hjálpað einhverjum, þó það væri ekki nema bara einum, þá er maður að gera eitthvað gott,“ segir Sævar.

Sævar hefur í gegnum starf sitt sem lögmaður kynnst ungum einstaklingum sem hafa glímt við fíkn af einhverju tagi. „Ég hef starfað með þessu fólki og ég hef talað svolítið fyrir málstað yngra fólks sem glímir við fíkn. Og við Lárus þekkjum afleiðingarnar af þessu, við erum að ala upp son saman en móðir hans fór frá og ástæðuna má að einhverju leyti rekja til neyslu. Þetta er okkur mjög hugleikið.“

## Ekki næg úrræði til

Spurður nánar út í hverjir það eru sem eiga möguleika á að fá aðstöðu í listasmiðjunni segir Sævar: „Fólk þarf að vera virkt í meðferð eða hafa lokið meðferð og vera í eftirfylgni. Edrúmennska er algjört skilyrði og það að fólk sé að vinna í sjálfu sér.“

Sævar hefur orðið var við að ekki séu til næg úrræði fyrir þá einstaklinga sem eru að koma sér aftur af stað eftir að hafa farið í meðferð en hann er viss um að listasmiðja gæti hjálpað einhverjum við að fá útrás á réttum stað. „Það er svo mikilvægt að skapandi einstaklingar sem eru að koma úr meðferð sjái sköpun sína gleðja aðra. Það er markmiðið að fólk vinni í listasmiðjunni í einhvern tíma og svo ljúki fólk veru sinni í húsnæðinu með listsýningu. Húsnæðið býður ekki bara upp á að þar sé unnið að list, heldur líka að hún sé sýnd.“

**gudnyhronn@365.is**

# Bubbi er hrifinn af laginu B.O.B.A.

Lagið B.O.B.A með JóaPé og Króla er eitt vinsælasta lag Íslands um þessar mundir en það byggir á fleygum orðum sem tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens lét flakka í beinni útsendingu á sínum tíma, árið 2002 nánar tiltekið. Þá ætlaði Bubbi að stafa orðið „bomba“ en í miklum ákafa gleymdist einn bókstafur. „Lagið er flott,“ segir Bubbi spurður út í hvernig honum lítist á lagið B.O.B.A. og þá staðreynd að mismæli hans spili stórt hlutverk í laginu. „Þetta var í beinni box-lýsingu, ég var búin að tapa mér í æsingi og henti m-inu út um gluggann. Þannig varð bobafrasinn til. Gaman að þessu,“ segir Bubbi. Þess má geta að JóiPé og Króli eru fæddir árið 2000 og 1999 og voru því mögulega enn þá að nota snuð þegar Bubbi gerði tilraun til að stafa „bomba“ á eftirminnilegan hátt. **– gha**



**JóiPé og Króli hafa slegið í gegn.**



**Bubba þykir lag JóaPé og Króla flott.**


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

KFC

# BBQ BACON
## KJÚKLINGABORGARI



# SEIÐMAGNAÐUR BORGARI

**BBQ og stökkt, brakandi beikon**

★ IT'S FINGER LICKIN' GOOD ★

PIPAR\TBWA • SÍA • 173305

*Original Recipe*

**1.199 kr.**

Mjúk Original kjúklingabringa böðuð í unaðslegri BBQ sósu, stökkt beikon, iceberg salat og léttmajónes.



**1.899 kr.**

BBQ Bacon kjúklingaborgari, 3 Hot Wings, franskar, gos og Conga súkkulaði.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.


BAKÞANKAR




Tómasar Þórs Þórðarsonar


## Kosningar og kartöfluskortur

Maður tekur alls konar ákvarðanir í þessu lífi. Sumar eru góðar, sumar eru slæmar og sumar eru hvort tveggja. Fyrir mánuði missti ég eiginlega út úr mér við konuna að ég ætlaði ekki að borða kolvetni fram að jólum. Í einhverri þrjósku ákvað ég svo að viðhalda því og hef ég því ekki lagt mér til munns neitt sem inniheldur þann draum sem kolvetni eru.

Þetta er náttúrlega það leiðinlegasta sem ég hef gert þó svo að árangurinn sé sjáanlegur. Það er voða gaman og allt það, en hafið þið verið án kartafna??! Vitið þið hvað þetta undraverða rótargrænmeti er gott, sama í hvaða mynd það er? Þið kunnið ekki að meta þessa hógværu fegurð sem kartaflan er fyrr en þið kveðjið hana í mánuð eða svo.

Mig dreymir dansandi bakaðar kartöflur í rigningu sem er sýrður rjómi og graslaukur. Hoppandi glaðar franskar leika um huga mér á meðan ég borða enn eitt kjúklingasalatið. Beljur verða öfundsjúkar yfir öllu grasinu sem ég er búinn að borða síðasta mánuðinn.

Eins og þetta kolvetnislausa líf sé ekki nógu erfitt þá er nú búið að boða til kosninga. Frábært. Mánuður af fésbókar-statusum um að þessi flokkur sé drasl og þeir sem kjósa hann séu heimskir. Mánuður af upp til hópa glötuðum pólitíkusum að ráðast á hver annan í beinni útsendingu í staðinn fyrir að tala um málefnin og fólkið í landinu. Fólkið sem þeir eiga að þjóna.

Ég mun allavega fylgjast vel með því sem stjórnmálamennirnir segja um íslenska garðyrkjubændur og hvernig eigi að vernda það ágæta fólk. Það er nefnilega eins gott að það verði til kartöflur fyrir mig þegar jólin banka á dyrnar.








